

Alþingi 1931.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1931, laugardaginn 14. febrúar, var fertugasta og þriðja löggjafandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þritugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en fimmtugasta og áttunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Þorsteinn Briem á Akranesi steig í stólinn og lagði út af Jóh. 12, 20—21.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.

5. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
6. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
8. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
9. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
10. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
11. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
12. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
14. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
15. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
16. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
17. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
18. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
19. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
23. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
24. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
25. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
26. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
27. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
28. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
29. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
30. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
31. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
32. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
33. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Þingmannatal. — Konungsboðskapur. — Minning Klemens Jónssonar.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema Ólafur Thors, 2. þm. G.-K., sem var fjarstaddur vegna lasleika.

En ókomnir voru til þings:

1. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
2. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
3. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallsson, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar laugardaginn 14. febrúar 1931, dags. 5. jan. 1931. (Sjá Stjtið. 1931, A. bls. 1).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtið. 1931, A. bls. 2).

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett.

Stóð þá upp Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm., og mælti:

„Íslenska þjóðin lengi lifi!“

Var undir það tekið með ferföldu húrrahrópi.

Þá stóð upp Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“

og tóku þingmenn undir þau orð með niföldu húrrahrópi.

Að þessu loknu lýsti forsætisráðherra yfir því, að þar sem eigi allfáir alþingismanna væru nýlega stignir af skipsfjöl, en aðrir ókomnir til þings, hefði verið ákveðið, í samráði við aldursforseta, að fresta þingfundi til næstkomandi mánu dags, stundu eftir hádegi.

Mánudaginn 16. febrúar, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið. Voru enn ókomnir til þings þeir þrír þingmenn, sem ókomnir voru við þingsetningu. Auk þeirra var í fundarbyrjun fjarstaddur Ólafur Thors, 2. þm. G.-K., en hann kom síðar á fundinn.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmanninn, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Klemens Jónssonar.

Aldursforseti (BK): Ég vil leyfa mér að geta þess, að síðan síðasta þingi var slitið hefir einn fyrrverandi þingmaður látizt, Klemens Jónsson landritari. Klemens Jónsson var fæddur 27. ágúst 1862, en lézt 20. júlí 1930.

Hann varð stúdent frá latinuskólanum 1883 með 1. einkunn, tók lögfræðipróf við Kaupmannahafnarháskóla 4. júní 1888, og tók þá að sér aðstoðarmannstöðu við íslenzku stjórnardeildina í Höfn árin 1889—91. Settur var hann sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri 1. sept. 1891, og síðan veitt það embætti 13. apríl 1892.

2. marz 1904 var hann skipaður landritari og hélt því embætti til 4. janúar 1917, er embætti þetta var lagt niður. Atvinnumálaráðherra var hann frá 7. marz 1922 til 22. marz 1924.

Þá var hann skipaður formaður milliþinganefndar í skattamálum 1907 og formaður í milliþinganefnd í fjármálum 1911. Ennfremur var hann valinn sem fulltrúi Íslands 1918 til að semja við stjórn Bretlands um viðskiptamál og 1925 var hann valinn í orðunefndina. Í yfirskattanefnd Reykjavíkur átti hann sæti síðustu árin.

Klemens Jónsson landritari fékkst mikið við ritstörf og var sérstaklega sögufróður. Skrifaði hann fjölda ritgerða í blöð og tímarit, þar á meðal „Embættis-
mannatal á Íslandi“.

Sem höfuðrit skrifaði hann sögu Reykjavíkur, Akureyrar, og prentlistarinnar á Íslandi. Þá skrifaði hann og rit um fógetagerðir hér á landi og æfisögu Jóns Þorkelssonar. Auk þessa munu liggja eftir hann ýms rit óprentuð.

Alþingimaður var Klemens Jónsson 1893—1903, 1924—1927. Umboðsmaður ráðherra á Alþingi var hann 1909, 1913 og 1914 og forseti Nd. 1901—1903.

Af því, sem að framan er sagt, er auðsætt, að Klemens Jónsson landritari hefir verið fjölhæfur gáfumaður með ópreytandi starfsvilja, enda afkastað miklu. Og þeir, sem bezt þekktu til embættisfærslu hans, telja, að hann hafi verið röggSAMUR og skyldurækinn embættismaður.

Vil ég biðja hv. þm. að heiðra minn-

Minning Klemens Jónssonar. — Rannsókn kjörbréfa. — Drengskaparheit unnin. — Kosning forseta. ingu hins látna þingmanns með því að standa upp.

[Allir þm. stóðu upp úr sætum sínum].

Þá kvaddi aldursforseti sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pétur Ottesen, þm. Borgf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Rannsókn kjörbréfa.

Skiptust þingmenn nú í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

BSv, BSt, EÁ, EJ, HStef, HG, IngB, IP, JÓl, MG, MT, PM, SvÓ.

2. kjördeild:

ÁÁ, GunnS, HSteins, JónJ, JÞ, JónasJ, JörB, MJ, PO, SE, ÞorlJ.

3. kjördeild:

BÁ, BK, GÓ, GL, HJ, HK, HV, JóhJóh, JBald, JS, LH, PH, SÁÓ, TrÞ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf þriggja landskjörinna þingmanna, þeirra Péturs Magnússonar, 4. landsk. þm., Jónasar Jónssonar, 5. landsk. þm., og Guðrúnar Lárusdóttur, 6. landsk. þm.

Kjördeildir skiptu með sér verkum svo sem lög mæla fyrir, og hlaut því 1. kjördeild til rannsóknar kjörbréf Guðrúnar Lárusdóttur, 2. kjördeild bréf Péturs Magnússonar og 3. kjördeild bréf Jónasar Jónssonar. Var svo gert fundarhlé meðan kjördeildir lykju störfum sínum, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (SvÓ): Fyrsta kjördeild hefir haft til meðferðar kjörbréf frá Guðrúnar Lárusdóttur og leggur til, að kosning hennar verði tekin gild, enda hafa ekki komið fram neinar færur út af kosningunni.

ATKVGR.

Kosningin samþ. í e. hlj.

Frsm. 2. kjördeildar (ÁÁ): Önnur kjördeild hefir haft til meðferðar kjörbréf Péturs Magnússonar hæstaréttarmálaflutningsmanns og leggur til, að kosning hans verði tekin gild.

ATKVGR.

Kosningin samþ. í e. hlj.

Frsm. 3. kjördeildar (TrÞ): Þriðja kjördeild hefir haft til meðferðar gerðabók yfirkjörstjórnar við landskjörið í sumar, og ber hún með sér, að Jónas Jónsson hefir verið kosinn ásamt þeim Pétri Magnússyni og Guðrúnu Lárusdóttur. Leggur kjördeildin því til, að kosning hans verði tekin gild.

ATKVGR.

Kosningin samþ. í e. hlj.

Drengskaparheit unnin.

Þá undirskrifuðu þau Guðrún Lárusdóttir og Pétur Magnússon, sem ekki höfðu áður setið á þingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Kosning forseta.

Loks lét aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs þings. Kosninguna varð að tvítaka. Fór svo hið fyrra sinn, að Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., fékk 19 atkv., Jón Þorláksson, 1. landsk. þm., 15 atkv., Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm., 5 atkv., og Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., 1 atkv. Í síðara skiptið hlaut kosningu

Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., með 20 atkv. — Jón Þorláksson fékk 15 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Aldursforseti vék nú forsætið, en hinn nýkjörni forseti tók við fundarstjórninni. Síðan mælti

forseti (ÁÁ): Ég þakka þingheimi það traust, sem mér hefir verið sýnt við þessa kosningu, og býð jafnframt velkomna í vörn hóp hina nýkjörnu þm. Á síðastliðnu ári var haldin þing- og þjóðhátíð, hin mesta, sem saga vor hefir að segja. Ég vil óska þess, að geisla þeirrar hátíðar leggi fram á þær brautir, sem við eigum ófarnar. Sú hátíð hefði ekki verið haldin, ef þing og þjóð stæði ekki einhuga um hina ríkjandi stjórnskipun í aðaldráttum. Stjórnskipunarbaráttan er að baki oss, en fram undan óleyst mörg vandamál atvinnu- og viðskiptalífs, en í þeirri baráttu er það mikill styrkur, að þjóðin er einhuga að kalla um meginat-

Kosning forseta. — Kosning skrifara. — Kjörbréfanefnd. — Utanríkismálanefnd.

riði stjórnskipunarlagi. Gróður jarðar, veiði sjávar og vinna mannanna eru hin ósýnilegu öfl að baki flestra vorra viðfangsefna. Baráttan um viðurværið og völdin er hörð, en góður vilji og vitsmunir milda viðureignina. Ég er þess fullviss, að þjóð vor muni bera gæfu til að leysa deilumálin á þinglegan hátt, því að löng þingsaga, almennur kosningarréttur og þingstjórn hlýtur ýmist að varðveita eða skapa þann jöfnuð, sem einn getur tryggt þingræði og framtíð þjóðarinnar. — Að svo mæltu býð ég alla þm. velkomna og árna Alþingi allra heilla.

Lét forseti síðan fram fara kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Porleifur Jónsson, þm. A.-Sk., með 20 atkv. — Sigurður Eggerz fékk 12 atkv., Héðinn Valdimarsson 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var IngB, en á B-lista JAJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Með því að þm. N.-Ísf. (JAJ) var ókominn til þings, fal forseti þm. Borgf. (PO) að gegna skrifarastörfum, þar til hann kæmi.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust þrjú listar, A, B og C. Voru á A-lista SvÓ, MT, á B-lista MG, SE, og á C-lista HV. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru í kjörbréfanefnd án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Eggerz,
Héðinn Valdimarsson.

Utanríkismálanefnd.

Á 2. fundi í Sp., s. d., var tekin til meðferðar

Kosning utanríkismálanefndar (7 manna).

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrjú listar, A, B og C. — Á A-lista voru BSv, ÁÁ, BÁ, á B-lista SE, JÞ, ÓTh, og á C-lista HV. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að endurkosnir væru án atkvæðagreiðslu alþingismennirnir

Benedikt Sveinsson,
Sigurður Eggerz,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jón Þorláksson,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

A. Landskjörnir:

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
3. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema Erlingur Friðjónsson, þm. Ak., sem ókominn var til þings.

Fjármálaráðherra kvaddi elzta þm. deildarinnar, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til að taka forsæti og gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., með 7 atkv. — Halldór Steinsson fékk 6 atkv.

Gekk hinn nýkjörni forseti nú í forsetastól og tók við fundarstjórn.

Forseti (GÓ): Ég vil leyfa mér að þakka hv. dm. fyrir það traust, sem þeir hafa sýnt mér með þessari kosningu, og vænti ég þess jafnframt, að góð samvinna verði með mér og hv. dm. sem að undanfögnu. Ennfremur vil ég bjóða velkomna hér til setu hina nýju fulltrúa, sem ekki hafa setið hér áður. Sú er og ósk mín, að störf þessarar deildar megi verði landi og lýð til blessunar, nú sem áður.

Lét forseti því næst fara fram kosningu fyrra varaforseta. Kosningu hlaut Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm., með 7 atkv. — Guðrún Lárusdóttir fékk 5 atkv., en 1 seðill var auður.

Þá var kosinn 2. varaforseti

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., með 7 atkv. — 5 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var JónJ, en á B-lista PM. Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.

Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.

Sætaskipun.

Þessu næst skyldi hluta um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom till. um að láta sätaskipun vera eins og hún var á síðasta þingi, að breyttu breytanda. Afbrigði um þá till. og till. sjálf samþ. með 9 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EÁ, GL, IP, JóhJóh, JBald, JónJ, JónasJ, GÓ.

nei: HSteins, JÞ, PH.

PM greiddi ekki atkv.

Einn þm. (EF) fjarstaddur.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins leyfa mér að fara fram á það, að samkv. venju verði ákveðið að hafa fimm menn í fjhn.

Forseti (GÓ): Það er hálfvillandi skýrt frá þessari venju hjá hv. 1. landsk. Venja síðari þinga hefir frekar verið sú, að kjósa ekki nema þrjá menn í fjhn., en bæta fremur mönnum við síðar, ef ástæða hefir þótt til vegna sérstakra mála, er fyrir nefndina hafa verið lögð. Annars er rétt að heyra álit fleiri þm. um þetta.

Jón Þorláksson: Ég kallaði þetta venju, af því að ég vissi ekki aðrar undantekningar en þá, sem gerð var á síðasta þingi.

Forseti (GÓ): Það hafa verið fleiri undantekningar frá því að fjhn. sé skipuð fimm mönnum strax.

Halldór Steinsson: Vill ekki hæstv. forseti láta skera úr þessu með atkvgr. í deildinni.

Forseti (GÓ): Jú, ég hafði einmitt hugsað mér að láta fara fram atkvgr. um þessa till.

ATKVGR.

Till. um að skipa fjhn. fimm mönnum felld með 6 : 6 akv.

Var svo gengið til kosninga. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B. Við kosningu fjhn. voru á A-lista IP, JBald, en á B-lista JB, BK. — A-listi

hlaut 8 atkv., en B-listi hlaut 6 atkv. — Við kosningu allra annara fastanefnda voru á listunum samtals jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í hverja nefnd, og fór kosning í þær því fram án atkvgr. Urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

| | | |
|------------------|---|-------------|
| Ingvar Pálmason, | } | Af A-lista. |
| Jón Baldvinsson, | | |
| Jón Þorláksson. | | Af B-lista. |

2. Fjárveitinganefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Jón Jónsson, | } | Af A-lista, |
| Páll Hermannsson, | | |
| Erlingur Friðjónsson, | | |
| Jóhannes Jóhannesson, | } | Af B-lista. |
| Halldór Steinsson. | | |

3. Samgöngumálanefnd.

| | | |
|---------------------|---|-------------|
| Páll Hermannsson, | } | Af A-lista. |
| Jón Jónsson, | | |
| Björn Kristjánsson. | | Af B-lista. |

4. Landbúnaðarnefnd.

| | | |
|-------------------|---|-------------|
| Páll Hermannsson, | } | Af A-lista. |
| Jón Baldvinsson, | | |
| Pétur Magnússon. | | Af B-lista. |

5. Sjávarútvegsnefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Ingvar Pálmason, | } | Af A-lista. |
| Erlingur Friðjónsson, | | |
| Halldór Steinsson. | | Af B-lista. |

6. Menntamálanefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Jón Jónsson, | } | Af A-lista. |
| Erlingur Friðjónsson, | | |
| Guðrún Lárusdóttir. | | Af B-lista. |

Allsherjarnefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Ingvar Pálmason, | } | Af A-lista. |
| Erlingur Friðjónsson, | | |
| Pétur Magnússon. | | Af B-lista. |

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
6. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
9. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
10. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
11. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
12. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
15. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
16. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
17. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
18. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
19. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
21. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
23. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
25. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
26. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
27. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi nema Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., og Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., sem voru ókomnir til þings.

Elzti þm. deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., tók forsæti til að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem

skrifara þá Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Kosning forseta og skrifara.

Var því næst gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., með 13 atkv. — Héðinn Valdimarsson fékk 3 atkv., Benedikt Sveinsson 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Aldursforseti vék nú úr forsetasæti, en hinn nýkjörni forseti tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., með 14 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., með 13 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosningar á skrifurum deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, A og B. Á A-lista var BSt, en á B-lista MJ. — Lýsti forseta rétt kjörna án atkvgr.:

Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., og **Magnús Jónsson**, 1. þm. Reykv.

Sætaskipun.

Að lokum skyldi hlutað um sæti deildarmanna, annara en ráðherra, forseta og skrifara.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann láti nú þegar hluta um sæti deildarmanna, eins og lög standa til.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil mælast til, að hæstv. forseti brjóti lög í þetta sinn og leyfi deildarmönnum að halda þeim sætum, er þeir höfðu á síðasta

Sætaskipun. — Kosning fastanefnda.

þingi. (ÓTh: Það væri þá ekki einsdæmi, þótt lög væru brotin hér í deildinni).

Forseti (JörB): Samkv. þingsköpum verður þá hlutað um sæti deildarmanna.

Var síðan hlutað um sætin, en þegar því var lokið, lýsti forseti yfir, að úrslitin yrðu birt síðar.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., skýrði forseti frá, að úrslit um hlutun sæta, sem fram fór á 1. fundi, hefðu orðið á þessa leið:

5. sæti hlaut Sigurður Eggerz.
6. — — Héðinn Valdimarsson.
7. — — Hannes Jónsson.
8. — — Bjarni Ásgeirsson.
9. — — Ingólfur Bjarnarson.
10. — — Sigurjón Á. Ólafsson.
11. — — Haraldur Guðmundsson.
12. — — Einar Jónsson.
13. — — Gunnar Sigurðsson.
14. — — Jóhann Jósefsson.
15. — — Pétur Ottesen.
16. — — Ólafur Thors.
17. — — Hákon Kristófersson.
18. — — Sveinn Ólafsson.
19. — — Ásgeir Ásgeirsson.
20. — — Lárus Helgason.
21. — — Magnús Guðmundsson.
22. — — Halldór Stefánsson.
23. — — Þorleifur Jónsson.
24. — — Jón Ólafsson.
25. — — Jón Sigurðsson.
26. — — Benedikt Sveinsson.
27. — — Magnús Torfason.
28. — — Jón Auðunn Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., fór fram kosning fastanefnda skv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins að stinga upp á, að í fjárhagsnefnd verði kosnir 7 menn.

Fors.- og atvnrh. (Tryggvi Þórhalls-son): Má þetta ekki biða, þangað til nefndin hefir verið kosin? Við erum ekki undir það búnir að kjósa fleiri nefndarmenn.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst engin ástæða til þess að vikja frá þeirri venju, að um þetta komi till. frá fjhn. sjálfri.

Magnús Guðmundsson: Ég sé ekki, hvers vegna ætti að draga það; það er þegar búið að leggja fram fjölda mála, sem eiga að fara í þessa nefnd.

ATKVGR.

Afbrigði um till. 1. þm. Skagf. leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 9 : 7 atkv.

Við kosningu í allar fastanefndir nema fjvn. komu fram tveir listar, er forseti merkti A og B (við kosningu fjvn. þrír listar, A, B og C), með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í hverja nefnd. Fóru kosningar því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Fjárhagsnefnd.

| | | |
|----------------------|---|-------------|
| Halldór Stefánsson, | } | Af A-lista, |
| Ásgeir Ásgeirsson, | | |
| Héðinn Valdimarsson, | } | Af B-lista. |
| Ólafur Thors, | | |
| Sigurður Eggerz. | | |

2. Fjárveitinganefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Ingólfur Bjarnarson, | } | Af A-lista. |
| Þorleifur Jónsson, | | |
| Hannes Jónsson, | } | Af B-lista. |
| Pétur Ottesen, | | |
| Jón Sigurðsson, | | |
| Magnús Jónsson, | | |
| Haraldur Guðmundsson. | } | Af C-lista. |

3. Samgöngumálanefnd.

| | | |
|----------------------|---|-------------|
| Benedikt Sveinsson, | } | Af A-lista. |
| Gunnar Sigurðsson, | | |
| Magnús Torfason, | | |
| Hákon Kristófersson, | } | Af B-lista. |
| Jón Auðunn Jónsson. | | |

4. Landbúnaðarnefnd.

| | | |
|----------------------|---|-------------|
| Lárus Helgason, | } | Af A-lista. |
| Bernharð Stefánsson, | | |
| Bjarni Ásgeirsson, | } | Af B-lista. |
| Jón Sigurðsson, | | |
| Einar Jónsson. | | |

Kosning fastanefnda.

5. Sjávarútvegsnefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Sveinn Ólafsson, | } | Af A-lista. |
| Benedikt Sveinsson, | | |
| Sigurjón Á. Ólafsson, | | |
| Jóhann Jósefsson, | } | Af B-lista. |
| Hákon Kristófersson. | | |

| | | |
|---------------------|---|-------------|
| Jón Auðunn Jónsson, | } | Af B-lista. |
| Jón Ólafsson. | | |

7. Allsherjarnefnd.

| | | |
|-----------------------|---|-------------|
| Ásgeir Ásgeirsson, | } | Af A-lista. |
| Gunnar Sigurðsson, | | |
| Sigurjón Á. Ólafsson, | | |

| | | |
|----------------------|---|-------------|
| Magnús Torfason, | } | Af A-lista. |
| Lárus Helgason, | | |
| Héðinn Valdimarsson, | | |
| Magnús Guðmundsson, | } | Af B-lista. |
| Jón Ólafsson. | | |

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til 1. um breyt. á l. nr. 27, 27.
júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs
(stjfrv., A. 7),

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tek-
ið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ef frv. það
til tolllaga, sem lagt var fyrir þessa hv.
deild í gær, verður gert að lögum, þá er
og nauðsynlegt, að þetta frv. nái líka
samþykki þingsins.

Ég sé enga ástæðu til að ræða frv. þetta
frekar. Vil aðeins leyfa mér að óska,
að því, að umr. þessari lokinni, verði
vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.
og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tek-
ið til 2. umr. (A. 7, n. 74).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það hefir
gerzt, síðan þetta mál var hér fyrst til
umr., að tekin hefir verið afstaða til toll-
lagafrv. og festur gengisviðaukinn á
tekjustofnum þeim, sem þar ræðir um.
Og þar sem í þessu frv. felst ekki ann-
að en að lögfesta þeim mun hærri skatt
á skipum, sem gengisviðaukanum nem-
ur, þá er það hliðstætt við það, sem
þegar er búið að ákveða, og vona ég, að
þetta frv. fái að ganga áfram til 3. umr.
og sé ekki ástæðu til að hafa um það
fleiri orð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv.
tekið til 3. umr. (A. 7).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 1 atkv., að við-
höfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, BSt, BÅ, EJ, GunnS, HStef,
HJ, IngB, JAJ, JÓL, LH, MG, MT,
SE, JörB.

nei: HV,

SÁÓ, HG, HK greiddu ekki atkv.
Niu þm. (SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSv, JJós, JS,
MJ, ÓTh, PO) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var frv. út-
býtt eins og það var samþ. við 3. umr. í
Nd. (A. 7).

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Um ástæður
fyrir þessu frv. mun ég láta mér nægja
að vísa til grg. frv., og leyfi ég mér að
leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn.,
að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.
og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv.
tekið til 2. umr.

Aukatekjur rikissjóðs. — Utanfararstyrkur presta.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 7, n. 169).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar eins og það var lagt fram af stj. Breytingin, sem í því felst frá gildandi lögum, er sú, að gengisviðaukinn, sem reiknaður hefir verið af þessum hluta rikissjóðsteknanna, er lögfestur. Frv. er komið frá mþn. í tolla- og skattamálum og borðið fram af hæstv. stj. N. hefir nú athugað það, og meiri hl. hennar hefir lagt til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. er ekki samþykktur frv., en kvaðst þó ekki mundu koma með sérstakt ná.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, því að hv. þdm. mun ljóst, hvað í því felst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 2 atkv.

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 : 1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 262).

2. Utanfararstyrkur presta.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til 1. um utanfararstyrk presta (stjfrv., A. 29).

Á 7. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er, eins og hin frv., sem ég hefi flutt á þessu þingi, samið af kirkjumálanefnd. Þetta mál hefir áður verið til umr. hér í d., og sé ég því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það, fyrr en þá við 2. umr. — Ég býst helst við, að þetta frv. ætti

að fara til allshn. (**Nokkrir þm.: Menntamálanefndar**). Já, eða þá það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 78).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ber fram nýmæli, sem ættu smámsaman að geta flutt nýjan, hressandi blæ inn í lognmollu hverdagslífsins í strjálbýli voru.

Íslenzku prestarnir hafa, margir hverjir, átt þess lítinn kost að fylgjast með eða kynna til muna andlegri starfsemi nágrannaþjóðanna. Til þess hefir þá fyrst og fremst skort fé, og þar að auki hefir almenningi verið það tæplega nógu ljóst, hversu skaðleg einangrun og fásinni er fyrir starf prestsins. Hinsvegar er af prestunum heimtað allmikið, 50—60 stólræður á ári, tækifærisræður að auki, og alltaf er ætlað til þess, að presturinn flytji fólkinu eitthvað, sem vert er að gera sér mikið ómak til þess að hlusta á.

Sú var tíðin, að prestarnir voru aðalleiðtogar þjóðarinnar og prestsheimilin aðalmenningarstöðvar hennar. Þar lærðu efnilegir bændasynir undir skóla, mörg stúlkan hlaut þar og alla sína undirbúningsfræðslu í húsmóðurstöðuna, og síðast en ekki sízt voru þangað sótt öll ráð og leiðbeiningar í hverskonar vandamálum. Þó að laun prestsins væru þá lág í krónutali, voru prestssetrin alltaf beztu bújarðir sveitanna, og búskapurinn var þá ódýr, svo að nógu var af að taka, þar sem ráðdeild og hyggindi héldust í hendur.

En nú eru tímarnir breyttir. Skólar eru komnir víða um landið, mikill fjöldi ungs fólks sækir þá, í stað þess eins og áður að leita sér mennta hjá presti sínum. Og hin aukna menntun í landinu eykur kröfurnar, ekki síður þær kröfur, sem þjóðin gerir til prestanna. Svo að sá prestur, sem vill standa vel í stöðu sinni, hlýtur að afla sér áframhaldandi þekkingar á hinum margvíslegu viðfangsefnum nútímans. Til þess þarf bæði á fé að halda og tíma. En hvorttveggja er af

Utanfararstyrkur presta.

skornum skammti hjá prestum vorum allflestum.

Lítum á kjör þeirra. Með meiri eða minni námsskuldir á baki sér tekur ungi presturinn við embætti sínu, sem ekki er betur launað en svo, að ef presturinn er fjölskyldumaður og á að geta lifað sæmlegu lifi, þá hlýtur hann að eyða talsverðum tíma til annara starfa en þeirra, sem standa í beinu sambandi við prestsstöðu hans. Honum gefst því of litill tími til lestrar; þar að auki leyfir efnahagur hans litil eða engin bóka kaup. Verður honum því lítt fært að fylgjast með því, sem gerist á andlegum svæðum þjóðanna, og uppbyggja sjálfan sig, svo að hann geti verið góður og nýtur prestur. Enda er yfirleitt efnahagur prestanna þannig, að þeir eiga þess engan kost af eigin rammleik að veita sér þá andlegu hressingu, sem ferðalög til útlanda allajafnan eru. Það er engin tilviljun, að meiri hluti islenskra presta hefir aldrei komið út fyrir landsteinana.

Ég tel ólíklegt, að það verði dregið í efa, að ferðalög og dvöl erlendis verði prestum til mikils gagns, engu síður en t. d. kennurum, og dæmi þekki ég þess, að islenskur söfnuður telur utanfarir presta gagnlegar. Dómkirkjusöfnuðurinn samþykkti fyrir eitthvað 15 árum að veita prestum sínum 500 kr. styrk til utanfarar á 5 ára fresti, og ég hefi engan heyrð telja það eftir.

Prestarnir, sem farið hafa utan, eru allt of fáir, en vænt þykir þeim um förina, sem farið gátu. Ef einhver efast um það, gæti hann t. d. spurt þá presta, sem fóru utan sumarið 1929 og sátu lúterska kirkjuþingið í Kaupmh., eða þá, sem fóru á alþjóðakirkjuþingið í Stokkhólmi 1925, hvort þeir telji ekki minningarnar frá þeim ferðum til andlegra verðmæta, sem tæpast verða metin til fjár.

Allir þessir prestar fengu litilsháttar ferðastyrk og voru mjög stuttan tíma ytra. Þeir, sem fóru á lúterska kirkjuþingið, fengu ókeypis farseðla hjá Eimskipafélaginu og hinir 800 kr. hvor hjá ríkissjóði, enda þótti óhjákvæmilegt, að Ísland ætti fulltrúa á alþjóðakirkjuþinginu.

Ég hefi sjálf átt því láni að fagna að ferðast dálítið um nágrannalöndin og

vera þar á fjölmönnum safnaða- og alþjóðafundum, þar sem áhugasamir alvörumenn ræddu hin margvíslegu vandamál nútímans. Og ég veit, að auk hinna ýmsu góðu sambanda og kynningar við mæta menn, sem eitt út af fyrir sig getur haft mikla þýðingu, þá verða endurminningarnar eins og góðir förunautar, sem lyfta huganum og hvetja til dáða og starfa.

Ég held, að vér ættum því ekki að sjá eftir því fé, sem varið yrði til þess að gefa prestum vorum kost á að kynna sér starfsháttu og starfsemi annara þjóða. Af þeim er áreiðanlega margt fyrir oss að læra, bæði í menningarlegu, kirkjulegu og mannúðarlegu tilliti. Hjá oss eru öll slík störf enn í bernsku. Ég treysti því, að það verði aldrei hægt að segja með sannni, að því fé sé illa varið, — ég treysti því, að góð áhrif séu meira heldur en gulls virði.

Hvað kostnaðinn snertir, þá fæ ég ekki betur séð en að hann sé smámunir einir, í samanburði við stærri upphæðir á reikningum þjóðarbúsins, og samanborið við það gagn fyrir þjóðina, sem óneitanlega er annarsvegar, ef vel er á haldið. Í þessu sambandi vil ég minna á útvarpið og það ákvæði 2. gr. frv., að prestum sé gert að skyldu að flytja erindi í útvarpið um einhver þau efni, sem þeir hefðu kynnt sér, til þess að sem flestir landsmenn nytu góðs af.

Ég treysti því, að hv. þdm. vaxi ekki í augum þessi fjárveiting til prestanna, sem hér er í fyrsta sinn borin fram á löggjafarþingi þjóðar vorrar. Íslendingar hafa að fornu og nýju verið gjarnir til frama og til að auka sjóndeildarhring sinn og auðga andann, og hefir þó oft ekki verið um annað að gera en að skreppa til annara landa.

Efnilegum kandidötum vorum hefir öðruhverju verið séð fyrir utanfararstyrk upp á síðkastið. Er það vel farið og ber þess vott, að sú leiðin, sem hér er farin, er viðurkennd; hitt virðist einnig liggja í augum uppi, að þó að það sé gott, að ungu, óreyndu mennirnir fái tækifæri til að kynna nýjum staðháttum, þá er hitt þó ennþá betra, að þeim gefist kostur á því, sem þegar hafa tekið til starfa og fundið þá, hvar skórinn kreppir og

Utanfararstyrkur presta.

hvað þeir þurfa sérstaklega að kynna sér.

Vér höfum vafalaust öll hitt að máli menn og konur, sem dvalið hafa erlendis í því skyni að afla sér viðtækari þekkingar á einhverju vissu viðfangsefni, t. d. til þess að kynna sér skólamál eða mannúðarmál, svo sem meðferð munaðarlausra barna, gamalmenna, sjúkra, — og þeim ber víst alloftast saman um það, að svo margt hafi verið að sjá og læra, að tíminn og féð hafi vanalega hvergi nærri hrokkið til.

Alþingi berast árlega margar fjárbeiðnir í þessu skyni. Mörgum þeirra hefir verið sinnt, þótt ekki hafi verið meiri trygging fyrir því, að þær yrðu að gagni, heldur en þar sem prestar vorir eiga í hlut.

Ég býst nú við, að menn geti yfirleitt orðið sammála um þetta. Og ég er viss um, að það verður öllum kirkju- og safnaðarvinum landsins gleðiefni, ef þetta frv. verður samþ. hér á hinu háa Alþingi. Ég mun taka þátt í þeirri gleði, enda þótt ég harmi það, að styrkurinn skuli ekki vera svo riflegur, að prestarnir geti tekið konur sínar með sér. Þetta þykir nú kannske ekki koma málinu við. En þó verð ég að segja það, að þýðingarlítið er það ekki fyrir prestinn, ef kona hans er ekki einungis hans hægri hönd í búskapnum, heldur fylgist og með í prestsstarfi hans, óg sérhvað það, sem færi í þá átt, væri þá ekki einskis virði. Mér finnst, að íslenzku prestskonurnar verðskuldi það, að þeirra sé minnzt. Þær hafa unnið í kyrrþey góð störf fyrir þjóðina. Vér eigum sjálfsagt öll hlýjar minningar um einhverja góða prestskonu, sem ávallt rétti fram hjálpanði hönd, þegar með þurfti. Vel gæti ég unnað þeim þess að kynnast viðtækari verkahring en þær hafa flestar hingað til átt kost á.

Um brtt. við frv. þetta get ég verið fáorð. Þær eru smávægilegar.

Með brtt. við 1. gr. er farið fram á að veita frikirkjuprestum sama rétt til utanfararstyrks og þjóðkirkjuprestum. Það er nú liðin tíð, sem væntanlega kemur aldrei aftur, að frikirkjumenn og prestar þeirra séu hafðir útundan, já, jafnvel fyrirlitnir. Gæti ég manna bezt borið um það, en slík verður jafnan viðurkenning

þeirra manna, sem nýjar brautir ryðja eða fara ekki eftir fjöldans vegum.

Brtt. við 2. gr. er til þess að ganga sem bezt frá því, að utanferðir presta komi þeim að sem mestum notum. Gera má ráð fyrir því, að kirkjuráð verði, auk biskups, sem jafnan verður formaður þess, skipað málsmetandi mönnum, sem þekktu vel til ytra og hefðu vakandi áhuga fyrir því að koma prestunum á framfæri, þar sem vel yrði séð fyrir för þeirra í hvivetna, til þess að hún yrði bæði prestunum sjálfum og söfnuðum þeirra og þjóð til gagns og sóma.

Ég treysti því fastlega, að hv. þdm. liti sanngjörnum augum á þessa liðsbón fyrir hönd þjóna kirkjunnar og greiði fyrir því, að frv. nái fram að ganga.

Erlingur Friðjónsson: Ég vil aðeins segja örfá orð, vegna þess að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. — Ég vil þá fyrst geta þess, að þótt framsögu-ræðan væri löng hjá hv. 6. landsk., þá get ég þó ekki skrifað undir hana að öllu leyti. Ég er þó sammála hv. n. að því leyti, að ef á annað borð er farið að styrkja presta til utanfara, þá sé rétt að ákveða töluna 2—5 á ári. Ég er einnig sammála um það, að jafnt beri að styrkja frikirkjupresta sem presta þjóðkirkjunnar. Ég mun því greiða atkv. með brtt. n., enda þótt brtt. við 2. gr. sé orðuð öðruvísi en ég vildi. En um frv. í heild sinni er það að segja, að ég mun ráða það við mig síðar, hvort ég greiði því atkv. út úr d. eða ekki.

Halldór Steinsson: Það er fjarri því, að ég vilji leggjast á móti frv. þessu eða ætli að greiða atkv. gegn því. En ég get þó ekki stillt mig um að minnast á það mikla ósamræmi, sem er á milli þess styrks, sem prestum er ætlaður með frv. þessu, og utanfararstyrks annara embættismanna. Sá styrkur, sem læknum er ætlaður í fjárl., eru einar 3000 kr. árlega og honum skipt milli tveggja lækna, eða kr. 1500 til hvors. Nú sjá allir, að frv. þetta gengur miklu lengra. Eftir því eiga 5 prestar árlega að fá 2000 kr. hver, eða 10 þús. kr. alls. (JónJ: 2—5 prestar árlega). Ég tel brtt n. þýðingarlausu. Það sækir allt í sama horf, þótt þetta sé ekki

Utanfararstyrkur presta.

ákveðið nánar. Reynslan verður sú, bæði eftir frv. og brtt. n., að það verða alltaf 5 prestar, sem styrkinn fá ár hvert, hvorki fleiri eða færri. Réttast væri því að tiltaka eina ákveðna tölu.

Ef utanfararstyrkur til presta ætti að vera í samræmi við það, sem lækarnir fá, þá ætti upphæðin að vera 4500 kr. og skiptast milli þriggja presta árlega. Ég vona, að allir hv. þm. viðurkenni, að ekki muni vera minni þörf á, að lækarnir kynni sér framfarir og nýngar í lækisfræðinni heldur en prestarnir nýngar guðfræðinnar. Mér finnst því kenna nokkuð mikils ósamræmis og misréttis í þessum till., borið saman við þann styrk til utanfara, sem áður hefir verið veittur.

Jón Jónsson: Ég vil út af ræðu hv. þm. Snæf. segja fáein orð, fyrst hv. frsm. n. gerir það ekki. Ég sé ekkert ósamræmi í því, þótt prestum séu ætlaðar 2000 kr. til utanfara, en læknar hafi fengið 1500 kr. Prestar hafa svo miklu verri aðstöðu í þjóðfélaginu en læknar, sem margir hverjir eru með tekjuhæstu mönnum. Er því réttmætt, að prestarnir fái nokkuð hærri styrk, er þeir fara utan.

Hv. þm. taldi 1. brtt. n. þýðingarlausu, en það get ég ekki fallizt á. Ef hún er samþ., þá er það fastbundið, að minnst 2 prestar, en mest 5 fari utan árlega. Í frv. er þetta óákveðnara. En ef brtt. verður samþ., þá hafa þó prestarnir alltaf tryggingu fyrir því, að 2 fái utanfararstyrk árlega.

Halldór Steinsson: Ég get ekki fallizt á rök hv. 3. landsk. Hv. þm. sagði, að lækarnir væru betur launaðir en prestar. Það er rétt. En á utanfararskilyrðum lækna og presta er líka sá mikli munur, að í frv. er prestum ætluð þjónusta safnaða þeirra, þeim að kostnaðarlausu. En þegar læknar fara utan, verða þeir að kosta dýra menn sjálfir til að gegna starfi sínu á meðan. Auk þess vil ég ekki kannast við, að læknar séu hæst launaðir allra embættismanna. Það er síður en svo. Mun þeim flestum ekki veita af sínum launum. Þá get ég heldur ekki kannast við, að það sé til neinna bóta að setja 2—5 inn í staðinn fyrir allt að 5. Það kemur ekki til mála, að nokkur

stjórn skilji „allt að 5“ svo, að hún sé ekki skyldug til að veita neinum utanfararstyrk.

Jón Þorláksson: Ég vil einungis leiða athygli hv. n. að því, að mér skilst, að 5. gr. frv. geri allmikinn rugling á því, hvað margir fái utanfararstyrk, hvort sem það er miðað við 1. gr. frv. eða brtt. n. við 1. gr. Ég skil bæði frvgr. og brtt. svo, að ekki sé bundið við að veita 5 prestum utanfararstyrk árlega. Og ef brtt. verður samþ., þá er því slegið föstu, að ekki þurfi að veita nema 2 prestum utanfararstyrk árlega. Ef nú t. d. 3 prestar sækja eitt ár, og þeim er öllum veittur styrkur, þá má samkv. 5. gr. frv. veita 7 prestum næsta ár. En sæki nú 5 eða fleiri eitt ár og ekki er veitt nema 2 eða 3, þá er ekki gert ráð fyrir, að veita megi fleirum fyrir þá sök næsta ár. Það sýndist þó ekki minni ástæða til að nota ákvæði 5. gr. undir þeim kringumstæðum. Þetta er ósamræmi, sem þarf að laga. Vil ég skjóta því til hv. n., að hún athugi þetta til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 78,1 samþ. með 7 : 1 akv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JP, EÁ, EF, GL, HSteins, JónJón,
JónJ, GÓ.

nei: PM.

JBald greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (BK, IP, JónasJ, PH) fjarstaddir.

Brtt. 78,2 samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EF, GL, HSteins, JónJón, JónJ,
JP, GÓ.

nei: JBald, PM.

Fjórir þm. (BK, IP, JónasJ, PH) fjarstaddir.

Brtt. 78,3 samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

5. gr. felld með 7 : 3 atkv.

6.—7. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 7 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Utanfararstyrkur presta.

já: EF, GL, HSteins, JónJóh, JónJ, JP, GÓ.

nei: EÁ, JBald, PM.

Fjórir þm. (BK, IP, JónasJ, PH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekid til 3. umr. (A. 98, 106).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 106. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Það var auðséð á atkvgr. við 2. umr. um þetta frv. hér í d. um daginn, að einhver tregða var í hv. þm. með að afgreiða frv. áfram. Þetta var nú raunar mjög skiljanlegt. Ákvæði þessa frv. eru einmitt á þá leið, að telja verður hér um bil vist, að þau dragi stóran dilk á eftir sér fyrir rikissjóðinn, með auknum útgjöldum. Hér er ekki eingöngu um að ræða hin beinu útgjöld, sem leiða kann af frv., ef það verður að lögum. heldur miklu meira. Það virðist full ástæða til, að aðrir embættismenn vilji einmitt fara í kjölfar prestanna og vilji fá lögákveðinn styrk fyrir fleiri stéttir embættismanna en prestastéttina.

Hv. þm. Snæf. benti á það við 2. umr., að ekki mundi minni ástæða fyrir lækna heldur en presta að fá sett lög um utanfararstyrki sér til handa, og því verður ekki neitað, að þar eru talsvert rik rök að baki, því að það er vitanlegt, að læknum, og ekki síður þjóðinni, er þess full þörf, að þeir nái að fylgjast með framförum á sviði læknislistarinnar, eigi síður en prestum í sinni fræðigreini.

Ég hefi verið hikandi með að ljá frv. þessu fylgi í því formi, sem það nú er, þó að ég sé því í aðalatriðum meðmæltur. Hefi ég því ráðið í að koma fram með nokkrar brtt. við frv. í því augnamiði að gera það aðgengilegra með því að draga nokkuð úr styrkveitingum. Eru brtt. mínar á þessa leið:

Við 1. gr. vil ég gera þá breyt., að árlega sé tekin inn í fjárlög sú upphæð, er hæsta má veita í allt á því ári í utanfararstyrki presta. Það ætti að vera föst regla, að öll útgjöld rikisins veru ákveðin í fjárlögum. Með því hefði þingið

Alpt. 1931. B. (43. lögjafarþing).

meira vald á fjármálunum. Þegar mörg lög eru samþ., er bakað geta rikissj. útgjöld, sem hvergi standa í fjárlögum, en eru þó fyllilega lögmæt, er engu hægt um að þoka, hvernig sem stendur á fyrir rikissjóði, ef stj. á ekki að komast í andstöðu við sett lög, og eftir á hefir þingið ekkert vald til að blanda sér inn í það, hve mikið fé er veitt. Samkv. frv. eins og það liggur fyrir gæti stj. veitt prestum á hverju ári samtals 10 þús. kr. utanfararstyrki, og þannig mun það alltaf verða, ef frv. yrði samþykkt óbreytt. Brtt. mínar eru í 5 liðum, og legg ég mesta áherzlu á breyt. við 1. gr., sem ég hefi nú þegar talað um og er í fám orðum sú, að árlega verði ákveðið í fjárlögum, hver upphæð skuli veitt til utanfarar presta, sem þá yrði ákveðin eftir ástæðum í hvert sinn.

Brtt. við 2. gr. er í samræmi við þá fyrstu og er á þá leið, að í stað 4 mánaða komi „eigi skemur en 2 mánuðir“. Vegna þess að styrkur getur orðið takmarkaður við lægri krónutölu en ákveðið er í frv., virðist eðlilegt, að linað sé á kröfunni um tímalengdina.

Brtt. við 3. gr. er á þá leið, að binda ekki styrkveitingu til hvers einstaklings við 2 þús. kr., heldur allt að þeirri upphæð. Mundu jafnvel 1500 kr. sem styrkur vera mikill stuðningur fyrir þann, sem sigldi, sérstaklega ef ekki væri um nema 2 mán. dvalartíma að ræða. Ég ætla og, að það sé ekki venja að veita hærri styrk en 1500 kr. til slíkra utanfara sem þessara. Og ég hygg, að sá prestur, sem fengi það háan styrk, mundi þá ekki sjá í að leggja eitthvað fram sjálfur, ef honum væri það áhugamál að sigla.

Við 4. gr. vil ég gera þá brtt., að fella niður 2. málsg. hennar, af þeirri ástæðu, að það ákvæði bakar rikissjóði aukin útgjöld. Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að ef nágrannaprestur geti ekki þjónað kalli þess prests, er færi utan, þá skuli kirkjustj. sjá um og kosta prest til að þjóna brauðinu á meðan. En ég tel, að kirkjustj. ætti ætíð að geta komið því svo fyrir, að nágrannaprestar þjónuðu kallinu. (JónJ: Hvernig yrði það í Grimsey?). Ég geri ráð fyrir, að presturinn í Grimssey mundi fara utan að sumarlagi. En væri hann aftur á móti svo „flott“ að

Utanfararstyrkur presta.

fara utan að vetrarlagi og dvelja yfir veturinn á heitari stöðum, t. d. suður í Monaco eða Ítalíu, kristilegri kirkju til uppbyggingar, þá hefði hann sennilega ráð á því að kosta þjónustu embættisins á meðan. En þetta var nú útdúrdúr, sem hv. 3. landsk. gaf tilefni til. — Ég álit, að það sé ástæða til að fella þetta ákvæði niður úr 4. gr. Þetta styðja og þau ummæli hv. þm. Snæf., að lækna, er styrk fá til utanfarar, njóti ekki þessara hlunninda, heldur verði þeir að greiða þeim, er starfar fyrir þá, meðan þeir eru í utanför.

Þá kem ég að síðasta atriðinu, brtt. við 5. gr. Ég álit, að það sé ekki heppilegt að yfirfæra til næsta árs þá umsækjendur frá fyrra ári, sem ekki fengu þá styrk. Sennilegt er, ef frv. þetta verður að lögum, að flestir prestar sækja um styrk. Mun stj. þá áreiðanlega komast í nógu mikinn vanda við að velja úr umsækjendum, þó að ekki séu bundnar hendur hennar með því að flytja umsækjendur til frá ári til árs. Till. mín er þá sú, að fella gr. þessa niður úr frv., þar sem hún virðist aðeins mundu verða til þess að auka stj. vanda.

Er þá lokið minum brtt. Vænti ég þess, að deildin fallist á þær að athuguðu máli. Og ég hugsa einmitt, að prestunum væru þær kærkomnar, ef þeir vissu, hver forlög frv. annars munu búin. Því að jafnvel þó að það kynni nú að hafast í gegn óbreytt hér í deildinni, þá má ganga út frá því vísu, að því yrði slátrað í Nd.

Læt ég þá útrætt um frv. að þessu sinni. Ég get gjarnan bætt því við sem almennum umr. um þetta mál, að ég tel, að stj. hefði átt að hafa frv. nokkru viðtækara en það er, með því að einskorða það ekki við eina stétt embættismanna, heldur láta það ná til fleiri, t. d. lækna, sem að vísu er nú ætlaður nokkur styrkur í fjárlögum til utanfara, og fleiri manna, er þyrftu að kynnast menningu stórþjóðanna í sínum sérfræðigreinum, svo sem sýslumanna, póstmanna, sem sannarlega veitir ekki af að fylgjast með, og símamanna, er nauðsynlega þyrftu að fylgjast sem bezt með hinum hraðfara teknisku framförum á því sviði, — og svona mætti lengi telja. Við Íslendingar erum enn tiltölulega afskekkt þjóð og

einangruð, þrátt fyrir bætta samgöngur við útlönd, simasambönd, útvarp og fleira þessháttar. En úr því gætum við mikið bætt með því að senda kunnáttumenn þjóðarinnar utan, til þess að kynna sér nýjungar, er þjóðinni mættu að gagni koma. Eðlilegra hefði verið, að stj. hefði fært frv. í þetta form, heldur en að binda það svo mjög við eina stétt. Ég sé ekki eftir þessu fé handa prestunum. Það er rétt, eins og tekið hefir verið fram áður hér í deildinni, að í þeirra hópi hefir þjóðin átt marga nýta menn. Þrátt fyrir þessar breytingar, vil ég samt veita prestunum stuðning, til þess að þeir geti farið utan og kynnt sér nýjungar. Það veldur kannske hneykslun að segja, að prestar skuli kynna sér nýjungar, því að sumir mega ekki heyra það nefnt, en ég sé nú ekkert á móti því.

Því verður ekki leynt, að á síðustu tímum hefir verið reynt af vissum flokki í landinu að halda þeirri skoðun fram í blöðum, og þó einkum á þrengri fundum, að Alþýðuflokkurinn væri flokkur guðleysingja, sem vildu niðurniða alla sanna trú. Þetta hefir verið notað mikið sem kosningabeita, sérstaklega við bæjarstjórnarkosningarnar í vetur, að ég ekki tali um allar greinarnar um guðleysið í Rússlandi, sem á líklega að benda til þess, að Alþýðuflokksmenn ætli að framkvæma eitthvað svipað hér.

Sem betur fer, hefir þessi þröngsýnistefna ennþá ekki átt langan aldur á landi hér. Um og eftir aldamót ríkti hér talsvert víðsýni í trúmálum, og „innri missionin“, bókstafstrúin eða vísisstefnan svokallaða, átti hér formælendur fá. Þó var vitað, að í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku, átti hún sér mikilsmegandi forvígismenn. Einkum átti hún ríkt fylgi við dönsku hirðina. Þá var uppi í Danmörku preláti nokkur, Vilhelm Beck, sem prédikaði vísisstefnuna óspart fyrir dönsku þjóðinni. En þetta náði ekki að festa rætur hér, heldur þvert á móti, og ýmsir frjálslyndir menn, bæði innan klerkastéttarinnar og utan, töldu stefnuna illa. Mér skildist á þeim árum, að þeir menn, sem mest áhrif höfðu í stjórnmálum, væru frjálslyndir í trúar efnum og teldu ekki, að bókstafstrú bibliunnar væri eina sálhjálpin.

Þetta hefir því miður breytt, þegar hinir frjálslyndari menn féllu frá, því að þótt það væri íhaldsstefna, sem réði þá, var hún ekki orðin „organiseruð“. En þegar íhaldsstefnan var búin að skipuleggja sig og var orðin ákveðinn stjórn-málaflokkur, þurfti hún á því að halda að nota trúarbrögðin til þess að gera andstæðinga sína tortryggilega. Íhaldsmönnum er að visu dálítill vorkunn að taka þetta upp, því að þá skortir góð rök og góðan málstað; en fallett er það ekki. Og sérstaklega hugsá ég, að þeim verði erfitt að standa fyrir máli sínu þar, sem þessir hlutir eru rökræddir opinberlega. Það getur verið, að á fámönnum fundum megi tala til tilfinninga manna um hryðjuverk, sem pólitískir andstæðingar séu að fremja, en það er ekki hægt þar, sem rökræður fara fram, og það því síður, sem allir flokkar hafa innan sinna vébanda menn, sem viðurkenna ekki einhverjar kenningar kirkjunnar. Íhaldsflokkurinn á fjölda manna, sem eftir kenningum hans og baráttuaðferðum eru trúniðingar. Í Alpýðuflokknum eru margir, sem ekki vilja játa bókstafs-trúna. En það eru einnig til í öllum flokkum menn, sem eru sannir trúmenn.

Ég kem fram með þessar hugleiðingar í sambandi við frv. um styrk til utanfara presta, til að sýna, að ég vil alls ekki setja fót fyrir, að þeim verði veittur slíkur styrkur. Ég býst við, að flokksmenn minir vilji það einnig, þótt við viljum ekki ganga svo langt sem í frv. er gert ráð fyrir, og sem gersamlega er vonlaust um að koma fram.

Ég vísa til þess, sem ég hefi sérstaklega talað um brtt., og vænti þess, að þær finni náð fyrir augum hv. dm.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Þessi hv. þm., sem nú settist niður, er búinn að halda langa ræðu, og talsvert á aðra leið en búast mátti við, því að hér liggur fyrir frv. til laga um utanfararstyrk presta, en hér er alls ekki verið að tala um Vilhelm Beck, sem á sínum tíma stofnaði innri missionina í Danmörku.

Ég get ekki litið öðruvísi á en að brtt. hv. þm. bregði fæti fyrir þetta frv. Hér er tvennt fyrir hendi, annarsvegar lög, sem skylda ríkið til þess að veita vissri

tölu manna, sem ekki er há, þar sem ekki þarf að veita nema tveimur á ári ef lægri talan er tekin, tiltekinn styrk, en hinsvegar fjárlagaheimild, sem upp verður að taka frá ári til árs og mun kosta þras í hvert skipti, ef að venju lætur, þegar prestar biðja um eitthvað. Mér virðist því vera um tvennt að ræða, og það talsvert ólíkt. Þótt hv. 2. landsk. virtist í öðru orðinu hlynntur því, að prestar fengju einhver slík hlunnindi, fannst mér hann rífa niður með annari hendi það, sem hann byggði með hinni, Það má vera, að ég hafi ekki skilið hann rétt.

Hann minntist á utanfararstyrk lækna. Fjarri sé það mér að hafa á móti því, að læknar fái að njóta fyllstu þekkingar í sínu margbrotna og stórnauðsynlega starfi. Það er lífsnauðsyn. En ég tel engan vafa á því, að læknarnir gætu öldungis eins fengið að njóta þess styrks, þótt þetta frv. verði samb. Læknarnir eru óskabörn þjóðarinnar; við eigum oft og einnig lif okkar og heilsu undir þekkingu þeirra og hæfileikum, og íslenska þjóðin mun ekki hafa á móti því, þótt þeir fái töliverðan styrk til að fara út fyrir landsteinana til þess að bæta við þekkingu sína. Hv. þm. sagði, að ekki væri venja að láta nema 1500 kr. til slíkra utanfara embættismanna, en þess er þó skemmst að minnast, að veittar voru 3000 kr. í einu handa sama manni, og var það hvorki læknir né prestur, heldur sýslumaður. Hvað sem þessu líður, þá má til sanns vegar færa, að slíkar styrkveitingar hafa átt sér stað. Og ég er viss um, að ef læknar hefðu farið fram á frv. á líkum grundvelli og þetta, þá hefði það flogið í gegn.

Annars mun svo álitid almennt, að læknar hafi mun betri ástæður í efnalegu tilliti heldur en prestar, þó að vitanlega séu einnig til fátækir læknar. Það hefir heldur enginn neitað því, að prestarnir eru yfirleitt illa launaðir og í fátækara lagi, og mundi þeim líklega flestum ef ekki öllum ókleift að kosta utanför og dvöl í útlöndum af eigin rammleik.

Þá mun heldur engum blandast hugur um það, að prestarnir séu verkamenn íslensku þjóðarinnar, og með það fyrir

augum get ég ekki stillt mig um að láta uppi það álit mitt, að mér þykir það koma úr hörðustu átt, er maður, sem telur sig til þess flokks, sem alltaf þykist vera að bæta hag alþýðunnar og verkamannanna, skuli vera að leggja sig niður við að láta stein á veg þeirra verkamanna þjóðarinnar, sem hér ræðir um, prestanna. Hér ræðir ekki um neina launaviðbót, heldur einungis um lítilsháttar umbætur eða hlunnindi fyrir prestana.

Það er auðvitað ekkert nýtt, þótt talið sé eftir þessum embættismönnum isl. þjóðarinnar. Það hefir lengi verið gert af þeim, sem álíta prestinn og störf hans lítils virði. Af því hefir það aftur leitt, að margir hafa leyst sér að „kritisera“ prestana á margvíslegan hátt, og reyna þannig að hnekkja álitinu þeirra í augum þjóðarinnar. Slík ummæli eru einatt byggð á lítt hugsuðum staðleysum, eða þá því, að menn höfðu annaðhvort sögu-sögn annara við að styðjast eða eigin kynni af einum miður heppilegum manni í prestsstöðu. Því engum kemur til hugar að halda því fram, að í prestastéttina, fremur en aðrar stéttir, geti aldrei lent miður hæfir menn.

Hvað sem öllu þessu kann að liða fyrir og síðar, er þess að vanta, að Alþingi liti með sanngirni á þá kröfu, sem hér er borin fram fyrir hönd íslenskra presta, og hugleiði vandlega, hvert gagn þeim getur orðið að þessum utanfarastyrk, fyrst þeim sjálfum persónulega og síðan þjóðinni í heild sinni.

Ég get ekki neitað því, að mér finnst brtt. bregða fæti fyrir frv. eða skemma það að miklum mun, og úr því að hv. 2. landsk. virðist í aðra röndina meðmæltur því að gera vel til prestanna, — hvers vegna vill hann þá ekki gera það með því að halda frv. óbreyttu í því formi, sem kirkjumálanefndin gekk frá því? Ég ef-ast ekki um, að nefndarmenn þeir, sem að þessu frv. unnu, hafi manna bezt vit-að, hvað heppilegast var í þessu efni. Og það get ég sagt hv. 2. landsk., að máls- metandi mönnum þeirrar nefndar mundi þykja miður farið, verði þessu frv. breytt frá því, sem það nú er. Ég átti einmitt tal við formann kirkjumálanefndarinnar um þetta, og var hann alls óhræddur

um afdrif frv. í þessari mynd og vildi heldur hætta á, hvernig um frv. færi, heldur en slá af kröfum þess, því þær eru réttmætar. Og illa þykir mér það sitja á mönnum, sem sjálfir sitja í feitum embættum og geta lifað dag hvern í dýr- legum fagnaði, eins og ríki maðurinn í dæmisögunni, að vera að bregða fæti fyrir lítilsháttar umbætur á kjörum hinna, sem verða að lifa á molunum, er hrjóta af borðum drottanna, — en slíkt virðist mér hlutskipti íslensku prestanna gagnvart þeim drottni, sem nefnist rík- isvald.

Hitt gæti ég miklu betur skilið, að þeir menn, sem tíma ekki að launa prestum né bæta kjör þeirra, losi sig alveg við þá og þeirra starfsemi; það mætti heita hreinlega gengið að verki. En að láta svo í öðru orðinu, að þeir vilji allt fyrir prestana gera, og aftur í hinu, að það megi bara ekki gera allt of mikið! Það tel ég óhreinlega að verki gengið.

Ég vil lúka máli mínu með þeirri ósk, að frv. nái fram að ganga óbreytt, svo sem kirkjumálanefndin gekk frá því.

Jón Baldvinsson: Ég veit nú ekki, hvað af því, sem hv. 6. landsk. flutti hér fram, gefur talizt rök fyrir hennar máli, fram yfir það, sem húið var að segja áður. Það skyldi þá helzt vera dylgjurnar, er fólust í ræðu þm. og áttu sennilega að beinast gegn mér, að þetta væri allt af falsi og lævisi gert, sem ég hefði borið fram, og þar sem ég hefði talað um, að ég vildi veita prestunum stuðning, þá væri það ekki af heilindum mælt, því að brtt. minar mundu skapa þeim erfiðari aðstöðu.

Ég veit ekki, hvaða rétt hv. 6. landsk. hefir til þess að vera með slíkar dylgjur. Það eina, sem gæti réttlætt það, er, að hún hafi ekki treyst sér til þess að svara ýmsu af því, sem ég bar fram um störf ihaldsins og afstöðu í þessum málum. (GL: Það kom ekkert málinu við!). Jú, það kemur málinu mikið við. Og ef hv. þm. hefir fylgzt svona vel með um það, hvernig þingið hefir hagað sér gagn- vart prestum, að það hafi sparkað í þá frá öllum hliðum, þá gæti hún séð, að þeir fengu fyrir nokkrum árum launa- uppbót; og ef hún rannsakaði það nán-

Utanfararstyrkur presta.

ar, mundi hún sjá, að mitt atkv. réði því, að breytingarnar komust áleiðis. Ég hefi því í verkinu sýnt fulla velvild til presta-stéttarinnar að því er launakjörin snertir. Og ég hugsa, að hún mundi heldur þurfa að leita í sínum flokki og berjast í honum, til þess að fá hann til að veita prestunum lífvænleg laun, heldur en að bregða okkur Alþýðuflokksmönnum um það.

Fleira var það ekki, sem hv. þm. sagði, er svara þarf, annað en það, að hún sagðist heldur vilja hætta á að láta frv. fara fram eins og það er nú og eiga á hættu, að það félli, heldur en að draga úr því. En ég held sannast að segja, að ég fari fullt eins nærri um hvernig málinu mundi tekið hér í þinginu. Hv. þm. veit, hver tregða hefir verið hér í d. Við 2. umr. var rétt að það slysaðist í gegn við margendurtekna atkvgr. Þegar svo byrjar hér í Ed., held ég að ganga þess verði erfið í Nd.

En þeir um það, sem álíta það betur fallið. Það breytir ekki afstöðu minni til brtt., og ég vona, að þær verði samþ., þótt þær dragi eitthvað úr frv. Það er betra fyrir prestana að fá einhverja bót þótt af skornum skammti sé, heldur en að allt frv. falli.

Þar sem hv. þm. sagði, að prestarnir væru hraktir og hrjáðir og væru skotspönn fyrir dómum almennings, þá held ég, að það sé ofmælt. Hitt er ekkert undarlegt, að þegar presarnir segja eitthvað hneykslanlegt í stólnum, þá sé talað um það á eftir, því að menn hafa ekki leyfi til að standa upp í kirkjunni og andmæla. Þetta verða þeir að þola, fyrst þeir eru svo einvaldir að geta haldið ræður sínar án þess að nokkur geti orðið til andsvara. En þar sem þeir eru góðir og dugandi menn, hafa þeir verið í miklum metum hjá almenningi. Hitt er eðlilegt, að þeir lélegri hafi orðið að sæta dómum. Það er eðlilegt, því að almennigur hér á landi er frjálsslyndur í trúmálum og kann illa þröngsýnisstefnunni, sem íhaldsflokkurinn hefir gert að flokksmáli til þess að troða upp á þjóðina, þó að hún eigi ekki neina stoð í óbreyttum íhaldsmönnum, heldur þyki hentugt mál hjá foringjunum til að nota á vissum tímum.

Jón Þorláksson: Samþm. minn, hv. 2. landsk., var að gefa hv. d. upplýsingar um það, hvaða afstöðu flokksmenn hv. 6. landsk. mundu taka til launamála presta og kirkjumála. Það var ekki um að villast, við hverja hann átti; hann átti vitanlega við Sjálfstæðisflokkinn, þótt ekki nefndi hann það nafn, sem verkar alltaf á hann og samherja hans eins og kirkjuklukknahljómur á þúkana, svo að það er eðlilegt, að hann geri lítið að því að taka sér það í munn.

Ég vil taka það fram, þó að ég viti, að enginn, sem hlustaði á hv. þm., taki neitt mark á þessum orðum, að hann veit ekkert, hvaða afstöðu Sjálfstæðismenn muni taka til þessa máls.

Ég get ekki stillt mig um, þó að það hafi verið gert áður, að benda hv. 2. landsk. á það ósamræmi, sem er í orðum hans. Hann segir, að við Sjálfstæðismenn höfum tekið einhverja eina trúarskoðun og gert hana að flokksmáli, og í hinu orðinu segir hann, að flokkurinn sé andvigur öllum trú- og kirkjumálum. Það er leiðinlegt, ef hv. þm. vill vera að eyða tíma fyrir okkur í þessari deild, að hann skuli ekkert geta sagt, sem er honum meinlausara en andmæli gegn því, sem hann hefir sjálfur sagt.

Jón Baldvinsson: Það eru engar mótsagnir í því, þó að ég segi það um íhaldið, að foringjar þess noti vissar trúmálastefnur um kosningar, og þó að ég segi í öðru lagi, að sá flokkur sé erfiður viður eignar, þegar um launahækkun presta er að ræða. Flokkurinn er erfiður viðvikjandi launakjörum allra, nema tiltölulega fárra launahæstu mannanna. Og þessi trúmálastefna þeirra er ekkert eftir þeirra sannfæringu. Það sést á því, að aldrei bólar á þessu nema um kosningar. Þeir álíta þetta bara heppilegt vopn. Þeir fylgja ekki innri missiðinninni eða bókstafskenningunni, en láta svo á vissum tímum, af því að þeir halda, að það verki þá í svipinn vel þeim til handa.

Í afstöðu flokksins til launamála er sú sorglega reynsla, að frá því að flokkurinn fyrst varð til, hefir hann alltaf verið í andstöðu við lægst launuðu verkamennina. Hv. 6. landsk. sagði, að prestarnir væru þeir lægst launuðu. Við

Útanfararstyrkur presta.

Þá menn hefir Íhaldið aldrei viljað hækka launin. „Þeir eru hundrað að tölu“, segja þeir, „og því hefir það svo mikil útgjöld í för með sér“. Það er ekkert ósamræmi eða andstæður í orðum mínum, þó að ég segi þetta um flokkinn. Alveg það sama kemur fram hjá flokknum viðvíkjandi síma- og póstmönnum. Þar er sama viðkvæðið, að þeir séu svo margir og þess vegna hafi launahækkun þeirra svo mikil útgjöld í för með sér. En þeir vilja hækka laun hæstaréttardómaranna, af því þeir eru ekki nema þrír.

Þetta er rétt lýsing á afstöðu Íhaldsins til launamálanna.

Halldór Steinsson: Eins og ég tók fram við síðustu umr., þá finnst mér það aðallega athugasvert við frv., að þar er tekin ein stétt manna og henni lögakveðinn styrkur til utanferða. Hér er í raun og veru um nýmæli að ræða, því að áður hefir læknum verið veittur styrkur í fjárlögum aðeins fyrir hvert einstakt ár. Eins og ég tók fram við síðustu umr., er ég ekkert á móti því, að prestum sé veittur slíkur styrkur, en hinsvegar finnst mér eiga að vera jöfnuður á þeim styrkveitingum. Nú hafa komið fram brtt. frá hv. 2. landsk., sem ganga að nokkru leyti í rétta átt. Fyrsta till. fer fram á það, að styrkurinn skuli bundinn við það, að hann sé veittur í fjárl. í hvert skipti. Um þessa brtt. vil ég segja það, að mér finnst hún skynsamleg, því að hún gerir öllum embættismönnum landsins jafnhátt undir höfði.

Eins og nú er, þá er læknum veittur viss utanfararstyrkur í fjárl. Eins mætti hafa það með presta. Það getur ekki orðið, eins og hv. 6. landsk. sagði, til að girða fyrir það, að þeir fái styrkinn. Þegar það er ákveðið í fjárlögum, að tiltekinni tölu presta skuli veita utanfararstyrk, þá mundu þeir prestar, sem leikur hugur á að fara utan, gefa sig fram við biskup og ríkisstj., og gæti þá stj. samkv. lögum valið úr þeim umsækjendum. Ég álit því, að þeir muni ekki fara á mis við þennan styrk, þó að hann sé bundinn við fjárlagaheimild.

Þetta er sú brtt., sem mér virðist mestu máli skipta. Aftur á móti get ég ekki verið samþykkuð hinum brtt. Önn-

ur brtt. fer fram á, að í staðinn fyrir 4 mán. komi 2 mán., og virðist mér hún aðeins til spillis, því að ef þetta er bundið við 2 mánuði, þá mundu notendur styrksins sama og engin not hafa af utanförinni og þá væri um hálfgerð kák að ræða.

Þá er þriðja brtt., að upphæðin skuli vera 2 þús. kr. Ég er ekki heldur með henni, því að ef lögin ættu að orðast svo: „allt að 2 þús. kr.“, þá er alls ekki bundið við að veita hærri styrk en svo sem 1—2 hundr. kr., og það er ekkert gagn í að veita svo lága upphæð. (**JBald:** Ef prestunum væri það nógur styrkur). Þeir þyrftu þá engan styrk, ef þeir gætu sætt sig við það. Ég vil, að þeir séu styrktir sæmilega, ef á annað borð er verið að því.

Þá er 4. brtt. Ég get ekki fallið á hana og ekki á þá 5., því að þá væri misrétti í þessu á milli lækna og presta.

Hv. 6. landsk. minntist á það, að læknum landsins veitist ekki erfitt að fá réttarbætur, því að þeir séu óskabörn þjóðarinnar. Já, þeir eru svo lánsamir, að þjóðin kann að meta starf þeirra. Þó hafa engir embættismenn hér á landi átt eins erfitt á síðari árum eins og lækna, og það er af því, að þeir eru olnboga-börn stjórnarinnar.

Hv. 2. landsk. virtist halda því fram að Sjalftæðisflokkurinn væri yfirleitt andvígur launabótum klerka. En af hverju? Ég veit ekki til, að neinn úr þeim flokki hér í þessari hv. d. hafi lát-ið í ljós skoðun sína í því efni, nema ég. Það var, þegar verið var að ræða um dýrtiðarupphót embættismanna. Þá sagði ég, að nauðsynlegt væri að visa málinu til nefndar, til þess að fram gætu komið kröfur um að bæta laun presta, og sagðist telja þá verst setta af öllum embættismönnum. Og þar sem hv. þm. hefir ekkert fyrir sér í þessu efni nema þessi orð mín, þá eru þessar staðhæfingar hans á litlum rökum byggðar.

Jón Jónsson: Ég er hálfhikandi við að taka þátt í þessum umr., því að ég hefi ógeð á þessum blæ, sem á umr. hefir verið, þar sem verið er að draga kirkjumál inn í flokkadeilur. Mér finnst, og ég held, að ég þori að segja það líka

Utanfararstyrkur presta.

fyrir hönd míns flokks, að trúmálin séu svo heilagur hlutur, að alls ekki eigi að blanda þeim inn í flokkadeilur.

Viðvíkjandi brtt. þeim, sem hér liggja fyrir, vil ég segja það, að mér finnst þær ekki svo hreinlegar sem skyldi. Mér myndist nærri því hreinlegra að leggja beinlínis á móti frv. en að koma með svona brtt. Ég álit, að ef þær verða samþ., þá sé frv. einskis virði. Nái þessar breyt. fram að ganga, þá er það komið undir fjárlögunum í hvert skipti, hvort nokkur utanfararstyrkur er veittur. Og þá er alveg eins hægt, þó að þessi ákvæði væru alls ekki til, að veita slíkan styrk, eins og gert var á síðasta þingi. Þetta frv. átti að tryggja prestum alltaf fjárveitingu til þessara hluta og tryggja það, að vænta mætti góðs árangurs af þeim fjárveitingum.

Þau mótmæli hafa komið fram gegn þessu frv., að það mundi draga þann dilk á eftir sér, að aðrar stéttir fengju sömu hlunnindi. Það er alveg sérstök þörf á þessu fyrir presta. Læknum hefir nú þegar verið veitt þetta, og þeir eru að því leyti betur settir, að þeir hafa hærri laun. Ég held, að það, sem hv. þm. Snæf. tók fram, raski þessu ekkert. Læknarnir eru ekki svo mikil olnboga-börn stj., þar sem þeim hefir nú að undanförunu gefizt kostur á utanferðum.

Sýslumönnum er ekki eins mikil þörf á utanferðum eins og prestum. Prestarnir eiga að flytja ræður og vera andlegir leiðtogar safnaðanna og þurfa því alltaf að hafa eitthvað nýtt og gott að segja. Þess vegna þurfa þeir miklu fremur en lögfræðingar að færa út sjóndeildarhring sinn. Annars geta þeir orðið eins og grammofónsplata, það sama upp aftur og aftur, og það er ekki gott.

Hv. 2. landsk. talaði um það, að eins mikil þörf væri á að bæta kjör póst- og símamanna. En nú er símstjóri alltaf að sigla og póstmálastjóri líka, svo að þar er ólíku saman að jafna.

Ég vona eins og hv. frsm., að deildin sjái sér fært að fella þessar brtt., því að ég held, að ef þær verða samþ., þá sé ekkert gagn í frv.

Erlingur Friðjónsson: Mér þykir nokkuð undarlegt, að hv. síðasti ræðumaður

skyldi nú fyrst taka til máls, þegar hv. flm. brtt. er búinn að tala sig dauðan. Það er ekki þinglegt. Ég hefði ekki tekið til máls nú, ef þessi hv. þm. hefði ekki hagað sér svona. En fyrst ég stóð upp, þá vil ég gera grein fyrir minni afstöðu til þessara brtt. Ég skil vel tilgang þess að fá lög, sem ákveða prestunum styrk til utanfara. Það er aðallega tvennt, sem prestar mundu vinna við það, Fyrst og fremst hafa þeir, á meðan þessi lög gilda, vissu fyrir utanfararstyrk, og í öðru lagi föst ákvæði um, hvernig þessum styrk skuli varið, hve langan tíma utanferðin skuli taka og hvernig þeir eigi að fara með þá menntun, sem þeir fá í utanförinni, þegar heim er komið. En eins og kunnugt er, þá er það ekki tekið fram í fjárl., eða a. m. k. ekki ýtarlega, hvernig fara skuli með styrki þá, sem þar eru veittir.

En það er annað, sem gerir mig hikandi við að fylgja þessu frv., að þessar utanfarir prestanna muni ekki geta orðið að neinu gagni, þar sem prestar hér á landi eru um 100, en aðeins 2—5 eiga að fá styrkinn árlega. Þá gætu þeir allir ekki farið utan á skemmri tíma en 20—50 árum. Hér getur því varla verið um miklar umbætur að ræða, hvorki fyrir prestana né þjóðina í heild sinni.

Vegna þess að litil von virðist til þess, að mikið verði í aðra hönd, þó að frv. verði samþ., og í öðru lagi hætt við, að fleiri embættismenn kæmu á eftir, sem vildu fá svipuð hlunnindi, þá var ég hikandi við 2. umr., hvort ég ætti að vera með frv. eða ekki. Ég býst þó við að verða fylgjandi sumum þeim breyt., sem sessunautur minn, hv. 2. landsk., hefir lagt fram, því að þær eru til bóta að mínu álit, a. m. k. fyrir rikissjóð.

ATKVGR.

Brtt. 106,1 felld með 7:4 atkv.

— 106,2 felld með 8:2 atkv.

— 106,3 felld með 9:2 atkv.

— 106,4 felld með 8:2 atkv.

— 106,5 felld með 8:2 atkv.

Frsv. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GL, HSteins, IP, JóhJóh, JónJ, JÞ, PH, GÓ,

nei: PM, EF, JBald.

Tveir þm. (EÁ, JónasJ) fjarstaddir.
Frv. afrgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 98).

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 235).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli hér í hv. þd. Svo fór, að það varð ofan á í menntmn. að mæla með því, að frv. næði fram að ganga með litilsháttar breytingum. N. fannst það æskilegt, úr því að þjóðin héldi við kirkjunni og fjölmennri prestastétt, að prestunum væri veitt hjálp til þess að fara utan til að vikka sinn sjóndeildarhring bæði á andlegu og ekki síður á veraldlegu sviði.

Hinsvegar fannst n. það réttara, að ákveða ekki vissa upphæð með lögum sem styrk, heldur skyldi þingið á hverju ári ákveða styrkinn.

Afstaðan til þessa máls getur breytzt, t. d. ef fleiri stéttir kæmu til mála. Brtt. n. eru í samræmi við þetta, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. 3. liður brtt. fer í þá átt að orða skýrar meiningu frv.

Benedikt Sveinsson: Frsm. lét þá skoðun hv. menntmn. í ljós, að prestar vorir gætu sótt sér andlega og veraldlega menntun til nágrannaþjóðanna. Ég hefi nú heyrt því haldið fram af mjög merkum mönnum, að íslenskir prestar væru víðsýnastir allra presta á Norðurlöndum. Svo hefir menntaður maður sagt mér, sem kunnugur er andlegum málum bæði í Danmörku og á Íslandi, að hinir þröngsýnustu meðal íslenskra presta væru á borð við hina frjálslyndustu meðal danskra klerka. Er það t. d. alkunnugt, að mikil þröngsýni og heift í trúmálum ríkir manna meðal í Noregi.

Eru helzti margir frændur vorir þar fullir ofurkapps og blindrar trúarbragðabrjózku, svo sem þeir vita gerzt, sem þar eru kunnugastir. Fæ ég ekki séð, að klerkar vorir hafi annað erindi til þessara tveggja þjóða en þá, ef til vill, eins og segir í forna málshættinum, að þekkja vitin til þess að varast þau. Ég skal ekki mæla því í gegn, að klerkar vorir mættu hljóta gagn af utanförum í verklegum eignum, svo sem laga greinin mælir fyrir, og er gott eitt um það að segja, en þar sem klerkar vorir hafa látið búskap að mestu fyrir ganga, þá er þörf þeirra minni en áður að sækja búvizku til lendra þjóða.

Af þessu frv. sé ekki betur séð en að með þessu frv. sé lýst vantrausti á íslenskum prestum, þar sem nauðsyn þykir til bera að senda þá til þess að læra af starfsbræðrum sínum á Norðurlöndum, sem eins og ég hefi tekið fram eru íslenskum prestum alls ekki til fyrirmyndar. Hinsvegar tel ég hér ekki um neina hættu að ræða, því að ég ber svo mikið traust til klerka vorra, að þeir séu sjálfstæðari en svo, að þeir láti leiðast á glapstigu af þeim heimskari kennimönnum. — Hitt efa ég eigi, að þeir sjái fyrir sér ýmsa þá verklega hluti, að þeim sem öðrum megi að einhverju gagni verða. Mun ég því eigi spyrna gegn þessu lítilmótlega frv.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Ég sé ekki ástæðu til að halda langa andmælaraðu út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði. Við höfum svo oft átt tal saman um klerka og kirkjumál, og erum báðir frjálslyndir í þeim eignum, enda varð ég ekki var við það, að hv. þm. setti sig á móti frv. Hann virtist aðeins vera að bera blak af ísl. prestum samanborið við presta á Norðurlöndum, með því að telja þá víðsýnasta af þeim. Ef prestar í nágrannalöndunum eru svo þröngsýnir sem hv. þm. vill vera láta, þá hygg ég það rétt, að okkar prestar geti engu að síður lært af kynningu við þá, því að til þess eru vitin að varast þau, og ef þeir kynntust t. d. innri mission í algleymingi, þá mundu þeir fyllast einbeitri andúð á slíku.

Skal ég þá ekki fjölyrða þetta meir.

Útanfararstyrkur presta.

Ég býst fastlega við, að hv. þd. fallist á till. n. um að samþ. frv. með þessum litilsháttar brtt.

ATKVGR.

Brtt. 235,1 samþ. með 15:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13:3 atkv.

Brtt. 235,2 samþ. með 15:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13:3 atkv.

Brtt. 235,3 samþ. með 14:1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 12:4 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 264).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 264).

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 264, 298).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Þetta mál hefir verið talsvert umtalað hér í þessari hv. deild áður, en sökum brtt., sem meiri hl. menntmn. vill leggja fram, vil ég aðeins segja fáein orð.

Ég verð að játa, að hv. Nd. hefir farið með skilningi með þetta mál, en það finn ég þó að meðferðinni, að hún bindur styrkinn við fjárlagaákvæði, þannig að Alþingi verður að ákveða styrkinn í hvert sinn. En brtt. gengur út á það, sem upprunalega var í frv., að stj. verði heimilt á ári hverju að veita 2—5 prestum 2000 kr. styrk á ári. Ég fyrir mitt leyti vil halda mér við þetta, og meiri hl. n. álitur, að þetta sé tryggilegast fyrir prestana og miklu betra en að þurfa að setja þetta í fjárlögin í hvert sinn og þau eru til meðferðar í þinginu.

Það eru víst allir sammála um það, að prestar þurfi að fá þennan styrk. En hann kemst í miklu fastari skorður með því að ákveða hann með lögum í eitt skipti fyrir öll, og því held ég fast við frv.

Alpt. 1931. B. (43. löggjafarþing).

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi þegar ákveðið, hvorum megin þeir ætli sér að vera í þessu máli, og sé ég því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það.

Ég hefi átt tal við allmarga menn um málefnið, og hafa þeir látið þá sömu skoðun í ljós og ég, að þetta gæti orðið til þess, að stundum yrði ekkert fé veitt í fjárlögum í þessu skyni, og hafa þeir því talið miklu æskilegra, að till. n. verði samþ.

Í þeirri brtt., sem hér er borin fram, er aðeins farið fram á, að tveimur prestum verði veittur þessi styrkur, þ. e. a. s. 2000 kr. á ári til hvors fyrir sig.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, sem þegar hefir verið rætt allýtarlega hér í hv. d.

Jón Baldvinsson: Við 2. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. flutti ég till., sem fór í svipaða átt og till. sú, sem samþ. var í Nd. litlu síðar. Ég þóttist nokkurnveginn viss um, að frv. eins og það var þá úr garði gert mundi ekki ganga gegnum hv. Nd. nema því aðeins, að einhverjar breyt. yrðu gerðar á því, í svipaða átt og ég bar fram. Enda varð sú raunin á. Hv. Nd. samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. brtt. um að þetta skyldi bundið við fjárlagaveitingu.

Nú hefir komið fram brtt. frá meiri hl. menntmn., þar sem frv. er fært í dálitið skipulegra horf en áður var, að öðru leyti en því, að nú er tala prestanna, sem veita á styrk til utanfarar, fastákveðin, þannig að það verða skilyrðislaust 2 á ári. En hitt er tekið út, að þetta skuli ákveðið í fjárlögum. Þetta þykir mér verra og mun ég því greiða atkv. móti því.

Ég vildi spyrja hv. frsm. n., hvort þetta hafi verið rætt í menntmn. Ég hefi grun um, að þessi till. hafi aldrei verið rædd í n. á löglegum fundi, og hún sé því frá þessum tveimur hv. þdm., sem að vísu eru meiri hl. n., ef þeir starfa í nafni hennar. Till. má því sjálfsgagt skoðast frá hv. 6. landsk. og hv. 3. landsk., en ég hygg, að menntmn. hafi ekki um hana fjallað.

Það skiptir engu máli hér um efni till. Hitt skiptir mestu máli, að þeir, sem

Utánfararstyrkur presta. — Bókasöfn prestakalla.

þykjast unna málum prestanna, eru með þessari brtt. að stofna þessu máli þeirra í háska. Ég býst nefnilega við, að í hv. Nd. fái frv. þessa breytingu aftur, og ef svo fer, þá verður frv. að fara í samein- að þing, en það hefir aldrei þótt lífvæn- legt fyrir frv., því að þar þarf svo mik- inn atkvæðamun til samþykktar.

Ég hygg, að hv. flm. brtt. eigi það á hættu, að frv. verði fellt, ef þessari brtt. er haldið til streitu. Mér þykir líklegt, að brtt. verði samþ. hér í þessari hv. d., og ef frv. svo verður fellt, þá er það hv. meiri hl. menntmn., sem ber ábyrgð á því.

Jón Jónsson: Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, að þessi brtt. væri ekki komin frá meiri hl. menntmn., skal ég geta þess, að hún var borin undir alla nefndina, en hv. þm. Ak. lýsti yfir því, að hann gæti ekki fylgt þessu. Meiri hl. n. kom sér svo saman um þessa brtt., eftir að það var augsýnilegt, að n. var klofnuð, enda hygg ég, að það sé venjan.

Hv. 2. landsk. sagði, að við hefðum það á samvizzkunni, ef þetta frv. yrði fellt. En mér finnst, að frv. sé ekki svo mikils virði, ef ekkert lágmarksákvaði er í því, og er ég því fús til að taka á mig þá ábyrgð, sem af þessu kann að leiða.

Ég vona, að hv. deild sjái sér fært að samþ. þessa brtt., einkum þar sem í henni er farið bil beggja og tekin lægri tala um styrk prestanna.

ATKVGR.

Brtt. 298 felld með 7:6 atkv., að við- höfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhJóh, JónJ, JÐ, PH, GL, GÓ,
nei: JBald, PM, BK, EÁ, EF, HSteins,
IP,

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Fr. samþ. með 11 shlj. atkv. og af- gr. sem lög frá Alþingi (A. 314).

3. Bókasöfn prestakalla.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Fr. til l. um bókasöfn prestakalla
(stjfrv., A. 25).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tek- ið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv., ásamt þeim tveim frv., sem næst eru á dagskrá á eftir því (frv. til l. um embættiskostnað sóknarpresta og auka- verk þeirra og frv. til l. um kirkjur), er eitt af þeim frv., sem kirkjumálanefnd- in hafði lokið við í fyrra og lögð voru fyrir Ed. þá í þinglokin, svo að kjós- endum í landinu mætti gefast kostur á að kynnast þeim, því að þess var engin von, að þingið í fyrra gæti afgr. þau. Hinsvegar má búast við, að frv. nái nú samþykki Alþingis, og þá ef til vill í eitthvað breyttri mynd.

Fr. lýtur að því, að prestum sé gert kleift að koma sér upp bókasöfnum, trúfræðilegs og menningarlegs efnis, og séu bókasöfnin eign prestakallsins eða landsins, svo sem staður og hús. Er hér um nýjung að ræða, sem ekki hefir ver- ið reynd fyrr. Frv. fylgir allýtarleg grg., sem ég vil ekki fara að endurtaka.

Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til menntmn., að lokinni umr.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tek- ið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 25, n. 63, 64).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og nál. á þskj. 63 ber með sér, hefir mennt- mn. orðið sammála um að mæla með frv. En samt hefir n. ekki séð sér fært að leggja til, að veittur verði til bóka- safnanna hærri árlegur styrkur en 4 þús. kr. N. hefði að vísu viljað mæla með hærri styrk, en þegar litið er til annara bókasafnastyrkja, sést, að skap-

ast mundi mikið ósamræmi, ef hærra væri farið en þetta. Til sýslubókasafna er ekki veitt nema 2 þús. alls á ári. En n. væntir þess, að sá styrkur verði hækkaður til muna, og því hefir hún lagt til, að bókasafnastyrkur prestakalla verði 4 þús. kr.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir flutt nokkrar brtt. á þskj. 64, og er aðaltill., að fyrst um sinn skuli verja allt að 10 þús. kr. úr ríkissjóði í þessu skyni, en til vara 7500 kr. N. hefir ekki rætt þessa brtt. sérstaklega, en það liggur í brtt. n., að hún getur ekki fallið á till. hv. 1. þm. Reykv.

Aðrar brtt. n. lýsa sér sjálfar. Það eru mest orðabreyt. eða lítilsháttar skipulagsbreytingar.

Um 1. og 2. brtt. á þskj. 64 er ekkert að segja, nema að þær eru heldur til bóta.

Það eru ekki svo mikil hlunnindi, sem fylgja prestaköllum hér á landi, að ekki megi á þau bæta, þegar litið er á hin lélegu launakjör prestastéttarinnar. Og fátt er presti nauðsynlegra en að bóka-kostur hans sé sem beztur. Margir prestar kaupa allmikið af bókum, sjálfsagt meira en þeir hafa efni á. Því er gott að styrkja þá til þess á þann hátt, að bækurnar varðveitist á prestssetrinu. En oft hafa bækur hvers prests dreifst eftir dag hans, til lítils gagns þeim, sem þær hafa lent hjá. Frv. gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva guðfræðibækur og heimspeki á prestssetrinu.

Þar sem n. hefir orðið sammála um frv., álit ég ekki þörf að ræða málið frekar, nema sérstakt tilefni gefist.

Magnús Jónsson: Ég get fyrir mitt leyti verið sammála brtt. n.; yfirleitt eru þær til bóta, bæði þær efnislegu og hin- ar, sem færa til betra máls, — að undanskilinni 4. brtt., sem ég er ekki sammála um og skal koma að síðar. Það er til mjög mikilla bóta að fella niður 12. gr. frv., því að það nær vitanlega engri átt að láta þessi lög ekki ná til prestakalla í kaupstöðum, þó að prestarnir hafi þar aðgang að öðrum bókasöfnum. Því að auðvitað eru þau fáskrúðug af þeim bókum, guðfræðibókum, sem sérstaklega kæmu prestum að gagni. Ég álit það

lika til bóta að benda mönnum á, að bókasöfnin þiggi bækur að gjöf. Ég ef- ast ekki um, að vekjast mundu upp menn, þótt ekki yrði almennt, sem mundu vilja nota þá leið til að styrkja þessi söfn. En við þetta atriði í 2. brtt. hv. menntmn. hefi ég gert þá brtt. á þskj. 64, að á eftir orðinu „Bókasöfnin“ komi „mega“, svo að málsgr. hljóði: „Bókasöfnin mega þiggi bækur að gjöf“. Þetta kann að þykja óþörf varúðarráðstöfun. En hver veit, nema einhver vildi bekkjast til við söfnin eða þá, sem að þeim standa, og finna upp á að troða inn í þau bókum, sem verst ættu við og ekki væri sómi að. En eins og þessi málsgr. er orðuð þýðir hún eftir al- mennu lagamáli: Bókasöfnin skulu þiggi bækur. Mér skildist hv. frsm. vera heldur meðmæltur þessari till. og eins hinni næstu, 2. brtt. á þskj. 64, um að kostnaður við störf bókanefndar greiðist af bókakaupafé. N. yrði að taka sér aðstoð, ef hún ætti að standa í sam- bandi við öll bókasöfnin, sem yrðu á annað hundrað.

Þriðja brtt. mín á þskj. 64 er langsam- lega þýðingarmest. Eftir frv. var ætlað til, að ríkissjóður veitti 10 þús. kr. á ári til að koma upp bókasöfnum. Ef Alþingi fellst á, að hér sé um verulega þarfar stofnanir að ræða, þá er varla hugsan- legt, að hægt sé að skipta minna fé en 10 þús. í meira en hundrað prestaköll. Þó að varið væri svo sem 100 kr. handa hverju safni á ári og gert ráð fyrir, að 50 kr. kæmu annarsstaðar frá, sýnist svo stillt í hóf, að ekki gagni minna og alls ekki veitt um skör fram. Það sýnist ómögulegt að leggja upp með minna en 150—200 kr. til að koma bókasafni á fót. Þegar frá liður, getur hugsast, að kom- ast megi af með minna. Ég legg því tals- verða áherzlu á þessa brtt., fyrst og fremst, að veitt verði allt að 10 þús. kr. á ári fyrst um sinn, en til vara 7500 kr., svo að rúmlega 100 kr. verði þó það, sem hvert prestakall fengi til jafnaðar, að meðtöldu því, sem kæmi annarsstaðar að.

Eins og hv. þdm. sjá, mundu söfnin vaxa mjög hægt. En ég held, að þetta sé merkileg hugmynd, sem koma megi allri þjóðinni að gagni. Beinlínis koma söfn- in að gagni með því, að menn geta feng-

Bókasöfn prestakalla.

ið lánaðar bækur úr þeim, en óbeinlínis með því að gera prestana auðugri í kenningum sínum og frjórrí, og þess mundi almenningur njóta. Svo að það væri ekki of mikið að verja til þessara safna 10 þús. kr. á ári.

Hv. frsm. talaði um ósamræmi á þessu og styrkjum til annara bókasafna. Það er rétt, ef þetta er talið eitt bókasafn. En ef þessi styrkur er klofinn í 100 parta, eru líklega engin bókasöfn styrkt með minna fé.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. Mér þykir ákaflega vænt um, að hv. menntm. hefir orðið sammála um að mæla svo eindregið með frv., og þessi ágreiningur, sem milli er um upphæð styrksins, hygg ég, að sé meir um það, hvað Alþingi sjái fært að veita, en um hitt, hvað æskilegast væri. Þá er rétt, að hv. deild hafi um nokkrar upphæðir að velja, til þess að sýna, hvað mikla rausn hún vill sýna þessu fyrirtæki.

Pétur Ottesen: Ég vildi taka undir með hv. þm., sem talað hafa, því að þetta er að sjálfsgöðu gott mál og rétt að styðja tilraunir til að auka þann bókakost, sem lærðir og leikir í landinu eiga aðgang að. Hinsvegar er ekki þýðingarminna að stuðla að aukningu bókasafna lestrarfélaga og sýslubókasafnanna.

Til sýslubókasafna hefir nú um nokkur ár verið veittur lítillsháttar styrkur, eða 2 þús. kr. á ári, sem vitanlega hrekkur mjög skammt, þar sem þessari litlu upphæð er skipt milli allra sýslubókasafna. T. d. hefir sýslubókasafnið í Borgarfjarðarsýslu fengið árlega 50 kr. af þessum styrk, þar til síðastl. ár, að styrkurinn féll niður í 35 kr. Sjá allir, að slíkur styrkur hrekkur skammt til bóka-kaupa.

Mér hefir dottið í hug, hvort ekki væri fullt eins heppileg leið, að þingið stuðli að því að efla þessi söfn með riflegri styrk, þannig að þau, auk þess að vera söfn til afnota fyrir almenning, hefðu einnig að geyma bækur sérfræðilegs efnis fyrir embættismenn, og það fleiri en presta. Á þann hátt gætu sérfræðiritin haft meiri þýðingu, þar sem fleiri menn hefðu aðgang að þeim. Ég vildi því beina

þeim tilmælum til menntm., að hún tæki til athugunar þessa bendingu mína um aukningu sýslubókasafnanna, þann veg sem ég nú hefi bent á. Tel ég, að á þann hátt verði náð almennari og betri árangri en með þessu frv.

Það má nú segja, að bendingar frá mér um þetta komi nokkuð seint fram, en það stafar af því, að ég var fjarverandi, er frv. var til 1. umr., en þá ætlaði ég að vekja máls á þessu.

Það verður eigi framhjá því gengið, að slíkt frv. sem þetta gefur fleiri stéttum tilefni til að krefjast slíkra bókasafna sér til handa. Sýslumönnum er vafalaust mikil þörf á að lesa beztu rit lögfræðilegs efnis, bæði innl. og útlend, sem út eru gefin. (MT: Og hreppstjórum líka). Ég býst nú ekki við, að farið verði að hlaða undir þá fremur en gert hefir verið. En sýslumenn stæðu því betur að vigi um leiðbeiningar þeim til handa, sem þeir væru sterkari á svellinu í lögfræðibekkingunni.

Annars skal ég ekki fjölyrða meir um frv., en vænti þess fastlega, að hugmynd minni um aukningu sýslubókasafnanna verði meiri gaumur gefinn.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að fjárhæð sú, sem um er rætt til bókasafna prestakalla, er ekki meiri en svo, að hún nægi aðeins til öflunar rita guðfræði- og trúfræðilegs efnis, enda er ekki til meira ætlað, nema þá skáldrita, er kunna að hafa sérstakt trúfræðilegt gildi. Þess vegna er það sjálfsgagt, að þessi söfn verði sérstæð og miðuð við sérþarfir presta.

Sá styrkur, er sýslubókasöfn og önnur almenn bókasöfn hafa notið frá ríkinu, hefir verið allt of lítill. Mun ég innan skamms leggja fyrir hv. menntm. till. um þetta efni, þar sem ég legg til, að opinber styrkur til almennra bókasafna verði hækkaður að mun. Viða hér á landi hagar þannig til vegna strjálbýlis og slæmra samgangna, að sýslubókasöfnin eru ekki fullnægjandi. Þarf því að koma á stofn hreppsboðkasöfnum, er láni út bækur eftir föstum reglum. Í Norður-Ameríku t. d., þar sem þessum málum er komið í sæmilegt horf, er veitt til al-

Bókasöfn prestakalla.

m. bókasafna fé árlega, sem svarar 1 kr. á hvern íbúa. Það mundi verða hér hjá okkur um 100 þús. kr. Um svo hátt tillag gæti vitanlega ekki verið að ræða hér á landi. Þá má geta þess, að undir hin væntanlegu bókasöfn prestakalla muni renna fleiri stoðir en styrkur úr ríkissjóði. Prestarnir mundu væntanlega gefa þeim margar góðar bækur guðfræðilegs efnis.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að tala um það, að óviðkunnanlegt væri að þröngva prestum til að geyma þær bækur, sem þeir alls ekki vildu þola í sínum húsum. Ég get fallizt á það, að ekki sé rétt að þröngva prestum til slíks, en hinsvegar er ég fullviss um, að það mundi örjaldan koma fyrir.

Nefndin sér ekki fært, eins og ég hefi áður sagt, að leggja með hærri styrk til bókasafna prestakalla en 4 þús. kr. Mun hæfilegt að skipta þeim styrk milli 50 prestakalla á ári. Ef fleiri væru styrkt, fengi hvert þeirra of lága upphæð, til þess að verulegu gagni yrði. (MG: Hver á að geyma söfnin, þegar prestaskipti verða?). Um það vantar ákvæði í frv., sem bætt verður inn í það við 3. umr.

Magnús Torfason: Ég verð að segja það, að mér þótti frv. þetta allundarlegt, er ég sé það fyrst. Sérstaklega fyrir það, að hér var um að ræða stéttarbókasafn. Mér varð á að hugsa svo, að hér væri um að ræða einkennilega stefnu, þar sem byrjað væri á skökkum enda, með því að stofna bókasöfn einstakra stétta úti um land, áður en nokkur verulegur styrkur væri veittur hinum almennu bókasöfnum.

Vegna strjálbýlis, fjárskorts og fleiri erfiðleika eiga sveitabókasöfn og önnur almenn söfn erfitt uppdráttar, ef þau eiga að verða almenningi að gagni. Þó mun vera aldarfjórðungur síðan eða meir, að menn komust á þá skoðun, að slík söfn ætti að styrkja af opinberu fé. Í Ísafjarðarsýslum voru til sveitabókasöfn fyrir fjórðungi aldar. Voru þau styrkt af sýslufé í öll þau 17 ár, er ég var þar, og uxu smátt og smátt. Svo er víðar á landinu, og þeim hefir fjölgað ár frá ári og þau hafa fengið meira fé til umráða.

Í Árnæssýslu hefir bókasafn einnig verið styrkt af fé sýslunnar um langan tíma. Að visu verður því ekki neitað, að heldur hefir dofnað yfir bókasafninu hin síðari ár. Stafar það aðallega af fólksfækkuninni í sveitunum. Þar sem ekki eru eftir á heimilum nema karl og kerling með hóp barna, verður litill tími til lestrar.

Hinsvegar má geta þess, að fyrir sjálf-sagt þriðjungi aldar var í Rangárvallasýslu lestrarfélag embættismanna og menntamanna, og gekk ég í það félag. Í félaginu voru flest prestar.

Þegar ég fór að heiman í vetur, var í ráði meðal menntamanna í sýslunni að koma slíku fél. á stofn, viðtækara en áður.

Ég verð að líta svo á, að þegar þing vill verða við óskum manna og þörfum fyrir betri bókakost, þá sé það ekki rétta leiðin að stofna stéttarbókasöfn, heldur beri að auka framlög til hinna almennu safna. Ég vil benda hv. dm. á það, að í 15. gr. 9. lið fjárlfrv. er ákveðið, að veita skuli 1 þús. kr. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum, gegn jafnháu tillagi annarstaðar frá. Aftur á móti er ekkert lagt til sveitabókasafna, sem ég hefði þó talið engu minni ástæðu til, ef til vill með því skilyrði, að jafnmikið fé kæmi á móti úr sveitarsjóðum.

Eitt er það, sem lítur út fyrir að ekki hafi verið hugsað til hlítar viðvikjandi þessu frv., og það er, hvort ekki sé heppilegt, að prestar skiptist á bókum. Mér skilst, að eftir því fyrirkomulagi, sem frv. leggur til, þá eigi hinar sömu bækur að vera í öllum söfnunum. Þetta finnst mér, að hefði mátt laga, því auðvelt ætti að vera fyrir prestana að skiptast á um bækur.

Loks gægðist fram sú skoðun hjá hv. frsm., er ég ekki bjóst við hjá svo frjállyndum manni sem hv. þm. V.-Ísf., er hann vildi fela prestunum ritskoðunarvald í hendur.

Ég álit, að þetta mál sé enn ekki nærri því gerhugsað og að það væri heppilegast að láta það biða úrlausnar enn um sinn, meðan rækilega er athugað, hvort ekki finnst aðrar leiðir heppilegrí.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Í umr. hafa fáar aths. komið fram um frv. sjálft.

Bókasöfn prestakalla.

Síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Árn., kom með þá einu aths., að heppilegt væri, að prestar skiptust á bókum úr bókasöfnnum sínum. Ég fellst á það, að svo megi vera, og mun bera fram brtt. um það við næstu umr.

Ég skal geta þess, að þar, sem um er að ræða fleiri en einn prest í sama prestakalli, er ætlazt til, að elzti presturinn að þjónustuárum geymi safnið. Það var misskilningur hjá hv. sama þm., að ég hafi mælt með ritskoðun. (MT: Þm. lagði blessun sína yfir hana). Það var hv. 1. þm. Reykv., sem gat um það, að prestur nokkur hefði brennt bók, er hann taldi skaðlega, en það er óhætt að fullyrða, að slík fyrirbrigði mundu verða fátíð, og í þetta skipti mun hafa verið um sérstakar ástæður að ræða.

Ég skal endurtaka það, að ég álit rétt að hlynna að hinum almennu bókasöfnnum betur en gert hefir verið, og fer frv. það, er ég mun leggja fyrir hv. menntmn., í þá átt.

Magnús Jónsson: Ég er alveg sammála hv. þm. V.-Ísf. og fleirum um það, að nauðsynlegt sé að auka og bæta almenn bókasöfn í landinu, og það skal ekki standa á minni fylgi með frv. í þá átt, sem skynsamlega er um húið.

Ég vil mótmæla því, sem komið hefir fram í umr., að með frv. um bókasöfn prestakalla sé byrjað á skökkum enda. Það er svo fyrir að þakka, að í landinu er til mikið af bókasöfnum fyrir almenn- ing. Hér er landsbókasafn og amtsbókasöfn, bókasöfn lestrar- og sýslufélaga, og smátt og smátt myndast bókasöfn um flesta skóla. Söfn þessi hafa mikið af góðum bókum bæði útlendum og inn- lendum, sem hafa almennt gildi, enda er í þessum söfnum mest áherzla lögð á öflun slíkra bóka. Hér hefir verið byrjað á réttum enda, en nú vantar bókasöfn sérfræðilegs efnis. Hin almennu bóka- söfn eru snauð af bókum guðfræðilegs efnis, meira að segja landsbókasafnið, sem mun þó það eina, sem hefir slíkar bækur, þó af skornum skammti sé.

Af þessum ástæðum verð ég að fallast á frv. um bókasöfn prestakalla. Ég held, að það sé ástæða til að ætla, að hlúð verði með sérstakri hlýju að slíkum

söfnum. Ég er þess fullviss, að margur sæmdarklerkur mundi leggja einstaka alúð við slíkt safn og reisa sér með því fagran og óbrotgjarnan minnisvarða. Einnig veit ég það, að margur sæmdar- klerkur mundi gefa slíku safni, er hann hefði til umsjónar, álitlegar bóka- gáfur.

Ég held, að það sé litil ástæða til að óttast það, að aðrar stéttir geri kröfu til bókasafna í sínum fræðigreinum, en ef það verður, þá er að taka afstöðu til þess, þegar þar að kemur. Það er viðurkennt, að prestar eru lakar launaðir en bæði sýslumenn og læknar og eiga því erfið- ara með að afla sér bóka af eigin ramm- leik, en þar við bætist, að þar sem þeirra starf er vakningarstarf, er einnig mest af þeim heimtað. Engri stétt er eins lífs- nauðsynlegt að fylgjast með straumum og stefnum tímans og einmitt prestun- um. Ég efast ekki um, að t. d. sýslumön- num sé gott að lesa í sínu fagi, en þeirra starf er þó aldrei fræðslustarf.

Engum embættismönnum er eins brýn þörf á að fylgjast með á sviði bókmennta eins og einmitt prestum og kennurum. (MT: En frv. er langt frá að vera ger- hugsað). Ég held, að frv. sé þó bezt komið einmitt með því að samþykkja það og á þann hátt verði það bezt hugsað, láta svo reynsluna kveða á um, hvort þörf sé breytinga. Þá geta tillögur um bóka- skipti og fleira komið til greina.

Þá er ég kominn að ritskoðuninni, sem hv. þm. V.-Ísf. vísaði réttilega til mín. Ég hefi aldrei verið ritskoðunar- maður, og er óhætt að lofa hv. 2. þm. Árn. að horfa fram á þann dag, að ég verði það. En ég álit, að það sé rétt að gefa prestum skýlausa heimild til þess að taka ekki á móti þeim bókum, sem þeir telja skaðlegar. Auðvitað mun sú heim- ild verða sjaldan notuð. En ef gjöfinni er beinlinis ætlað að vera særandi frá gefanda hálfu, þá er sjálfsagt, að prest- arnir hafi heimild til þess að þiggja ekki slíkar gjafir.

Hv. þm. V.-Ísf. gat um prest, sem hefði brennt bók eina, sem komizt hafði inn á heimili hans. Ég verð að segja það, að ég get ekki annað en borið virðingu og lotningu fyrir því, að prestur skuli hafa svo heilaga vandlætingu til að bera á þessum frjálslýndisdögum.

Hvað því viðvikur, að prestarnir þurfi að þekkja þann fjanda, sem þeir eiga að berjast við, þá geta þeir það auðvitað, þótt bækur mótstöðumanna trúar og kirkju séu ekki settar í bókasöfnin. Slikar bækur eru líka vanalega dægurflugur, og því ekki viðeigandi né nein þörf á því að setja þær í bókasöfn prestakalla. Annars fer það vitanlega eftir einkaskoðun hvers prests, hve strangt er tekið á þessum efnun.

Ég er, eins og ég hefi áður sagt, mótfallinn því, að strangur prestur og vandlætingasamur þurfi að veita bókum mótöku og geyma á heimili sínu, sem gefnar eru til þess að stríða honum eða særa hann sjálfan. Að þessu leyti er ég ritskoðunarmaður.

Ég skal svo ekki lengja umr. meir, en mér virðist, að hv. þm. beri góðan hug til frv., og vona ég, að það verði samþ. Framtíðin mun sýna, hvornig mál þessi gefast, og verður þá alltaf hægt um vik að koma fram nauðsynlegum breyt., ef þurfa þykir.

Einar Jónsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls, en ég fann mig neyddan til þess, er ég heyrði svo digurbarkalega talað af munnni guðfræðinganna hér í þessari hv. deild eins og raun varð á.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að prestar væru nauðsynlegastir allra embættismanna og þyrftu því meiri bókakost en aðrir. (MJ: Það hefi ég aldrei sagt). Jú, ég heyrði glöggt, að hv. þm. sagði þetta, og hefi það því rétt eftir. En ég spyr: Hvers vegna þurfa prestar meiri fræðslu en aðrir embættismenn? Er það af því, að þeir hafa verið meiri trassar á námsárum sínum en aðrir og numið lítið, eða af hinu, að þeir séu minnissljórri en aðrir embættismenn og þurfi því frekar en aðrir bækur til fræðslu og viðhalds sæmil. embættisskyldu?

Ég get ekki betur séð en að það séu prestarnir, sem minnst hafa að gera allra embættismanna, og séu þeir sú embættismannastétt, sem minnst skaðaði þjóðina, þó hyrfi úr sögu. Aðalstarf þeirra er fólgið í því að fara til kirkju á sunnudögum og messa, ýmist í hálfótum kirkjum eða yfir meðhjálpara og

sjálfum sér, og ekki fleirum. Jú, svo hafa þeir ýms aukastörf að visu, skíra börn, gifta þá, sem trúlofa sig, og jarða framliðna, ferma börn o. s. frv.; en fyrir öll þau störf fá þeir aukaborgun, þó lítil sé. — En safnast þegar saman kemur — og litlu verður Vöggur feginn. En ef á að fara að eyða fé úr ríkissjóði til þess að hlaða undir þá, frekar en aðra embættismenn, þá vildi ég helzt strika yfir hvorttveggja, bókasöfnin og prestana, en styðja fremur að fræðum lögfræðinga og lækna.

Hv. þm. V.-Ísf. bar fram skrifaða brtt. þess efnis, að ef fleiri en einn prestur væru í prestakalli, skyldi elzti presturinn hafa umsjá bókasafnsins. En ég vil geta þess, að það er ekki nema Reykjavík ein, sem hefir fleiri en einn prest, svo að brtt. þyrfti að vera greinilegar orðuð og hljóða til Reykjavíkur aðeins. En þetta verð ég að fyrirgefa hv. þm. V.-Ísf., þar sem hann hefir aldrei verið þjónandi prestur, þótt hann sé guðfræðingur, og er því eigi að tala fyrir fé á sína eigin hönd í þessari grein. — Hann hefir farið aðra leið hentugri þar — og tekizt vel. — Allt fer honum vel úr hendi — ef völd og peningar eru í framsýn.

Magnús Torfason: Ég hefi nú ekki ástæðu til að tala mikið um þetta mál eftir hina prestlegu ræðu hv. 1. þm. Rang., og það því fremur, sem hv. frsm. mótmælti ekki því, sem ég sagði um þetta mál.

Hv. frsm. gekk strax inn á skoðun mína um skipti á bókum milli prestakalla og bar þegar fram skriflega brtt. um slik bókaskipti. — Ég hefi sagt, að prestar hafi áður haft lestrarfélög og væri því réttara að bera fram frv. um bókasöfn prófastsdæma. Væri þá skemmra af stað farið, en hægur vandi að bæta um síðar, ef það reyndist ekki nægilegt.

Ekki get ég kannast við það, að prestar þurfi að afla sér meiri fræðslu og fylgjast betur með í sinni grein en aðrir embættismenn. Sumir embættismenn þurfa alltaf að kaupa nýjar og nýjar bækur, vegna þess, að þeirra greinum fleygir fram ár frá ári. En guðfræðin er í eðli sínu afaríhaldssöm, og ganga því guðfræðirit ekki eins fljótt úr sér og mörg rit önnur.

Og um þetta er það ennfremur að segja, að prestarnir hafa eina bók, sem ekki er dýr, og það er biblían. Ef þeir lesa hana vandlega, svo að þeir helzt kunni hana utan að, þá er hún hin bezta uppspretta fræða og lærdóms, sem þeir geta fengið. Því oftast, sem biblían er lesin, því merkilegri finnst manni hún og því meir finnst þar til að leggja út af. — Annars er ekki hægt að gera mikið úr þessum ræðum prestanna. Að visu eru þar einstaka skörunar, sem mjög vanda til ræðu sinnar og halda snjallar ræður, en margir líka fara í súrt. Það er sönn saga, að einu sinni lét prestur nokkur eftir sig 9 árganga af ræðum. Var það virt til fádæma, og sóttust margir embættisbræður hans mjög eftir því að fá ræðurnar. Fór svo að lokum, að dánarbúið fékk allmikið fyrir þær.

Ég verð að halda því fram samkv. framansögðu, að ekki sé enn kominn timi til að samþ. frv. sem þetta. Það, hvernig bókunum skuli skipt, er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem yrði tekið fram í reglugerð.

Hv. 1. þm. Reykv. endaði ræðu sína á því að lýsa ánægju sinni og velþóknun á því, að prestur einn skyldi brenna bók, sem komið hafði á heimili hans. En þetta er alls ekki nýtt hjá klerkastéttinni. Allar beztu bækur heimsins voru, a. m. k. fram eftir öldum, brenndar af klerkum. Það er auðvitað tilfinningamál, hve hrifnir menn eru af slíku, og ekki get ég meinað hv. 1. þm. Reykv. að vera það. En það er dálítið annað, er það kemur fram hjá hv. þm., að hann telur sérstaklega varið í það, að prestar séu „týrannar“. Ég verð að líta svo á, að þó að slíkir eiginleikar geti komið sér vel hjá sumum, svona í viðlögum, þá eigi þeir ekki að vera sérstaklega áberandi hjá prestum. Ég held þvert á móti, að prestarnir skilji það, að þeirra starf á að vera að bæta og hugga.

Magnús Jónsson: Ég get ekki annað séð en að þeir, sem eru frv. þessu fylgjandi, megi vera ánægðir með þau mótmæli, sem komið hafa gegn því. Þau mótmæli stafa ýmist af því, að prestar þurfi ekkert að lesa, þeir eigi aðeins að skíra og gífta o. s. frv., eða þá af

þeirri skoðun hv. 2. þm. Árn., að prestarnir eigi aðeins að lesa biblíuna. Er það alveg það sama, sem Múhamedstrúarmenn halda fram, er þeir banna allar aðrar bækur en kóraninn. Slík mótmæli sem þessi lýsa engu öðru en fullkomnu skilningsleysi á málinu.

Þá var hv. 2. þm. Árn. að tala um bókabruna klerkanna forðum. Ég vil minna á það, að frægasti bókabruninn var einmitt gerður í anda hv. 2. þm. Árn. Það var kalífi nokkur frægur, sem fyrir honum stóð, og lét hann brenna mikið og merkilegt bókasafn með þeim ummælum, að annaðhvort stæði það, sem í þessum bókum væri, í kóraninum, og væri þá óþarft, eða það stæði ekki í kóraninum, og væri þá skaðlegt. Þetta er alveg sama skoðunin og hjá hv. 2. þm. Árn., er hann segir, að prestar eigi ekkert að lesa annað en biblíuna.

ATKVGR.

Brtt. 63,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 64,1 samþ. með 15:3 atkv.

— 63,2 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 64,2 samþ. með 15:1 atkv.

— 63,3 (ný 4. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

— 64,3 (aðaltill.) felld með 14:3 atkv.

— 64,3 (varatill.) felld með 16:7 atkv.,

ad viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SvÓ, TrÞ, HK, JJós, MG, MJ,
nei: ÓTh, PO, SÁÓ, Þorlj, ÁÁ, BSt, BÁ,
EJ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, LH,
MT, JörB.

Fimm þm. (BSv, GunnS, HG, HV, JS) fjarstaddir.

Brtt. 63,4 samþ. með 15:6 atkv.

5 gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 63,5 (6. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 63,6 samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 63,7 samþ. án atkvgr.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 63,8 samþ. með 15:1 atkv.

Bókasöfn prestakalla.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 63,9 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 17:1 atkv.

— 63,10 samþ. með 19 shlj. atkv.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 63,11 (12. gr. falli niður) samþ. með 14:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 131, 135, 141).

Sveinn Ólafsson: Ég á brtt. á þskj. 141, sem að vísu er of seint fram komin, en ég vænti þess þó, að hún fái að koma til atkv. Legg ég til, að í stað 4000 kr., sem frv. gerir ráð fyrir, að varið verði árlega til bókasafna prestakalla, komi 6000 kr. Við 2. umr. um þetta mál lá hér fyrir brtt., sem ég fylgdi og fór fram á, að þetta framlag yrði hækkað upp í 7500 kr. Var sú brtt. felld, og flyt ég því þessa till. til miðlunar. Sjá allir, að þegar fara á að skipta 4000 kr. í 100 staði, kemur svo litið í hvern stað, að litlu sem engu munar. Satt er það að vísu, að ekki fæst mikið fyrir þetta fé, þó að framlagið verði hækkað samkv. till. minni, þar sem ekki er nema um $\frac{1}{3}$ hækkun að ræða, en heldur bætir það þó úr skák en hitt, og með því að síðar kynnu að finnast betri ráð til úrlausnar í þessu efni, þætti mér betur fara, ef till. yrði samþ. Mér skilst einnig, að þessi bókasöfn prestakalla muni verða verulegur stuðningur fyrir þau bókasöfn, sem nú eru víða fyrir í sveitum, a. m. k. fremur en hin stærri söfn, svo sem amtsbókasöfnin, sem fjarlægðirnar gera flestum að harmabrauði. Ætti það öllum ljóst að vera, að annað tveggja er að ætla söfnum þessum sem svarar 60 kr. hverju til uppjafnaðar á ári, eða að fella þau alveg niður.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að vera að fjölyrða um þetta, en vil endurtaka þá ósk mína, að till. verði vel tekið og að hún finni náð fyrir augum hv. þm.

Forseti (JörB): Þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 135 og 141, mun ég leita afbrigða frá þingsköp-
Alpt. 1931. B. (43. löggjafarþing).

um, til þess að þær megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þær brtt., sem ég flyt hér á þskj. 135, voru boðaðar við 2. umr. þessa máls og þá ræddar til þeirrar hlítar, að ég hyggt, að óþarft sé við að auka.

Út af till. hv. 1. þm. S.-M. skal ég aðeins láta þess getið, að n. hefir óbreytta skoðun hvað þetta framlag snertir, enda ætti að vera nokkur styrkur í 4000 kr. til sérþókasafna presta, ef 2000 kr. eru nokkur styrkur fyrir sýslubókasöfnin.

ATKVGR.

Brtt. 141 felld með 13:4 atkv.

— 135,1 samþ. með 14:1 atkv.

— 135,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 150).

Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 150, n. 259, 257).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Nál. 259 ber með sér álit meiri hl. n., svo ég ætla ekki að vera langorð. Það mun hafa vak-
ið góðar vonir allra kirkju- og kristindómsvina í landi voru, er hæstv. stjórn skipaði millipinganefnd til að ihuga kirkjumálin, og það því fremur, þar sem meiri hluti nefndarinnar var skipaður þekktum áhugasömum kirkjunnar mönnum, sem búast mátti við að störfuðu rækilega að þessum málum. Sú varð og raun-

Bókasöfn prestakalla.

in á. Frv. þau, sem liggja fyrir þinginu frá kirkjumálanefndinni, bera þess vottinn. En nú kemur til þingsins kasta um það, hvort þessar vonir rætast.

Ég verð að segja það um sjálfa mig, að ég varð fyrir vonbrigðum, þegar ég sá, að hv. Nd. hafði fært niður styrkinn til bókakaupa úr 10 þús. kr. í 4000. Mörgum kann að virðast, sem 10 þús. kr. séu mikið fé, en þegar það er athugað, að þeim er skipt í marga staðina, þá verður ekki mikið, sem kemur í hvern stað. En það, sem n. virtist þó aðalatriðið, var það, að fá viðurkenningu þessarar hv. deildar fyrir réttmæti frv. Enginn mótmælir því, að þörf er fyrir presta landsins að hafa gott bókasafn. Er eiginlega óþarfi að tala um það; hverjum hugsandi manni er þetta nauðsynlegt, og þarf ekki annað en að vísa til gamals málsháttar: „Betra er hefðtættum en bókárlausum að vera“. Það hefir einnig löngum verið gert í hefndarskygni að svipta menn bókum sínum, og vil ég í því sambandi benda á það, hvernig Norðmenn fóru með Hauge 1804, þegar þeir lokuðu hann inni í fangelsi og sviptu hann öllum bókum, öðrum en niðritum um þau mál, sem honum voru hjartfólgnumst.

Hv. Nd. hefir sýnt, að hún vill styrkja þetta fyrirtæki prestanna. Annars er ætlazt til, að bókasöfnin komi fleirum að notum en prestunum. Í 2. gr. frv. stendur: „Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis. Þó má og kaupa til safnanna almennar fræðibækur og úrvals skáldrit“, o. s. frv. Þetta er gert með tilliti til þess, að prestum er gert að skyldu skv. 9. gr. að lána bækur þeim safnaðarmönnum, sem þess óska, og sýnir þetta, að þessar bækur eru látnar prestunum í té með það fyrir augum, að aðrir geti notið þeirra líka.

Vitanlegt er það, að í kaupstöðum er oft kostur góðra bóka, svo að það virðist sem prestum sé þar ekki eins mikil þörf á bókasafni fyrir sig og söfnuðina. En þar, sem bókasöfn eru ekki fyrir hendi, er ekki annað að fara en í það litla bókasafn, sem hér er verið að tala um að stofna.

Það hafa komið fram brtt. frá hv. minni hl., en þær gera hvorki til né frá,

annað en að tefja fyrir málinu, og finnst mér það illa farið. Það, sem vakti fyrir meiri hl., var einmitt að tefja ekki fyrir framgangi málsins. En þó menn væru ekki ánægðir með það ákvæði í 4. gr. frv., að kostnaðurinn af starfi bókanefndar skuli greiddur af bókakaupafénu, þá var engan veginn til þess ætlazt, að þetta gæti orðið að arðberandi atvinnu fyrir neinn, heldur gert ráð fyrir því, að kosnir væru þeir einir, sem með óeigingirni vildu vinna fyrir þetta mál.

Það er ekki ástæða til að orðlengja þetta frekar, og ég læt hér staðar numið með þeirri ósk, að frv. nái fram að ganga.

Erlingur Friðjónsson: Það má segja, að ekki er mikið, sem meiri og minni hl. n. ber á milli, en mér virtist þó ástæða til að gera breytingu á frv., sem mér þótti betur fara. Meiri hl. telur hættu á því, að frv. nái ekki fram að ganga, ef breyt. eru gerðar á því, en ég tel ekki háskalegt, þótt frv. fari til einnar umr. í Nd., því ekki er svo liðið á þingið, að það verði ekki að sjálfsgöðu útrætt fyrir því.

Það, sem ég vil gera breyt. á, er orðalagið í 2. gr.: „Til bókasafna skulu aðallega keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis“. Auðvitað getur verið gott fyrir presta að hafa slíkar bækur sér til afnota, en almenningur mun lítil not hafa þeirra bóka. Í 2. gr. stendur, að þó megi kaupa til safnanna „almennar fræðibækur og úrvals skáldrit“, en það er gert ráð fyrir því sem aukaatriði, að í þessum söfnum séu almennar fræðibækur, en ég vil gera þær jafnrétttháar hinum heimspekilegu og guðfræðilegu bókum.

Gert er ráð fyrir því í 9. gr., að bókasafn prestakallsins verði „söfnuðinum að sem mestum notum“. Það virðist því vera allmikið ósamræmi í skyldum þeim, sem prestunum eru lagðar á herðar um að sjá um, að söfnuðinum verði sem mest not bókanna, ef hinda á hendur þeirra, sem bækurnar kaupa, aðallega við kaup bóka heimspekilegs efnis. Fyrir því vil ég leggja áherzlu á, að almennar fræðibækur verði sérstaklega keyptar til safnanna. Sagt er í 2. gr., að bókasöfnin megi taka við bókum að gjöf, hvers efnis sem eru. Ég vil, að þessu sé sleppt, því ekki er

þörf á að taka það fram í lögum, því að sjálfsögðu hafa bókasöfnin rétt til að þiggja bókaþjafa, ef þeirra er kostur, og rétt til að hafna þeim gjöfum, ef rétt þykir að gera það.

Í 1. málgr. 4. gr. er talað um, að kostnaður við störf bókanefndar greiðist af bókakaupafé. Ég flyt brtt. þess efnis við þetta, að bókanefnd starfi kauplaust, en útlagður kostnaður við starf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé. Orðalag frv. gæti skilizt þannig, að bókanefnd eigi að fá eitthvert kaup, en ég tel enga ástæðu til, að svo sé.

Þá er brtt. við síðustu málgr. sömu greinar. Þar er sagt, að bókasöfn afskekktu prestakalla gangi fyrir öðrum um styrkveitingar. Ég tel ekki rétt að orða málgr. þannig, því að sjálfsögðu er rétt, að styrkur sé aðallega veittur prestaköllum, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur eða söfnuður getur haft til afnota. En það þarf ekki að fara saman, að prestaköll séu afskekkt og að þau skorti bókakost. Grimsey mun vera afskekktasta prestakall á okkar landi, en þar er mjög vandað bókasöfn. Með tilliti til þessa tel ég nauðsyn á að gera þessa breyt. á 4. gr.

Ég hygg þess enga þörf að fara fleiri orðum um þessar brtt. Ég býst við, að hv. dm. skilji, hver er tilgangur minn með því að flytja þær, því að hann er sá, að bæta úr því, sem ég tel galla á frv. Að öðru leyti get ég fylgt frv., því að jafnvel þótt ég hefði frekar kosið, að þau héruð væru almennt styrkt til þess að koma upp bókasöfnum, sem ekki eiga þau fyrir, heldur en að binda þetta sérstaklega við prestana, þá viðurkenni ég nauðsyn þess, að bætt sé úr bókaþörf þeirra, og ef till. mín um að þessum styrk verði aðallega veitt þangað, sem engin bókasöfn eru fyrir, verður samþ., get ég vel fylgt frv. fram.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég finn ástæðu til þess að þakka hv. menntm. fyrir meðferð hennar á þessu frv. Nál. hennar gengur allt í velviljaða átt og líka þær brtt., sem hv. þm. Ak. stendur einn um.

En ég vildi leiðrétta litilsháttar mis-
skilning hjá hv. 6. landsk. viðvikjandi

nefndinni, sem hefir búið þetta mál undir. Það mátti skilja orð hennar þannig, að sumir nm. hefðu verið áhugasamir og afkastað meira en aðrir. Það getur verið, að þm. hafi ekki átt við þetta. En af því að ég fylgdist með í störfum n., er mér óhætt að fullyrða, að hún starfaði vel saman og árangurinn, sem varð, kom af því, að allir nm. lögðu eitthvað fram frá sér og sinni lífsreynslu.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég ætla strax að svara hæstv. dómsmrh. Ég vildi ekki kasta rýrð á neinn nefndarmanna, enda gerði ég það ekki. Mun hæstv. ráðh. þekkja orðatiltækið: „eigi lasta ég einn, þótt lofi annan“. Þau mál öll, sem kirkjumálanefndin hafði með höndum, eru svo nátengd prestunum og starfi þeirra, að þau hljóta að verða enn heitari áhugamál fyrir þeim heldur en leikmönnum, án þess að ég vilji á nokkurn hátt yæna þá um áhugaleysi.

Viðvikjandi brtt. minni hl. n. vil ég benda á, að ekki er sama fyrir prestana, hvaða bækur það eru, sem þeir hafa aðgang að. Viða hvar á Íslandi eru til lestrar söfn. Ég hefi séð ýms þeirra, og í sumum þeirra hefi ég varla nokkra bók séð þannig, að presturinn sem slíkur hefði sérstök not af.

Hvað snertir borgun fyrir störf bókanefndar, þá er það tekið fram í 3. gr., að prestar eigi sjálfir að borga flutningsgjaldið af bókunum, og það er vitanlega aðalkostnaðurinn. Annars gætu orðið litilsháttar útgjöld við bréfaskriftir og bókantannir, og það yrði því hið eina, sem félli til bókanefndar, því að laun til hennar virðast mér ekki geta komið til mála. Í frv. var upphaflega tekið fram, að bókanefnd skyldi starfa alveg kauplaust. Hv. Nd. sleppti þessu ákvæði. Ég get að visu ekki ímyndað mér, að bókanefnd fari að ásælast kaup fyrir starfa sinn. En allur er varinn góður, og ef einhverjir menn veldust til þessa starfs, er svo aumlega hugsuðu, þá er ástæða til að taka þetta greinilega fram. Mér þykir engin ástæða til að láta málið þvælast lengur hér í hv. d., þegar allir eru eiginlega sammála um það, sem máli skiptir. Get ég því látið máli minu lokið og vænti þess, að hv. d. samþ. frv.

Bókasöfn prestakalla. — Tilbúinn áburður.

Erlingur Friðjónsson: Ég vildi frá mínum sjónarhóli mótmæla því, sem hv. 6. landsk. var að halda hér fram, að bókasöfn yfirleitt, sem prestar gætu átt kost á, væru þannig, að prestar gætu ekki á nokkurn hátt haft gagn af þeim. Ég býst við, að hv. þm. hafi aðallega í ummælum sínum átt við afskekktari presta, en þessi orð eru allhörð, ef þeim er stefnt yfirleitt til bókasafna á þessu landi, sem vel má skilja.

Viðvíkjandi kaupi bókanefndar skal ég benda á það, að jafnvel þótt í grg. fyrir frv. sé gert ráð fyrir því, að bókanefnd starfi kauplaust, þá verður það ekki að neinu leyti séð af frv. eins og það liggur fyrir nú. Og að sjálfsögðu verður aðallega farið eftir lögnum, en ekki því, hvað staðið hefir í grg. frv., a. m. k. alls ekki, þegar frv. hefir tekið mjög miklum breytingum, eins og þetta frv. hefir gert í Nd. Það mætti e. t. v. taka tillit til grg., ef frv. væri samþ. óbreytt, en því er ekki til að dreifa hér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 257,1.a. samþ. með 8 : 4 atkv.
— 257,1.b. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 257,2.a. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 257,2.b. samþ. með 8 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
- 5.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 281).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 281).

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 321).

4. Tilbúinn áburður.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til 1. um breyt. á l. nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhalls-son): Lög þau, sem sett voru á þinginu 1928 um tilbúinn áburð, heimiluðu ríkisstj. að létta undir með bændum um áburðarkaup í þrjú ár, 1929—31. Nú lítur stj. svo á, að sú reynsla, sem fengizt hefir, sé þannig, að sjálfsagt sé að halda þessu áfram, a. m. k. um sinn; og með þessu frv. er stungið upp á, að um næstu þrjú ár verði látin í té sama aðstoð.

Um hitt orkar nokkuð tvímælis, í hvaða formi ætti að bera þetta fram. Eins og það er nú fram borið, er það á sama veg og gengið var frá því á þinginu 1928.

Annars get ég vísað til athugasemdanna við þetta frv. En til viðbótar vil ég þó geta þess, að miklir erfiðleikar eru á framkvæmd þessa máls eins og því var breytt og nú gildir. Búnaðarfélagið og áburðareinkasalan hafa framkvæmt þetta, og það hefir komið í ljós, að ómögulegt er að komast hjá töluverðu ranglæti. Ég er alls ekki ánægður með að flytja málið í þessu formi, en ég gat ekki fundið aðra leið heppilegri.

Ég lagði þetta frv. fyrir búnaðarþingið, sem nú er háð, og það afgreiddi á fundi í morgun nýjar tillögur, sem eru einkonar bil beggja og auðveldari til framkvæmdar. Ég mun gera ráðstafanir til þess, að sú nefnd, sem fær frv. til meðferðar, fái þær röksemdir og tillögur, sem búnaðarþingið gerir.

Tilbúinn áburður.

Að öðru leyti mun væntanlegri nefnd standa opið að fá upplýsingar frá einkasölunni, Búnaðarfélaginu og einkum starfsmanni þess, Árna Eylands, sem aðallega hefir um þetta mál fjallað. Tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en legg til, að málinu verði vísað til landbn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 146, 147).

Frsm. (Páll Hermannsson): Í frv. því, sem stj. lagði fyrir Alp. 1928 um tilbúinn áburð, var gert ráð fyrir því, að gefin yrði heimild um óákveðinn tíma til þess að greiða úr ríkissjóði flutningsgjöld á áburði til landsins. Við meðferð þingsins tók þetta atriði þeirri breyt., að heimildin var gefin, en var miðuð við 3 ár, árin 1929, 1930 og 1931.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er reyndar eingöngu framhald af þessari þriggja ára heimild. Í frv. er farið fram á að framlengja á ný um 3 ár heimildina til þess að greiða úr ríkissjóði farmgjöld af áburði til landsins. Landbn. hefir orðið sammála um að mæla með því við hv. d., að þetta frv. verði samþykkt. Þetta hefir n. látið í ljósi á þskj. 136. Ég þarf ekki að segja fleira um þetta frv. fyrir n. hönd. Það kom í ljós strax á þinginu 1928, að ýmsir þm. litu svo á, að það mundi vera rétt, þar sem ríkið greiddi fyrir flutning til landsins, að það greiddi líka fyrir flutning um landið. Á því þingi komu fram raddir um þetta. Það varð þó ekki úr því á því þingi, en á næsta þingi var lögumum breytt á þann hátt, að inn í þau var sett ákvæði um styrk til landflutnings áburðar. Frv. gerir reyndar ráð fyrir því, að þessi lög verði felld úr gildi, en bæði hefir það komið í ljós á búnaðarþingi því, sem fyrir skömmu var haldið hér, að allir fulltrúarnir á því þingi á litu, að ekki væri rétt að fella niður þessa

heimild til styrktar flutningum um landið, og eins er vitanlegt, að margir hér á Alp. lita eins á málið. Það vill svo til, að 2 af þeim, sem eiga sæti í landbn., hafa sömu skoðun um þetta. Hv. 4. landsk. og ég höfum því í félagi leyft okkur að bera fram breyt. við frv. á þskj. 147, sem gengur fyrst og fremst í þá átt að gera nokkuð fyrir landflutninginn.

Á þinginu 1929 voru búnar til reglur í stórum dráttum um það, á hvern hátt skyldi greiða fyrir landflutningi. Það var ætlað til þess, að ríkið verði til styrktar flutnings á áburði upphæð, sem svaraði til farmgjalds til landsins, en tæki nokkuð af því, sem hefði komið til þeirra, sem bezt eru staddir, og verði því til þeirra, sem verst eru staddir, þ. e. til þeirra, sem þurfa að flytja áburðinn langa leið á landi.

Ég veit, að hv. þdm. er kunnugt um þetta, en vil geta þess, að við reynslu þá, sem við höfum fengið á þessu, hefir komið í ljós, eins og margan grunaði strax, að þetta fyrirkomulag er þunglamalegt og erfitt til framkvæmdar.

Í till. okkar um þetta atriði höfum við hugsað okkur að taka upp aðra reglu. Við höfum hugsað okkur, að greitt yrði úr ríkissjóði farmgjald til hafna hér á landi, en auk þess yrði greitt fyrir landflutning þannig, að greiða fyrir kostnað við flutning á landi fyrir vegalengdir, sem færu fram úr 30 km., eftir nánari reglum, sem atvinnuáráðuneytið í sambandi við Búnaðarfélag Íslands setur þar um. En við höfum einnig hugsað okkur að vinna upp á líkum grundvelli og lagt var til 1929 líka upphæð þeirri, sem til landflutningsins er varið, með því að leggja framvegis hærra prósentugjald á en áður var leyfilegt.

Eftir lögumum frá 1928 um tilbúinn áburð er heimilt að leggja á áburð 2%. Á síðastliðnu ári námu innkaup á útlendum áburði fullum 700 þús. kr. og á sama ári var varið til styrktar landflutningi allt að 20 þús. kr. Þess má geta, að á síðasta ári var landflutningsstyrkurinn veittur fyrir vegalengdir, sem voru umfram 20 km.

Þegar menn vita, að varið hefir verið til landflutnings á síðastl. ári um 20 þús. kr. og þær eru nálægt 3% álagning á vör-

Tilbúinn áburður.

unni, geta menn ímyndað sér, að 2% álagning í viðbót mundi nokkurnveginn svara til þess kostnaðar, sem fer til flutnings umfram 30 km.

Búnaðarþingið lagði til fyrir sitt leyti, að flutningur á landi yrði styrktur fyrir vegalengdir, sem væru umfram 40 km. Okkur flm. þótti þessi merkilína liggja nokkuð hátt, einkum með hliðsjón af þeirri reglu, sem notuð var á síðasta ári, að miða við vegalengdina inn í miðjan hrepp. Þá geta ýmsir bændur verið án styrks, sem flytja þurfa áburðinn 60 km. eða jafnvel lengra. Annars er það álitamál, hvar setja á markið.

Þó að landbn. hafi öll orðið sammála um að mæla með frv., höfum við tveir samt fundið ástæðu til að bera fram till. á þskj. 147. Fyrsta till. er um að styrkja landflutning fyrir vegalengdir, sem lengri eru en 30 km. Önnur till. er um að bæta 2% við álagningu til þess að vinna upp kostnað, en þriðja grein er afleiðing af þessu.

Ég vildi mega vænta þess, eins og ég fyrir n. hönd óska þess, að þessi hv. deild sjái sér fært að samþ. frv. þetta, að hún gefi einnig orðið sammála um að samþ. þessar brtt.

Jón Baldvinsson: Nál. sjálf gefur það til kynna, að sumir nm. vilja gera breytingar á frv. Ég hefði sannarlega getað fallið á að láta frv. ganga fram óbreytt, þótt ég í n. hafi látið það álit uppi, að réttast væri að framlengja lögin um eitt ár í senn. Upprunalega voru lögin sett til þess að örva bændur til þess að kaupa tilbúinn áburð. Notkun tilbúins áburðar hefir líka aukizt mikið og hefir orðið mikið gagn af því fyrir ræktunina. Hinsvegar getur verið álitamál, hversu lengi eigi að styrkja það, og mér finnst, að þingið ætti að taka það til umhugsunar ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti, hvort þessum styrk eigi að halda áfram.

Nú eru lögin búin að standa síðan 1928 og voru þá sett til þriggja ára. Þetta er og orðinn verulegur liður í fjárlögum. Árið 1930 var það áætlað 30 þús. kr., en fór 70 þús. kr. fram úr áætlun. Nú í fjárlögum eru ætlaðar til þessa 50 þús. kr., og ef gert er ráð fyrir áframhaldandi aukningu á notkun áburðar, þykir mér

sennilegt, að greiða verði upp undir 100 þús. kr. næsta ár. Og árið 1932 hygg ég, að það muni enn hækka, sérstaklega ef viðbót sú, styrkur til landflutninga, sem hér er borin fram, verður samþ.

Tveir nm. vilja láta heimila ríkisstj. að greiða kostnað við flutning á landi, sem fer fram úr 30 km., og þess utan á að greiða fyrir flutning til landsins. — Það má gera ráð fyrir því, að fyrst hafi notkun áburðar byrjað við sjávarsíðuna, en með þessum styrk hefir notkun hans aukizt hjá bændum inni í landi, og það virðist hafa verið tilætlunin að koma þeim upp á að nota hann. En þegar búið er að kenna þeim að nota áburðinn og séð er, að það kemur að gagni, þá finnst mér vera tími kominn til að athuga, hvort ekki eigi að draga úr framlögum ríkissjóðs til þessa. Ég hefði getað sætt mig við að samþ. frv. eins og það er, en ég mun greiða atkv. móti brtt.

Hv. frsm. sagði, að búnaðarþingið hefði gert till. til Alþingis um að styrkja landflutninga, er um vegalengdir yfir 40 km. væri að ræða. Og það er mér kunnugt um, að búnaðarþingið felldi till. um að miða styrkinn við 30 km. með 11 eða 12 atkv. gegn 1. Hér er því gengið mun lengra heldur en búnaðarþingið treystir sér til að fara. Hefi ég ekki fleiri athugasemdir að gera, en mun greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 147, en býst við að greiða atkv. með frv. óbreyttu, þó að ég hefði kosið, að það hefði farið skemmra. Þó ber ekki að skilja orð mín svo, að ég sé að telja það eftir, að bændum sé veittur þessi styrkur. En ef blaðað er í fjárlögum síðustu ára, sést þar, að veittar eru allalítlegar upphæðir til landbúnaðarins. Við þetta er auðvitað ekkert að athuga, ef ríkið getur það og hinir atvinnuvegirnir eru ekki vanræktir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhalls-son): Ég get látið í ljósi ánægju mína yfir því, að öll n. skuli leggja til, að frv. verði samþ. Ég gat þess, er ég bar fram þetta frv., að ég hefði verið í vafa um það, hvort framlengja bæri lögin eins og gert var á þingi 1928 eða 1929. Og ég gat þess um leið, að ég hefði viljað ráðgast um ýms atriði við búnaðarþingið og vita, hvort ekki fengist einhver millileið. Sú

Tilbúinn áburður.

leið fékkst, eins og hv. frsm. gat um, enda munu brtt. á þskj. 147 vera í aðalatridum samkv. vilja búnaðarþingsins. Var stungið upp á tveim leiðum. **Annarsveg-**ar þeim möguleika að miða þennan styrk við ákveðinn stað, eins og t. d. á Austurlandi að miða þetta á Fljótsdalshéraði við Egilsstaði, og hér á Suðurlandsundirlendinu við Ölfusárbrú. Hinsvegar varð sú niðurstaða búnaðarþingsins að binda þessa styrkveitingu við 40 km. Hefir því meiri hl. n. farið bil beggja. Við lögðum til, að þetta yrði miðað við 20 km., búnaðarþingið 40 km. og n. 30 km. Skál ég ekki gera þetta að ágreiningsatriði. Get ég vel fallið á 30 km., þótt ég játi hinsvegar, að það hefði orðið einfaldara í framkvæmdinni að miða þetta við 40 km. Getur vel verið, að það verði miðað við 40 km. næst.

Hv. 2. landsk. lýsti yfir því, að hann væri málinu fylgjandi. Og hann sagði réttilega, að það væri álitamál, hve lengi þessi styrkveiting ætti að haldast. Stj. hefir líka álitid, að framlengja bæri þessa styrkveitingu aðeins til ákveðins tíma í senn. Og það út af fyrir sig skiptir ekki miklu máli, hvort framlengt er aðeins til 2 ára eða 3, eins og ráð er fyrir gert í frv.

Það er að visu satt, að þetta eru allverulegir liðir í fjárl., eins og hv. 2. landsk. benti á. En það er sízt ástæða til að láta sér vaxa í augum þá liði, sem miða að aukinni framleiðslu. Og það gleður mig að sjá, hversu stórir þessir liðir eru í fjárl. Það sýnir bezt, hvað bændur álíta sig hafa mikið hagræði af að nota þennan áburð.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að álitlegar fjárhæðir fara til landbúnaðarins. Ekki skil ég, að það komi honum neitt á óvart, því að hann hefir lagt atkv. sitt til þess um mörg ár. Og ég býst við, eftir forsögu þessa hv. þm. hér á þingi, að hann vilji einnig fá þessa fjárhæð lögtekna. Vitanlega dettur mér ekki í hug að halda, að hann sjái eftir því fé, sem fer til þessa. En ég býst við, að hann, þegar hann talar um álitlegar fjárhæðir, meini fallegar fjárhæðir.

ATKVGR.

Brtt. 147,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, PH, PM, IP, JóhJóh, GÓ.

nei: JBald, JP, BK, EÁ, EF, GL, HSteins. Brtt. 147,2—3 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 13).

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 287).

Frsm. (Einar Jónsson) [óyfirl.]: Svo er háttað um not og nauðsyn þessarar vöru, sem nú er til umr., að telja má líklegt, að aukin jarðrækt eigi mikið undir því, hvort mönnum sé gert kleift að nota hana.

Málið er, eins og hv. d. er kunnugt, búid að vera til meðferðar í Ed. og komið til þessarar deildar. Í Ed. var leitazt við að gera breytingar á frv., en þær náðu ekki fram að ganga. Það mun hafa verið eftir ósk Búnaðarfélagsins, að farið var fram á þessar breyt. um tilfærslu á vegalengdum og álagningu á tilbúnum áburði, sem er fluttur inn í landið. Það eru til lög frá 1928, sem gilda um þetta efni, en þar er ekkert rétt um þetta atriði út af fyrir sig, hvort bændur, er uppi í landinu búa, skuli njóta styrks til flutnings. En í

Tilbúinn áburður.

reglugerðarákvæðum er gert ráð fyrir, að þær vegalengdir, sem eru umfram 20 km., skuli styrktar af ríkinu eftir samkomulagi við atvinnuáráðuneytið og Búnaðarfélagið. Þar er gert ráð fyrir, að álagið nemi 2%. Brtt. Ed. fer fram á, að vegalengdin sé færð úr 20 km. upp í 30 km. og álagningin fari úr 2% upp í 4%, en vegalengdin er 40 km. hjá Búnaðarfélaginu.

Nú hefir Búnaðarfélagið óskað, að n. tæki ákvæðin í frv. eins og búnaðarþingið hafði samþ. Nú hefir landbn. komið að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að fara aðra leið, millileið milli þess, sem Ed. vildi fara, og þess, sem búnaðarþingið samþykkti með öllum greiddum atkv. Þessi brtt. landbn. er á þskj. 287. N. hefir orðið sammála um það að ákveða vegalengdina 35 km. og álagið á vöruna 3%. N. er sammála um, að þetta sé líklegasta leiðin og vonar, að hv. d. taki því vel. En þó að deildinni sýnist önnurhvor leiðin réttari, sem Ed. vill fara og svo Búnaðarfélagið, eða þá einhver þriðja leiðin, þá er n. fús til að hlusta á það, þó að henni sé kærast, að frv. verði samþ. með þessum breyt. á þskj. 287.

Ég legg ekki út í það að halda langa ræðu um nauðsyn málsins. Það vita þeir bezt, sem sveitum og jarðrækt eru kunnugir, að nauðsynlegt er, að liðlegheit fái st frá ríkinu til hjálpar mönnum, sem eiga erfitt með aðflutning. Ég býst við, að flestir eða allir þm., þó að þeir séu ekki kunnugir búskap í sveit, geti gert sér grein fyrir því, hverjum erfiðleikum er bundið með aðflutning fyrir þá, sem eiga heima 100 km. frá höfn, eða jafnvel 200 km., þar sem þessi þungavara á að koma til nota. Mun láta nærri, að flutningsgjald þeirra, sem lengst búa, nemi jafnmiklu og verð vörunnar. Sýnist mér því sanngjarnt að rétta þessum mönnum hjálparhönd. Landbn. og ég persónulega væntum hins bezta af deildinni, að hún samþ. það, sem n. hefir lagt til. — Til þess að teyja ekki tímann, ætla ég að láta nægja þessi fáu orð.

Hannes Jónsson: Þessi ákvæði, sem gilt hafa um endurgreiðslu á flutningskostnaði á landi á tilbúnum áburði, hygg ég hafi reynzt alstaðar illa og erfiðlega í

framkvæmdinni. Því ber ekki að neita, að menn hafa mismunandi aðstöðu í þessu efni. Þeir, sem lengst búa frá kaupstöðunum, standa verr að vigi en hinir, sem nær búa, um notkun þessarar vöru. En það er ekki einstakt með þetta. Það er á mörgum sviðum öðrum, sem menn verða að gjalda þess, að þeir hafa verri aðstöðu en þeir, sem búa nær kaupstöðum.

Þetta frv. miðar að því að upphelja þann aðstöðumun, sem stafar af mismunandi fjarlægðum frá höfnum eða öðrum erfiðleikum við flutning á áburði. En þá væri ekki síður þörf á að taka hann til greina á öðrum sviðum, t. d. við lánveitingar úr byggingar- og landnáms-sjóði. Það er ólíkt þægilegra að byggja upp fyrir þá menn, sem eiga skammt að flytja, en hina, sem búa uppi til dala eða úti til nesja og verða að flytja byggingarefnið sumpart langan veg og sumpart illan yfirferðar. Ég vil segja, að þegar um slikt er að ræða, þá er aðstöðumunurinn enn tilfinnanlegri en í þeim tilfellum, sem þetta frv. fjallar um.

Annað atriði er það, að enganveginn er einhlítt að miða flutningsstyrkinn við vegalengdirnar einar. Margt annað kemur þar til greina. Flutningsörðugleikarnir standa ekki ávallt í réttu hlutfalli við vegalengd þá, sem um er að ræða. Þar ræður mestu, hvort vegurinn er góður eða illur. En n. hefir sýnilega ekki séð aðra leið til þess að takmarka styrkinn við en vegalengdirnar einar.

Ég hefi átt tal um þetta mál við fjölda manna, m. a. við formenn margra búnaðarfélaga, og hefir álit þeirra eindregið hniðið í þá átt, að þessi breyt. svari ekki kostnaði, því að menn verði aldrei ánægðir, heldur lendi allt í endalausum reiptogi um styrkinn. Ég skal taka það fram, að þetta álit byggist alls ekki á neinni togstreitu milli hinna pólitísku flokka í þinginu, því að menn úr báðum flokkum eru á þessari skoðun. Menn telja þessa tilhögun aldrei verða nema til óþæginda á ýmsa lund, og að hún skapi alls ekki fullt réttlæti í úthlutun styrksins, enda ókleift að finna nokkurn mælikvarða, sem styrknum skuli úthlutað eftir.

Ég mun ekki fjölyrða um þetta frekar,

enda átti þetta einungis að skoðast sem grg. fyrir atkv. minu. Það er langt frá því, að ég sé andvígur þessu máli í sjálfu sér, eða að ég telji þessa menn ekki vel styrksins verða, heldur eru það örðugleikar á framkvæmdinni, sem valda því, að ég get ekki verið málinu fylgjandi, a. m. k. ekki í þessari mynd.

Frsm. (Einar Jónsson) [óyfirl.]: Ég bjóst satt að segja ekki við, að menn létu sig í það að mótmæla þessu sjálfsgæða máli, enda skal það viðurkennt, að það voru enganveginn frek mótmæli, sem komu fram í ræðu hv. þm. V.-Húnv. Hann taldi þetta mál viðsjárvert, að því leyti einkum, að styrkurinn kæmi ekki réttlátlega niður, og fleira fann hann til í þá átt og gat þess, að n. hefði ekki séð aðra leið færa til þess að jafna niður styrknum en að miða hann við vegalengdir. Þetta er alveg rétt. N. fann ekki aðrar leiðir líklegri né réttlátari, og þess má geta, að búnaðarþingið, sem hafði þetta mál til athugunar, komst einnig að sömu niðurstöðu, og um hv. Ed. er alveg það sama að segja, og svo er um alla hina mörgu og vísu menn, sem um þetta hafa fiollað, að þeir hafa ekki fundið aðra leið betri. svo að þess er tæplega að vænta, að landbn. þessarar hv. d. sé þeim vitringum skipuð, sem sjái betur en allir aðrir, hvað rétt er í þessu atriði.

Hv. þm. var að tala um það, að hér væri um slíkt lítilræði að ræða, að engan munaði um, hvorki til né frá. En þessu er ekki svo varið, því að sannarlega munar þá mikið um að fá þennan styrk, sem langt eiga að flytja frá höfn eða kaupstað. Menn eiga erfitt með að gera þetta upp á eigin spýtur, og það er þess vegna ekki nema rétt og sanngjarnt, að ríkið hlaupi dálítið undir bagga með þeim, sem harðast verða úti. Ber og á það að líta, að með þessum styrk er fyrst og fremst verið að styðja að aukinni ræktun í sveitum, því að í mörgum tilfellum mundu bændur láta ógert að kaupa tilbúinn áburð, vegna hins gífurlega flutningskostnaðar.

Um það, hvar mörkin skuli sett um vegalengdina, má vitaskuld deila, en hjá því varð ekki komizt, að setja þau einhversstaðar, og þess vegna tiltók n. 35

Alpt. 1931. B. (43. löggjafarþing).

km., en vel má vera, að annað verði betra, enda er það ekkert aðalatriði.

Ég vona svo, að menn sjái sér fært að greiða fremur fyrir þessu máli, þar sem hér er ekki um mikinn útgjaldaauka að ræða, en hinsvegar stórmikið nauðsynjamál að styðja að aukinni túnrækt í landinu. Á hinn bóginn er sjálfsagt að taka því með þökkum, er fram koma bendingar um eitthvað það, sem betur má fara í þessu frv., eða um aðrar leiðir, sem líklegri væru til betri árangurs.

Hannes Jónsson: Það er að visu rétt, að þetta er mér ekkert kappsmál, hvorki til né frá, en hitt þótti mér rétt að benda á, að bæði eru miklir örðugleikar á framkvæmd frv., og svo er það á hinn bóginn fremur lítið og óverulegt, sem vinnst. Fáir bændur taka meira en sem nemur $\frac{1}{2}$ —1 tn. af áburði á ári, svo að flutningsstyrkurinn mundi tæplega nema meðalbónda meira en svo sem 20 til 40 kr. um árið, og suma bændur miklu minna. Það skal játað, að þessi útreikningur á ekki við hvað Suðurlandsundirlendið snertir, en er fremur miðaður við aðra landshluta, t. d. Norðurland, þar sem víðast er fremur skammt upp frá höfnum. Þess vegna er hér almennt ekki um neitt stórræði að tefla, a. m. k. í sam-
anburði við þann aðstöðumun, sem kemur fram í flutningum t. d. byggingarefnis; þar nemur flutningskostnaðurinn mörgum hundruðum króna, en þó er ekki hið minnsta tillit tekið til þess við lánveitingar úr byggingar- og landnáms-
sjóði. En ef á að fara að upphefja þennan aðstöðumun, þá lægi miklu nær að byrja annarsstaðar, þar sem þörfin er meiri. Á hitt hefi ég einnig bent sem staðreynd, að niðurfjöfnun styrksins er svo miklum vandkvæðum bundin, að engin von er til, að menn verði ánægðir. Er þá illa farið, ef ekki stærra mál en þetta á að verða til þess að koma á sundrung og reiptogi innan sveitanna, og virðist það í öllu falli mjög varhugavert að lögbinda möguleikana fyrir því, eins og þetta frv. miðar að. Þess vegna hefi ég ekki talið það ómaksins vert fyrir ríkisvaldið að fara að hlaupa í skrápana fyrir þá, sem verri aðstöðu hafa hvað flutninga snertir. Annars er mér þetta svo sem

Tilbúinn áburður.

ekkert kappsmál; ég veit það fyrir víst, að mínir kjósendur eru yfirleitt þessu andvirgir, og sama hygg ég, að megi segja um fjölda manna um allt land. Ég get viðurkennt, að gildandi lög um þetta efni eru mjög gölluð, og má vera, að till. n. miði að sumu levti í rétta átt, en yfirleitt er ég mótfallinn þessari stefnu frv., af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar greint.

Lárus Helgason: Ég skal ekki tefja umr. að ráði, enda hefir hv. frsm. reifað málið til nokkurrar hlitar, og þarf ég litlu við að bæta. Ég vil einungis segja það, að mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hv. þm. V.-Húnv. fer að blanda saman þessu frv. og byggingar- og landnáms-sjóði. Ég sé ekki, að það tvennt sé nokkuð skylt. Ég sé enga skynsamlega ástæðu til þess, að þótt bændur eigi erfitt um flutning byggingarefnis, þá þurfi endilega að gilda hið sama um þessa vöru. Þeir menn, sem styrksins eiga að njóta samkv. þessu frv., eiga að jafnaði erfitt með alla flutninga, en þetta frv. miðar til þess að létta undir með þeim um flutning þessarar vörutegundar, meðfram til þess að stuðla að aukinni notkun hennar, túnræktinni til eflingar. Hér er þess vegna bæði um sanngirnis- og nauðsynjamál að ræða, og mun ég ekki trúá því, fyrr en ég tek á, að hv. þdm. geti fengið af sér að bregða fæti fyrir þetta sjálfsagða mál.

Pétur Ottesen: Mótmæli hv. þm. V.-Húnv. gegn þessu frv. byggðust á því einkum, að yfirleitt séu ekki gerðar ráðstafanir til þess að gera aðstöðumun þeirra, sem langt eiga að flytja eða skammt, minni en hann er nú. Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er alls ekki aðalatriðið í málinu, heldur hitt, að með þessu frv. er verið að greiða fyrir mönnum um notkun tilbúins áburðar í þágu aukinnar jarðræktar í landinu. Hér er því fyrst og fremst um stuðning við jarðræktina að ræða. Með því að greiða einungis flutningskostnað á áburðinum til landsins, kemur flutningsstyrkurinn mjög ójafnt niður; þeir, sem búa við kaupstaði eða hafnir, fá greiddan allan flutningskostnaðinn, en hinir, sem búa

lengra burtu, í mikilli fjarlægð frá þeim stöðum, sem áburðurinn er lagður á land, fá ekki greiddan nema lítinn hluta af þeim raunverulega flutningskostnaði. Viða er það svo, að flutningskostnaður áburðarins frá útlöndum til hafnar hér er ekki nema lítill hluti af flutningskostnaðinum frá höfn og heim til notenda. Það er því nokkurnveginn auðsætt réttlætismál, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að þessi styrkur komi sem jafnast niður að tiltölu og sem bezt að notum, og með það fyrir augum er þetta frv. flutt. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. V.-Húnv. að blanda hér öðru óskyldu inn í. Mér er ekki heldur kunnugt um, að úthlutun styrksins hafi valdið sérstökum erfiðleikum, og ég sé enga ástæðu til þess að ætla slíkt, þótt þetta frv. yrði að lögum. Að styrkurinn mundi valda sundrun og óánægju, er fjarri öllu vili. Hinsvegar verður að taka nokkurt tillit til þess, að fram er komin áskorun frá nýafstöðnu búnaðarþingi um að láta þetta mál ganga fram, enda er full ástæða til að ætla, að vilji bænda almennt liggi að baki þessum till., og er það mjög að vonum. Það á vitaskuld við engin rök að styðjast, að það verði svo torvelt að skipta styrknum niður, að það eigi fyrir þá sök að hverfa frá þessu sjálfsagða fyrirkomulagi.

Annars er það um okkur hv. þm. V.-Húnv. að segja, að við húum báðir nálægt höfnum, og við megum því í rauninni vera ánægðir með gildandi lög hvað snertir okkur sjálfa. En ég vil segja hv. þm. það, að við megum ekki kippa okkur upp við það, þótt okkar hlutur verði eitthvað minni fyrir það, að landflutningarnir verði eitthvað styrktir líka, og við megum alls ekki vera á móti málinu fyrir þá sök. Við verðum að líta á þörf þeirra, sem erfitt eiga um flutninga. Við verðum að hafa það hugfast, að með þessu erum við að styðja að aukinni túnrækt og nýyrkju í landinu.

Hannes Jónsson: Ég stend upp til þess að bera af mér sakir. Hv. þm. Borgf. bar mér á brýn hlutdrægni í þessu máli og gaf í skyn, að afstaða mín til málsins væri af þeim rótum runnin. Þetta er tilhæfulaust með öllu, enda mælt gegn betri

Tilbúinn áburður.

vitund. En hv. þm. Borgf. ætti sízt á þennan veg að mæla. Hann veit, að hann hefir miklu betri aðstöðu til heimflutninga en flestir aðrir, sem búa lengra frá höfnum, en þó vill hv. þm. ekkert gera til þess að jafna þennan aðstöðumun þar, sem hann er tilfinnanlegastur, en í þessu tilfelli, þar sem hann er óverulegastur og skiptir engu máli, vill hv. þm. sýna lit á að gera hann að engu. Þetta er skinhelgi hjá hv. þm., og hann ætti sízt að bregða öðrum um þær ávirðingar, sem hann er sjálfur þunglega haldinn af, enda er þessi afstaða hv. þm. ekki sprottin af góðgirni til máls og manna, heldur af siðferðishræsni og yfirdrep-skap.

Bjarni Ásgeirsson: Það er óþarfi að gera þetta að hitamáli, eins og nú virðast allar horfur á. Ég get tekið undir það með hv. þm. V.-Húnv., að með þessu frv. er langt frá fengið fullt réttlæti í útlutun slíks styrks, en hitt er efamál, að nær verði komið hinu rétta. Og með þessu frv. er mjög létt undir með þeim bændum, sem lengst eiga að flytja, t. d. bændum á Suðurlandsundirlendinu, og þegar hinsvegar er á það litið, að samkomulag varð um þetta á síðasta búnaðarþingi, þá ættum við að geta sætt okkur við að afgreiða málið í þessari mynd, en láta gamlar væringar í þessu máli falla niður. Ég held, að þessi lausn málsins verði í alla staði talin forsvaranleg og viðunanleg, en ef aðrar leiðir kynnu að finnast heppilegri, þá er sjálfsgagt að athuga þær og breyta frv. með tilliti til þess, ef mönnum þykir það betur fara.

Pétur Ottesen: Út af ummælum hv. þm. V.-Húnv., að þessi styrkur skipti engu verulegu máli fyrir bændur, sem langt eiga að flytja, þá nær slíkt vitanlega engri átt. Það er vitanlegt, að flutningskostnaður áburðarins á landi er sumstaðar margfaldur við það, sem kostar að flytja hann frá útlöndum og hingað upp til hafna. Og ef hv. þm. V.-Húnv. á annað borð viðurkennir, að styrkur til áburðarflutnings sé nokkurs virði fyrir þá, sem kaupa áburðinn, þá hlýtur hann að játa, að það er réttlátast, að þeir njóti hans hlutfallslega við aðra,

sem lengst þurfa að flytja og oft og löngum um slæma vegi. Í þær sveitir, sem fjarst liggja kaupstöðunum, er flutningskostnaðurinn svo mikill, að hann fer hátt upp í verð áburðarins sjálfs. T. d. kostar 9 kr. að flytja tunnu af áburði frá Reykjavík austur í Hreppa. Hv. þm. vill, að þeir, sem næst búa kaupstöðunum, fái allan flutningskostnað greiddan, en hinir, sem lengra eiga að flytja, ekki nema litinn hluta. En ég vil leyfa mér að mæla á móti slíkum tillögum, sem eru freklega ósanngjarnar og óeðlilegar.

Hv. þm. talaði um það, að afstaða mín til þessa máls væri aðeins fyrirsláttur. Þetta er með öllu rangt; ég hefi sýnt það í verkinu, að mér er það fullkomið alvörumál, að styrkurinn til áburðarflutningsins komi sem réttlátlegast niður. En skilsmunurinn er, að hv. þm. V.-Húnv. brestur sanngirni til þess að fylgja mér í þessu, og getur ekki hafið sig upp úr þeirri þröngsýni að miða allt við sjálfan sig og þá, sem eins er ástatt um og hann, að þeir búa í kaupúnum.

Sigurður Eggerz: Mér finnst þessar brtt. n. vera mjög góðar, og ég hygg, að ég muni að sjálfsögðu greiða þeim mitt atkv. á sínum tíma. Ástæðan til þess, að ég stóð upp, var aðeins sú, að mér datt í hug að beina því til n., hvort henni sýndist ekki, að færa mætti niður vegalengdartakmarkið fyrir styrkveitingu, t. d. í 25—30 km. úr 35 km., eins og það er í brtt. n. Sannleikurinn er sá, að víða í héruðum geta verið mjög slæmir vegir innan við 35 km. frá kaupstað, og virðist þá eigi með öllu sanngjarnt, að þeir fái engan styrk, er þar búa. Yfirleitt eru uppástungur n. góðar og miða til bóta, en ég vildi aðeins skjóta því til hv. n., hvort hún vildi ekki taka þessa bændingu mína um takmörkun vegalengdar til greina fyrir 3. umr. Það er aðeins sanngirniskrafa, sem ég geri ráð fyrir, að n. taki til greina, en að öðrum kosti mundi ég gera um það brtt. fyrir 3. umr.

Frsm. (Einar Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal svara fyrir hönd n. fyrirspurn hv. þm. Dal. um það, hvort n. muni fús til að stytta takmarkið um vegalengdina viðvíkjandi styrknum úr 35 km. niður í

Tilbúinn áburður.

20 km. Ég hygg, að til muni vera þeir menn í n., er gjarnan vildu stytta eitt-hvað vegalengdartakmarkið, en n. fór í tillögum sínum mikið eftir því, er henni þótti sennilegt að mundi ná samþykki þingsins. Í Ed. var flutt till. um það að hafa takmarkið 30 km., en sú till. var felld, af því að það þótti of lágt. Aftur var þetta mál rætt á nýafstöðnu búnaðarþingi og þar samþ. að leggja til, að vegalengdin skyldi framvegis miðuð við 40 km.

Landbn. þótti nú sennilegt, að ekki þýddi að hafa takmarkið neðar en 35 km., þar sem hærra takmarkið, 40 km., hafði verið samþ., en lægra takmarkið, 30 km., var felld. Af þessum ástæðum tel ég, að n. muni ekki sjá sér fært að breyta till. sínum í þessu efni, þó að ég geti hinsvegar sagt það fyrir sjálfan mig, að ég gæti verið því hlynntur.

Hannes Jónsson: Hv. þm. Borgf. hefir játað það, að tilgangurinn með þessu frv. eigi að vera sá, að jafna aðstöðuna milli þeirra, sem búa langt, og þeirra, sem búa skammt frá verzlunarstöðunum. Hann hefir einnig játað, að miklu stórvægilegri sé aðstöðumunurinn með tilliti til flutnings á efni til þeirra bygginga, sem byggingar- og landnámssjóður lánar til, og að full þörf sé að reyna að draga úr þeim flutningskostnaði. Það er rétt hjá honum, að þar er um miklu stærra atriði að ræða, — en hvers vegna hefir hv. þm. ekki reynt að berjast fyrir því að jafna þann aðstöðumun?

Annars hefir hann ekki að jafnaði virzt vera „spenntur“ fyrir því að gera alla jafna, en ef til vill er hann nú að hníga inn á þá braut, og þá útfærir hann sjálfsagt sína nýju stefnu á fleiri sviðum. En ég vil aðeins benda hv. þm. á, að eins og flutningsstyrk var úthlutað síðastl. ár samkv. gildandi lögum, þá hefir það verið reiknað út, að bændur austur í sveitum hafa fengið borgaðar nokkrar kr. á hverja tunnu fram yfir flutningskostnað, og ætti það að vera honum sönnun fyrir því, að þessi ákvæði um styrk til flutnings á landi voru lítt hugsuð af honum í upphafi, þó að nú sé að visu nokkuð breytt til batnaðar.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Ég tók ekki eftir því, hvað hv. frsm. sagði, að meint væri með brtt. á bskj. 287 um 3% álagningu á áburðinn, hvort ætlað er til, að einkasalan fari að græða á þessari verzlun. En ég vil taka það fram, að ef svo er, þá er ég brtt. algerlega mótfallinn. (JS: Þessi 3% eiga aðeins að vera fyrir kostnaði). Fyrst svo er, þá er ég líklega ásáttur með þessa brtt. Ég vildi aðeins vita vissu mína um það atriði, og ef svo er, að þessi 3% eigi að fara til þess að greiða nauðsynlegan kostnað við verzlunina, þá sé ég mér ekki annað fært en að greiða atkv. með brtt.

Hinsvegar get ég tekið það fram, út af ágreiningi milli þeirra hv. þm. Borgf. og hv. þm. V.-Húnv., að ég fellst miklu fremur á skoðun hv. þm. Borgf. Mér finnst, eins og hv. form. landbn. hefir tekið fram, að hér sé ekki um sambærileg mál að ræða. byggingar og ræktun.

Þegar þetta mál var í fyrstu til umr. hér í þinginu, var ég mótfallinn ríkisstyrk til flutnings á áburðinum milli landa; ég taldi hann óeðlilegan, en hallaðist fremur að því, sem nú er komið á daginn, að styrkja þá til flutninga á áburði, sem lengst eiga að sækja til verzlunarstaða.

Fors.- og atvnrh. (Tryggvi Þórhalls-son): Ég hefi nú um hrið, meðan mál þetta hefir verið rætt, verið bundinn við umr. í Ed. og veit því ekki, hvað búið er að tala í málinu hér. Ég vil aðeins bera fram þakklæti mitt til landbn. fyrir það, að hún hefir einróma fallizt á þetta frv.

Ég vildi þó aðeins geta þess, sem frsm. ef til vill hefir tekið fram, að þetta mál var rætt mjög ýtarlega á nýafstöðnu búnaðarþingi og að þessi brtt. hv. n. um styrk til þeirra manna, er þurfa að fá áburðinn fluttan meira en 35 km. veg, er mjög nálægt því, sem þar var samþ. að leggja til.

Þá vil ég minnst á það fyrirkomulag um afgreiðslu á áburðinum, sem verður eftir brtt. n. og einnig samkv. því, sem búnaðarþingið lagði til að tekið væri upp, eftir leiðbeiningum frá þeim ráðunaut Búnaðarfélagsins, er mest hefir um þetta fjallað. Má telja vist, að þetta fyrirkomulag verði betra heldur en það,

sem gilt hefir síðan 1929 og reyndist vafningasamt og erfitt fyrir einkasöluna. Eins og kunnugt er, var felld í Ed. till. um 30 km. lágmark fyrir styrkinn, en ég býst við, að deildin muni samt fallast á þessa till. um að hafa lágmarkið 35 km., ef það verður samþ. hér í Nd.

Sigurður Eggerz: Ég vildi vekja athygli hv. landbn. á því, að með því að ákveða skilyrðið fyrir flutningsstyrk svona hátt, 35 km., þá verða sum héruð alveg útilokuð frá því að njóta þessa styrks; þannig er það um mitt kjördæmi. Úr því að n. vill ekki ganga inn á að lækka takmarkið, mun ég flytja brtt. um lækkun á því við 3. umr. Mér þykir það hart, ef gera á mitt kjördæmi að slíkri hornreku, sem er þó eitt bezta landbúnaðarhérað á landinu.

ATKVGR.

Brtt. 287,1 samþ. með 21 : 1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 287,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 287,3 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tek-
ið til 3. umr. (A. 308).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og end-
ursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
(A. 308).

Á 41. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tek-
ið til einnar umr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Sú breyt.,
sem hv. Nd. hefir gert á frv. þessu, er
nökkurnveginn samskonar og brtt., sem
meiri hl. landbn. hér bar fram við frv.,
en felld var hér í þessari hv. deild.

Brtt. fór fram á það, að heimilað væri
að styrkja landflutning áburðar fyrir
vegalengdir umfram 30 km. Hv. Nd. hefir

samþ. að styrkja flutning, sem fer fram
úr 35 km. Hinsvegar lögðum við til hér
að hækka álagninguna úr 2% upp í 4%,
en hv. Nd. hefir samþ. að hækka álag-
ninguna upp í 3%.

Aðrar breytingar hafa ekki verið gerð-
ar í hv. Nd., og eins og að líkum ræður,
getur meiri hl. landbn. vel fellt sig við,
að frv. verði samþ. eins og það liggur
fyrir nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr.
sem lög frá Alþingi (A. 346).

5. Fiskimat.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 19. júní
1922, um fiskimat (stjfrv., A. 77).

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Frv. þetta er lagt fyr-
ir Alþingi formsins vegna, samkv. 23. gr.
stjkskr., og er shlj. bráðabirgðal., sem
gefin voru 21. sept. síðastl. Þótt varla
þurfi að athuga þetta frv. í n., þá vil ég
þó samkv. beiðni hæstv. forsrh., sem er
veikur og fjarstaddur, óska þess, að frv.
verði að umr. lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.
og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tek-
ið til 2 umr. (A. 77, n. 97).

Benedikt Sveinsson: Þar sem hv.
frsm. í þessu máli, hv. þm. Vestm., er
ekki hér viðstaddur, finn ég ástæðu til
þess að geta þess, að sjútvn., sem mál
þetta hafði til meðferðar, vill eindregið
leggja það til, að frv. verði samþ. eins
og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 77, 143).

Sveinn Ólafsson: Frá því að þetta frv. kom fram og lá fyrir til 2. umr., hefir það gerzt, að sjútvn. hefir horizt erindi frá utanríkisstj. dönsku um það, að kvartanir hafi horizt frá spönskum stjórnarvöldum um efni bráðabirgðalaganna. En þessar kvartanir eru byggðar á því, að hagsmunavonir ýmsra spanskra þegna, einkum hafnarstarfsmanna og smásala, spillist við framkvæmd laganna. Sú ráðstöfun, að fyrirskipa flutning fiskjar héðan í umbúðum, kom beinlínis fram fyrir beiðni neytenda og milliliða í Barcelona á sínum tíma, og kemur því þessi kvörtun spanskra stjórnarvalda mjög óvænt.

Fulltrúi Íslands í utanríkisráðuneytinu, Jón Krabbe, hefir jafnhliða skýrslu um bréfaskipti við spönsk stjórnarvöld um málið lagt það til, að frv. verði breytt í þá átt, sem sjútvn. leggur til á þskj. 143, þ. e. a. s., að ráðuneytinu sé heimilað að skipa svo fyrir, að allur útfluttur fiskur sé bundinn í bagga og hafður í hæfilegum umbúðum. Og þessi ákvæði séu ekki eingöngu miðuð við Spán, heldur nái jafnt til allra Miðjarðarhafslaganna.

Eins og kunnugt er, hefir í seinni tíð nær allur fiskur, sem fluttur hefir verið til Spánar, verið í þeim umbúðum, sem hér um ræðir, þótt engin fyrirmæli séu um það í fiskimatslögnum frá 1922.

Með því nú að sjútvn. var ekki kunnugt um till. J. Krabbe fyrr en eftir 2. umr. málsins, þá gat þetta ekki komið fyrr fram hér í deildinni. Hæstv. atvnrh. fór þess á leit við n., að hún tæki þessar till. til greina og bæri fram brtt. við frv. í samræmi við framkomnar óskir spanskra stjórnarvalda um þetta efni.

Ég ætla svo eigi að fara fleiri orðum um þetta nú, en vænti þess, að hv. þdm. hafi getað áttað sig á málinu og viðhorfi þess og geti fallizt á brtt. n. á þskj. 143.

Ólafur Thors: Mér skilst á ræðu hv. frsm., að brtt. sjútvn. sé fram komin

Fiskimat.

fyrir ráðleggingu Jóns Krabbe. Ég hefi nú ekki mikið að segja um málið eins og það liggur fyrir frá hendi ríkisstj. samkv. bráðabirgðalögnum 21. sept. 1930. Ástæðan til þess, að lög þessi voru út gefin, er sú, að fiskkaupendur á Spáni sneru sér til íslenzka fiskifulltrúans á Spáni og fóru fram á, að slík fyrirmæli yrðu lögfest, en hann sneri sér til ísl. ríkisstj. Hafði hún málið til athugunar um hrið, en lagði það svo fyrir stjórn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Fiskifélags Íslands, og báðar þessar stofnanir tóku afstöðu til málsins og létu álit sitt í ljós. Síðan hafa svo aftur komið umkvartanir frá Spáni vegna þessarar lagasetningar. Var það eitt af minnstu innflytjendafélögnum, sem hafið hafði undirróður og síðan leitað á náðir spanskra yfirvalda, sem af ókunnugleika tóku upp þykkjuna og fóru fram á, að þessi ákvæði í bráðabirgðalögnum yrðu afnumin, en þau hnigu að því, að allur fiskur, er til Barcelona er fluttur frá Íslandi, skuli vera pakkaður. Ríkisstj. sneri sér aftur til áður nefndra félaga, og sé ég ekki ástæðu til að hverfa frá því, er þau hafa lagt til málanna. En þau svöruðu líkt og áður. Ég álit, að það sé til hagsmuna fyrir Ísland, að þetta ákvæði í bráðabirgðalögnum haldist, meðfram með tilliti til þess, að það eru minni líkur til þess, að fiskurinn skemmist við útskipun eftir að hann er metinn, ef hann er pakkaður á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í lögnum. En nú virðist mér meiningin með þessari brtt. sjútvn. vera sú, að fara í kringum þau ákvæði, er ríkisstj. hefir sett, og draga þannig úr áhrifum þess aðila, sem bezt vit hefir á þessum málum, nefnil. Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda og Fiskifélags Íslands. Ég fyrir mitt leyti sé alls enga ástæðu til þess að samþykkja þessa tillögu sjútvn. Það getur og ekki komið til mála, að spönsk stjórnarvöld taki upp nokkra þykkju gegn ísl. stjórnarvöldum út af þessum ákvæðum, vegna þess að krafan er frá Spánverjum sjálfum, og legg ég því til, að frv. verði samþ. óbr.

Sveinn Ólafsson: Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. G.-K. Hann lítur svo á, að með till. sjútvn. sé reynt að fara í

Fiskimat.

kringum ákvæði frv., eða a. m. k. tilraun gerð til þess að draga úr þeim. Þess ber vandlega að gæta og minnst, að sú venja er löngu komin á, að flytja nærfellt allan fullverkaðan fisk til Spánar í umbúðum og bundinn í bagga og ég býst ekki við, að nein breyt yrði á þessu, þó öllum yrði heimilað að flytja út fisk umbúðalausan. Að það yrði óþægilegt fyrir stj. að grípa til fyrirmæla till., vegna þess að komin er á rótgróin venja um sendingar í umbúðum, get ég ekki fallt á. Það yrði blátt áfram hrein undantekning frá venjunni, ef farið væri að flytja út umbúðalausan fisk.

Hinsvegar viðurkenni ég, að það er rétt hjá hv. 2. þm. G.-K., að þetta ákvæði var upphaflega sett í lögin eftir ósk fiskkaupmanna á Spáni. Þeir hafa sennilega ekki haft fyrir augum þann möguleika, að risið gæti ágreiningur út af þessum umbúðaflutningi. En það er nú fyllilega upplýst, að kvartað hefir verið undan því af hafnarvinnuönnnum á Spáni, þeim, sem flytja fiskinn í land, að pakkaður fiskur veitti þeim minni atvinnumöguleika en laus fiskur. En eftir því, sem Jón Krabbe stjórnarfulltrúi skýrir frá, þá er þó aðalástæðan fyrir mótmælunum frá Spáni eða mótsþyrnan komin frá smásölunum þar, sem dreifa fiskinum, og er það skiljanlegt. Þá mun það og hafa valdið nokkurri tortryggni hjá spönskum stjórnarvöldum, að bráðabirgðal. miða bannið eingöngu við Spán, en ekki hin Miðjarðarhafslöndin, þegar fiskur er fluttur þangað beint.

Ég sé ekki, að neinu sé í voða stefnt, þótt brtt. n. verði samþ. Hún ætti að fyrirbyggja alla tortryggni af hendi Spánverja og fyrirgirðir þó ekki útflutning á lausum fiski. — Finn ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta.

Ólafur Thors: Það er rétt hjá hv. frsm., að það er ekki mikilsvert atriði, hvor leiðin er farin. Ég kann því þó verr, að ekki séu föst l., sem ákveða um þetta, nema þá að alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Það er misskilningur, að það skipti engu máli, hvort lagafrumæli eru um það, hvort fiskurinn skuli vera pakkaður, eða ekki. Ástæðan til þess, að ósk um að fiskurinn skyldi vera

pakkaður kom fram, var sú, að fiskkaupmenn á Spáni vildu fyrirbyggja það, að smásalarnir gætu valið úr fiskinum, en það gátu þeir gert, ef hann var í stafla, ópakkaður. Þeir taka kannske 50, 100 eða 200 kg. í einu. Ef fiskurinn er pakkaður, verða þeir að taka 1, 2 til 4 pakka, eins og þeir koma frá isl. matsmönnum, en geta ekki valið úr. Það er vitanlega enginn hagur að því, að smásalarnir geti þannig gengið á rétt heildsalanna; þeim mun kröfuharðari verða þeir. En við viljum vitanlega halda fast við isl. matið, bæði til heildsalanna og smásalanna, og það næst með því að pakka fiskinn.

Mér virðist nú við athugun l. frá 1922 og till. auðvelt að koma þessu fyrir á heppilegan hátt. Ég vildi því mælast til þess, að málið verði tekið af dagskrá að sinni og að mér verði gefinn kostur á að ræða þetta mál við hv. sjútvn. Ég held, að vandalítið sé að koma þessu svo fyrir, að báðir geti orðið ánægðir.

Sveinn Ólafsson: Af því mér er það áhugamál, að frv. þetta verði athugað vel og að hvergi verði rasað fyrir ráð fram, vil ég fallast á það, að málið verði tekið út af dagskrá til fyllri athugunar. Ég vil gjarnan heyra till. hv. 2. þm. G.-K. Ég veit, að hann er kunnugri þessum málum en flestir aðrir, og vil ég því hlýða á till. hans um þau. Og ef hann hefir eitthvað nýtt um þetta að segja, sem reyndar hefir enn ekki komið í ljós, þá er rétt að taka það til athugunar. Leög ég því til, að umr. verði frestað.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Sveinn Ólafsson: Mál þetta var tekið út af dagskrá í fyrradag vegna ágreinings, er varð milli okkar hv. 2. þm. G.-K. út af brtt. sjútvn. við frv., á þskj. 143.

Nú hefir n. athugað þetta mál af nýju og orðið með samráði við hv. 2. þm. G.-K. ásátt um að láta brtt. n. standa óbreytta og koma þannig undir atkv.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessari ákvörðun, en ef hv.

Fiskimat. — Lögtak.

2. þm. G.-K. vill eitthvað um það segja, þá gerir hann það. Ég get aðeins tekið það fram, að þessi ráðstöfun er gerð til bráðabirgða, þar sem nú starfar nefnd utan þings að undirbúningi lagafrv. um fiskimat, sem væntanlega kemur fyrir þetta þing eða næsta þing. Þessa bráðabirgðaráðstöfun hefir hv. 2. þm. G.-K. fallizt á, ef ég hefi skilið hann rétt. Vænti ég svo, að hv. þd. samþ. frv. ásamt brtt. á þskj. 143.

Ólafur Thors: Ég vildi aðeins taka það fram, af því að ég heyrði ekki byrjun ræðu hv. 1. þm. S.-M., að sú niðurstaða varð í þessu máli, að samkomulag varð milli mín og sjútvn. um að fella ekki niður brtt., en leggja til, að hún verði samþ. til bráðabirgða.

Sú n., sem starfar að því utan þings að undirbúa frv. til l. um fiskimat, kemst einmitt að sömu niðurstöðu og ég hefði viljað gera brtt. um í málinu. Það er að visu óráðið mál, hvort frv. þessarar n. nær samþ. Alþingis, en hæstv. forsrh. hefir lýst því yfir við mig, að hann muni samþ. till. þær, er Fiskifélag Íslands og Félag isl. botnvörpuskipaeigenda leggi til, að verði samþ. Og þar sem forsetar beggja nefndra félaga eiga sæti í nefndinni, þá sé ég ekki ástæðu til frekari aðgerða að sinni en að samþ. brtt. sjútvn.

ATKVGR.

Brtt. 143 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 181).

Á 28. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 342).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd. og var samþ. þar án á-

greinings. Það er ofur einfalt og inniheldur ekki annað en það að heimila ríkisstj. að fyrirskipa, að allur útfluttur fiskur til Miðjarðarhafslöndanna sé bundinn í bagga og í merktum umbúðum. Þetta er ekki annað en lögfesting á því, sem venja hefir verið undanfarin ár. Allshn. telur sjálfsagt að veita þessa heimild og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 396).

6. Lögtak.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (þmfrv., A. 79).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta frv. er flutt til þess að létta innheimtu í stærri kaптúnum. Eins og nú er, þá er það ekki löglegt að auglýsa lögtak á opinberum gjöldum utan kaupstaða með einfaldri auglýsingu, heldur verður að birta hverjum einstökum manni lögtakið, ef það þarf fram að fara. En það kostar mikla fyrirhöfn og veldur óþörfum kostnaði og óþægindum við innheimtu, því að margir borga ekki gjöld sín fyrr en þeir sjá, að þau muni verða tekin hjá þeim lögtaki. Þetta er líka dýrt fyrir gjaldendur. Ég veit mörg dæmi þess, að kostnaðurinn við birtingu lögtaksins hefir orðið

Lögtak.

hærri en upphæð sú, sem taka átti lög-taki.

Frv. er flutt eftir einróma óskum margra kauptúna fyrir vestan, og vænti ég þess, að hv. d. fallist á það.

Ég hefi ekki viljað ganga svo langt að leggja það til, að sömu ákvæði gildi fyrir sveitirnar, því að þar getur vel staðið svo á, að hlutaðeigendum gefist ekki kostur á að sjá auglýsinguna um lögtakið, ef hún er aðeins birt á þennan hátt. Í sveitum er innheimtan líka léttari og fólk þar yfirleitt skilvisara á opinber gjöld.

Ég legg svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Það er fjarri mér að vilja leggja á móti þessu frv., en ég álit bara, að það gangi of skammt. Ég er ekki fyllilega samþykkur því, að nauðsynlegt sé, að aðrar reglur gildi um þetta í kaupstöðum en í sveitum. Ég held, að það hljóti að stafa af ókunnugleika hv. þm., að hann heldur því fram, að innheimta í sveitum sé léttari en í kaupstöðum. Eftir mínum kunnugleika álit ég erfiðara að innheimta gjöld í viðlendum sveitum en í kaupstöðum. Ég vil því beina því til n. þeirrar, sem á að fá þetta frv. til meðferðar, að hún breyti frv. svo, að það komi að sömu notum fyrir sveitir og þá staði, sem frv. ætlast nú til, að þessi ákvæði gildi fyrir.

Um kostnaðarhlíðina við innheimtuna vil ég segja það, að í sveitum hlýtur að vera meiri kostnaður af henni; ef kemur til birtingar lögtaks á eftir, þá getur kostnaðurinn orðið fersfalt meiri og tekur miklu meiri tíma.

Ég segi þetta ekki af því, að ég sé frv. mótfallinn, því að ég álit, að það feli í sér eðlilega breyt. En ég vildi aðeins benda n. á það, að í þessum efnum er nauðsyn sveita og kaupstaða alveg sú sama. Það getur því ekki á neinn hátt orðið málinu til skemmda, þó að þessi breyt. sé gerð á frv.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég er því á engan hátt mótfallinn, að n. athugi, hvort ekki sé rétt að rýmka svo ákvæði frv., að það taki líka til sveitanna. En ég er ekki viss um, að það sé nauðsynlegt eða heppilegt, nema þá að birtingarfrest-Alþt. 1931. B. (43. löggjafarþing).

urinn sé hafður lengri, a. m. k. hálfur mánuður.

Ég vildi ekki láta þessi ákvæði ná til þeirra þorpa, sem hafa færri en 300 íbúa. Íbúar stærri kauptúna stunda oftar atvinnurekstur þar í kaupuninu, en íbúar litlu kaupunanna eiga erfiðari aðstöðu að því leyti, að þeir verða að leita sér atvinnu hér og þar utan kaupunins. Þeir geta því farið algerlega á mis við birtinguna. Fyrir vestan er það svo víða, að menn koma ekki heim fyrr en á haustin, kannske ekki fyrr en síðari gjaldalagi er liðinn. Það gæti því verið óhentugt, að þessi ákvæði giltu þar, sem þannig stendur á, og þess vegna vildi ég ekki ganga lengra en ég gerði í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 79, n. 125).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er horið fram af hv. þm. N.-Ísf. Er þar gert ráð fyrir, að breyt. sú, sem farið er fram á í frv., skuli aðeins ná til kaupstaða og kaupunna með yfir 300 íbúa. Það er efni frv., að eigi þurfi að birta lögtak með stefnuvottum, þegar um opinber gjöld er að ræða, heldur skuli nægja að auglýsa það á venjulegan hátt. Við 1. umr. málsins óskaði hv. þm. Barð. eftir því, að ákvæði þessi væru látin gilda um land allt. Hefir allshn. fallist á það. Leggur n. því til, að frv. sé samþ. með þeim einum breyt., að þau ákvæði, sem hingað til hafa gilt í kaupstöðum, skuli framvegis gilda um land allt. Eftir því sem opinberum gjöldum fjölgar, verður lögtak tíðara. Er það ekkert annað en óþarfa kostnaður að láta stefnuvotta birta, ef um slík gjöld er að ræða, og alveg nóg að auglýsa á venjulegan hátt. Myndi þetta spara talsverðan kostnað. Vona ég svo, að hv. d. fallist á þessar tillögur.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil þakka hv. n. fyrir það, hvernig hún hefir tekið í

Lögtak.

málið. Mér finnst það þó varhugavert, að ekki skuli vera ætlað til, að sé meira en viku birtingarfrestur í sveitum. Í kaupstöðum mun oftast vera birt með viku fyrirvara, og mætti þá varla vera minna en hálfsmánaðar birtingarfrestur í sveitunum, til þess að allir geti glöggvað sig á því. Fundarboð eru venjulega birt með viku fyrirvara í sveitum, en oft vill verða misbrestur á, að allir geti séð þau á þeim tíma. Væri því ástæða til að hafa frestinn t. d. viku lengri þar. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga til 3. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég álit það sjálfsgagt, að n. verði við þessari ósk hv. þm. N.-Ísf. Þó held ég, að það sé tæplega nauðsynlegt að hafa frestinn lengri en eina viku. Með auglýsingu eða birtingu er farið að eins og venja er til um birtingar á hverjum stað, og eftir till. n. verður reglan sú, að aldrei má gera lögtak hjá neinum fyrr en viku eftir að hann hefir fengið um það að vita, að lögtak á að fara fram. Annars er sjálfsgagt að athuga þetta betur við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 125 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 157).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 157).

Á 27. fundi í Ed., 18. marz., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 243).

Frsm. (Pétur Magnússon): Samkv. lögum frá 1885 er það regla, að lögtaksbeiðnir séu birtar af stefnuvottum. Undanþága frá þeirri reglu veita þó lögín, „þá heimtir skulu í kaupstöðum skattar til landssjóðs, brunabótagjöld, bæjargjöld og önnur opinber gjöld“. Má þá birta lögtakið með venjulegri auglýsingu. Þessi undanþága mun sett í lögín í tvennum tilgangi: til að létta innheimtumönnum opinberra gjalda starfið, með því að spara fyrirhöfnina, sem því er samfara að fá lögtaksúrskurð og láta stefnuvotta birta hann, og í öðru lagi geri ég ráð fyrir, að vakað hafi fyrir löggjafanum að létta af gjaldendum kostnaðinum við það að láta stefnuvotta birta lögtakið.

Frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því, að hlunnindin, sem þessi umrædda undanþága veitir, nái einnig til kauptúna og sveitarfélaga. Þegar frv. var borið fram í hv. Nd. af hv. þm. N.-Ísf., náði það aðeins til kauptúna, sem hafa yfir 300 íbúa. En í meðferð d. var því breytt á þá leið, að það nái einnig til sveitarfélaga. Allshn. fellst á frv. eins og það er nú. Álitur hún áhættulaust, að undanþágan nái til allra hreppsfélaga á landinu, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og hv. Nd. gekk frá því. Það eina, sem hægt er að hafa á móti því að láta frv. ná til sveitanna líka, er það, að venjulegar auglýsingaaðferðir séu þar ekki nægilega tryggar. En ég held, að ekki sé ástæða til að óttast það. Og þar sem enginn efi er á, að hér er um nokkurt hagræði að ræða, þá virðist einsætt, að frv. á fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 288).

Verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

7. Verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð (þmfrv., A. 67).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Þessar litlu breytingar, sem hér er gert ráð fyrir að gera um verzlanaskrár, eru undirbúnar og athugaðar af Verzlunarmannafél. Rvíkur og Verzlunarmannafél. „Merkúr“, svo að flm. hafa ekki ennþá haft tækifæri til að fara verulega út í frv.

Þegar lög voru sett 1903 um verzlanskrár, firmu og prókúruumboð, hafa menn látið firmu hljóða á eigið nafn. Þessu var breytt 1910 og síðan hefir verið alltitt, að óglöggð væri, hver á firma, sem gengur undir einhverju nafni. Þetta hefir komið því meir í ljós, sem lengra hefir liðið, og nú er það oft, að verzlun hljóðar á annað nafn en hins raunverulega eiganda. T. d. er verzlun kölluð — & Co., í stað þess að einn maður á hana, og á hann þá náttúrlega að vera skráður eigandi.

Verzlunarstéttinni hefir ekki þótt þetta nógu greinilegt. Breytingin, sem hér er farið fram á, er þess eðlis, að ef hún verður að lögum, verður að gera grein fyrir, hverjir ganga undir þessu og þessu firmanafni. Í nágildandi lögum segir svo: „Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna, frekar en hann sjálfur vill“, en samkv. þessu frv. yrði bætt aftan við: „ef atvinnan er rekin undir nafni hans sjálfs“.

Ég held, að ekki þurfi langar umr. um þetta, en óska, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 105).

Frsm. (Jón Ólafsson): Þetta litla frv. hefir fengið skjóta og góða afgreiðslu hjá allshn. — Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég færði fram til stuðnings þessu frv. við 1. umr., en óska, að það verði afgr. til 3. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 67).

Á 23. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, nr. 237).

Frsm. (Pétur Magnússon): Eins og tekið er fram í grg. frv., hefir það farið í vöxt síðari árin, að menn hafa valið firmum sínum ýms sérstök heiti önnur en nöfn sjálfra sín. Aðallega á þetta við um ýms verzlunarfyrirtæki og iðnaðar. Nöfnin eru ýmist innlend eða útlend, og jafnaðarlega gefa þau enga vísbending um, hver beri ábyrgð á fyrirtækjunum eða sé eigandi þeirra, svo að það hefir oft komið fyrir, að erfitt hefir verið, bæði fyrir einstaklinga og það opinbera, að vita með vissu, hver ætti að svara til skuldbindinga firmans. Frv. þessu er ætlað að ráða bót á þessum ágalla. Allshn. hefir haft það til meðferðar, og eins og sést á nál. 237, leggur hún til, að það

Verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. — Húsaskattur í Neskaupstað.

nái fram að ganga. En hinsvegar telur hún ekki nægilega skýrt fram tekið í frv., að hvert firma, sem vill taka sér annað nafn en eigandans, skuli vera skrásetningarskytt, svo að hún gerir þá brtt., að í stað orðanna „ef atvinnan er rekin undir nafni hans sjálfs“ komi: „nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda“. Nú er í rauninni ekki unnt að reka atvinnu undir annars nafni en sjálfs sín, þó að fyrirtækinu sé valið sérstakt heiti. Nafn eigandans á að fylgja með. Þess má geta, að 9. gr. laganna virðist taka það nógu skýrt fram, að firma einstaks manns skuli bera nafn hans. En þau lög eru nú orðin 28 ára gömul, og þessu ákvæði 9. gr. þeirra hefir aldrei verið beitt, og ég hygg það lítt kleift að taka fyrir öll brot gegn því. Þess vegna álitur n. fulla nauðsyn á þessu viðbótarákvæði. Og ég vona, að hv. deild fallist á það, að orðalag brtt. er miklu heppilegra og skýrara en áður í frv., og að hún sjái, hve nauðsynlegt er að breyta á þennan hátt fyrirmælum laganna um skrásetningu þessara fyrirtækja.

ATKVGR.

Brtt. 237 samb. með 12 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samb. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samb. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 252).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samb. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 33. fundi Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samb. við 3. umr. í Ed. (A. 252).

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samb. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 289).

8. Húsaskattur í Neskaupstað.

Á 3. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt: Frv. til l. um skatt af húseignum í Neskaupstað (þmfrv., A. 33).

Á 8. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Í aths. þeim, er frv. þessu fylgja, eru greindar ástæður til þess, að það er fram komið, og hefi ég þar litlu við að bæta. Til skýringar skal ég geta þess, að stofnkostnaðurinn við endurbætur þær á brunavörnum Neskaupstaðar, sem getið er um í aths. frv., er orðinn 16 þús. kr. samkv. upplýsingum bæjarstjórnar, auk hins árlega rekstrarkostnaðar. Til að standast þennan kostnað hefir bærinn orðið að taka lán, sem hann vitanlega verður að standa straum af. Af þessum ráðstöfunum hefir leitt tvennt bænum til hagsbóta: að hann á nú fullkornustu slökkvitæki, sem hægt er að koma við í slíkum hæjum, og að brunatryggingariðgjöld hafa fengizt lækkuð um 15%. Það virðist mjög sanngjarnt, að bærinn fái að leggja gjald á húseigendur til að standast kostnaðinn við þær ráðstafanir, sem beinlínis hefir leitt af sér þessa ívilnun á váttryggingariðgjöldum þeirra og veitt þeim meiri tryggingu gegn brunahættunni.

Einnig vil ég vekja athygli á því, að svo stendur á í Neskaupstað, eins og svo mörgum öðrum ungum bæjum, að mjög er ábótavant um frárænnisli frá húsunum. Og það fæst ekki lagfært nema bæjarstjórnin skerist í leikinn og láti leggja aðalleiðslurnar. Það er einstaklingunum um megn. Ég þarf ekki að lýsa, hvað afarmikilsvert það er hverjum kaupstað að koma í tíma góðu lagi á frárænnisli; hv. þdm. þekkja, hvaða afleiðingar vanræksla í þeim efnun getur haft.

Ósk bæjarstjórnarinnar um heimild til að leggja gjald á húseigendur til þeirra framkvæmda, er frv. greinir, virðist fyllilega á rökum byggð og réttmæt. Vona ég því, að hv. d. taki frv. með vinsemd.

Að endingu vil ég leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn. til meðferðar og athugunar.

Húsaskattur í Neskaupstað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33. n. 101).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki margt að segja fyrir hönd allshn. N. hefir fallið á frv. eins og það liggur fyrir. Og við 1. umr. tók ég allgreinilega fram ástæður fyrir frv. Í flestum — líklega öllum — bæjarfélögum á landinu gilda svipuð ákvæði og í þessu frv. En í þeim flestum mun einnig vera heimilað að taka skatt af lóðum, en í frv. er ekki gert ráð fyrir því, og ástæðan er, að nokkuð öðruvísi hagar til í þessum kaupstað en flestum öðrum. Ég hirði ekki um að skýra það nánar nú, en get þessa af því, að n. athugaði líka það atriði, hvort ekki væri rétt að leggja einnig skatt á lóðir. En eftir að hún hafði aflað sér upplýsinga um málið, sá hún ekki ástæðu til að taka slík ákvæði upp í frv.

Mál þetta er þannig vaxið, að hv. þdm. er það kunnugt frá samskonar málum á undanförunum þingum. Ég hefi því ekki fleira að segja fyrir hönd allshn. en að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 33).

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Ég hefi að svo komnu ekkert um þetta frv. að segja annað en það, að ég álit, að það eigi sem allra tafaminnst að geta gengið gegnum deildina, og legg ég til, að því verði að lokinni umræðunni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 279).

Frsm. (Lárus Helgason): Svo sem kunnugt er, er þetta frv. komið fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað í Norðfirði. Það er kunnugt, að samskonar lög og þessi hafa nú á síðari árum verið samþ. fyrir ýmsa aðra kaupstaði á landinu. Í grg. frv. er nokkuð komið inn á nauðsyn þessa máls. Er þess getið, að bærinn þurfi að leggja þennan skatt á til þess að standa straum af sorp- og salernahreinsun, sótn, framkvæmdum í brunamálum, holræsagerð o. fl.

Eins og nál. allshn. ber með sér, hefir n. orðið sammála um frv. eins og það liggur fyrir, og hefi ég því ekki meira um það að segja fyrir hönd n. en að hún væntir þess, að hv. þd. samþ. frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 304).

9. Jón Þorleifur Jósefsson vélstjóri.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa atvinnu-
málaráðherra til að veita Jóni Þorleifi
Jósefssyni skirteini til vélstjórnar á ís-
lenzkum skipum (þmfrv., A. 116).

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv.
tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., næsta dag, var frv.
aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Frv. þetta fer
fram á að heimila atvmrh. að veita Jóni
Þorleifi Jósefssyni skirteini til vélstjórn-
ar á íslenskum skipum.

Maður þessi hefir að norskum l. rétt-
indi til vélstjórnar á norskum skipum, og
þykir því sanngjarnt, að hann njóti
sömu réttinda hér. Eins og af grg. frv.
sést, hefir þessi maður fengið mjög mikla
æfingu í iðn sinni, og auk þess hefir
hann mjög gott orð á sér og er reglusam-
ur og passasamur í sínu starfi. Hygg ég,
að ekki yrðu vandfengin honum til handa
meðmæli frá skipaefstirlitsmanni ríkis-
ins eða vélaefstirlitsmanni, ef til þyrfti að
taka.

Það, sem gerir þessum manni nauðsyn-
legt, að þessi heimild verði veitt, er það,
hversu atvinna hans er stopul og óviss,
vegna þess, að undanþága sú, sem hann
verður að fá til þess að mega gegna vél-
stjórastörfum á íslenskum skipum, er
bundin því skilyrði, að vöntun sé á hæf-
um vélstjórum. Þar sem þessi maður
er hinsvegar mjög fær í sinni grein, virð-
ist ekki nema sjálfsagt, að honum séu
veitt sömu réttindi hér eins og hann hefir
í Noregi, enda er ekkert útlit fyrir annað
en að hörgull verði á góðum vélstjórum
hér á næstunni. Þó að nokkuð hafi rak-
að úr í þessu efni í seinni tíð, vantar
samt mikið á, að nóg sé af vélstjórum hér
enn sem komið er.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta
frekar og vænti þess fastlega, að hv. d.
geti fallizt á þetta sanngirnismál. Óska
ég þess, að málinu verði vísað til allshn.,
að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.
og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv.
tekið til 2. umr. (A. 116, n. 204).

Frsm. (Jón Ólafsson): Ég hefi litlu
við að bæta það, sem ég sagði við 1. umr.
þessa máls. N. hefir átt tal við skipaskoð-
unarmann ríkisins, sem líka er vélfræð-
ingur, og mælir hann með frv. N. álitur
einnig sjálfsagt, að þessum manni verði
veitt þessi réttindi, þar sem hann hefir
sýnt öll skilríki fyrir því, að hann sé til
þessa starfa hæfur.

Héðinn Valdimarsson: Fyrirvari minn
lýtur ekki að því, að ég hafi á móti því,
að þessum manni séu veitt þessi réttindi,
heldur tel ég það varhugavert, ef á að
fara að ganga inn á þessa braut, og vildi
ég því slá varnagla við því, að hér væri
um nokkurt fordæmi að ræða, ef svo
skyldi til takast, að síðar yrði sótt um
þetta sama.

Sigurjón Á. Ólafsson: Mér þykir það á
skorta í þessu máli, að ekki hefir verið
leitað umsagnar vélstjórafélagsins, því
að í slíkum málum sem þessu ætti að
fylgja þeirri reglu að leita umsagnar við-
komandi stéttarfélags. Má vel vera, að
vélstjórafélagið láti sig þetta mál litlu
skipta, en ég tel vafasamt, að stéttin í
heild sinni sé hrifin af því, ef fara á að
gangna inn á þessa braut. Ég fyrir mitt
leyti er mótfallinn þeirri stefnu að veita
með lögum einstökum mönnum réttindi
til jafns við þá menn, er verða að inna af
hendi margra ára nám, verklegt og bók-
legt.

Þetta eina tilfelli mun ég þó láta hlut-
laust, með því að hjá þessum manni mun
vera sérlega góð kunnátta í starfinu fyr-
ir hendi.

Frsm. (Jón Ólafsson): Það var hreinn
óþarfi hjá hv. 4. þm. Reykv. að vera að
slá þann varnagla, að vélstjórafélagið
væri þessu samþykkt. Vélstjórar yfir-
leitt eru þessu máli fylgjandi, þó að þeir
hafi hinsvegar ekki viljað gefa neina
yfirlýsingu í þá átt og hafi kosið að láta

Jón Þorleifur Jósefsson vélstjóri. — Greiðsla verkkaups.

málið hlutlaust, enda hafa vélstjórar enga ástæðu til að vera að amast við þessum manni, því að hann hefir sízt minni menntun í sinni grein en aðrir vélstjórar almennt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 116).

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 285).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Efni þessa frv. er, eins og fyrirsögn þess bendir til, að heimila atvmrh. að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni rétt til að vera vélstjóri á íslenskum skipum. Svo er málið vaxið, að maður þessi hefir stundað járnsmíðar og vélsmíðar að nokkru levti hér á landi, en mest þó í Noregi og hefir að sögn lokið prófi þar. Hann hefir því ekki rétt til vélstjórnar hér, þótt hann hafi það í Noregi. Hann hefir nú dvalið hér nokkur ár samfleytt og gegnt vélstjórastörfum lengst af þeim tíma. Þar sem telja má, að þessi maður hafi fengið svo mikla verklega þekkingu og æfingu, að hann sé fullfær um að standa vel í þessari stöðu sinni, mælir allt með því, að honum sé veitt trygging fyrir framtíðaratvinnu hér á landi. Hann hefir alltaf átt á hættu að

missa atvinnuna við að flytjast milli skipa, því að undanþágur gilda ekki nema fyrir tiltekið skip. Allshn. hefir athugað málið rækilega, og þó að hún telji slíka heimild alls ekki veitandi nema gildar ástæður mæli með og sannað sé, að maðurinn sé a. m. k. eins vel fær og ef hann hefði lokið prófi við vélstjóráskólann í Reykjavík, þá telur hún, að þessi maður hafi uppfyllt öll nauðsynleg skilyrði, svo að rétt sé að veita atvmrh. leyfi til að gefa honum skirteini til vélstjórnar á íslenskum skipum. Ég býst ekki við, að málið mæti neinum ágreiningi í hv. d., og sé því ekki ástæðu til að ræða það frekar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 324).

10. Greiðsla verkkaups.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til 1. um viðauka við l. nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups (þmfrv., A. 133).

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta litla frv. er fram komið eftir óskum bifreiðastjóra. Það hefir verið álitid óheimilt að innheimta laun og flutningsgjöld fyrir bifreiðarstjórana samkv. lögum nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups. Þar sem engan eðlismun er hægt að finna á þessum mönnum og venjulegum verkamönnum, þá sýnist sjálfsgagt, að þessi lög nái einnig til þeirra. Þetta frv.

Greiðsla verkkaups. — Úrskurðarvald sáttanefnda.

er fram komið til þess að koma því til leiðar. Ég hygg, að engar umr. muni þurfa um frv., en óska, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 200).

Magnús Torfason: Sakir þess að frsm. n. er ekki við, ætla ég að hlaupa í skarðið og mæla með frv. í hans stað. N. telur, að ákvæði frv. séu til bóta, en hefir borið fram brtt. við það, til þess að frv. yrði betur orðað og næði betur tilgangi sínum, þannig að ákvæði þess nái einnig til aksturslauna bifreiðarstjóra. Frekari orðum sé ég ekki ástæðu til að fara um frv., því að hér er um svo rétt og sjálf-sagt mál að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 200 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 250).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 250).

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 284).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta litla frv., sem hér er til 2. umr., er komið frá hv. Nd. og mun hafa gengið gegn-um hana breytingalaust frá því er það var lagt fyrir þingið. Frv. felur í sér, að bifreiðastjórar geti innheimt kaup sitt með sömu réttindum og felast í lögum um greiðslu verkkaups. En þau eru að-allega í því fólgin, að skyldugt er að greiða verkafólki, sem vinnur algenga vinnu, vikulega kaup þess, nema öðru-vísi sé um samið. Önnur réttindi eru þau, að ef menn þurfa að innheimta kaup með lögsókn, þurfa þeir ekki að greiða réttar-gjöld í slíkum málum, og þau sæta með-ferð einkalögreglumála. Þar sem hv. Nd. hefir orðið sammála um að samþ. þetta frv. og allshn. þessarar deildar er henni samþykkt um það að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, enda hefi ég tekið fram, hvað er efni frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 325).

11. Úrskurðarvald sáttanefnda.

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda (þm-frv., A. 100).

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Magnússon): Þetta litla frv. hefi ég flutt í samráði við sáttanefnd Rvíkur, og er því ætlað að bæta úr einum af hinum mörgu göllum, sem eru á rétt-

arfarslöggjöf vorri. Almenna reglan í rekstri einkamála er sú, að mál skal leggja til sátta, áður en dómstólarnir fjalla um þau. Í öllum þorra mála eiga sáttanefndir að leita um sættir, en í vissum málaflokkum gerir dómstóllinn það sjálfur. Fram til ársins 1911 var ekki til nema tvennskonar lausn mála, er sáttanefndir fengu til meðferðar, annaðhvort að sátt tækist eða að málunum væri vísað til aðgerða dómstólanna. En með lögum nr. 32 frá 1911 er gerð breyt. á þessu, þannig að í skuldamála, þar sem skuldarupphæðin nemur eigi meira en 50 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur ekki á sáttafund, þrátt fyrir löglega birting fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann.

b. Þegar sáttanefnd hefir eftir árangurslausu sáttatilraun skorað á skuldunaut að veita skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust, að skytt sé honum að greiða hana, en vill þó ekki sættast, eða eigi er auðið að koma á sátt um ýms aukaatriði, svo sem greiðslufrest, vexti og ómakspóknun til skuldheimtumans og kostnað.

Ég geri ráð fyrir, að með setning þessara laga hafi vakað fyrir löggjafanum að koma fram þrennskonar réttarbótum.

Í fyrsta lagi að gera kröfuhafa auðveldara að fá aðfararheimild fyrir kröfunni; í öðru lagi að spara skuldunaut þann kostnað og fyrirhöfn að þurfa að svara til sakar fyrir dómstóli og í þeim tilfellum, er kröfuhafi fær ekki kröfu sína greidda vegna vanefna skuldara, þá er það einnig sparnaður fyrir hann að hafa rekið málið fyrir sáttanefnd í stað dómstóls. Í þriðja lagi hefir það vakað fyrir löggjafanum að takmarka eftir fongum málafjölda dómstólanna, til þess að auka ekki á annir þeirra umfram brýnustu nauðsyn. Skömmu eftir að lög þessi voru sett, varð mikil breyting á verðgildi peninga, og mjög til lækkunar. Þess vegna hafa lög þessi ekki haft þá þýðingu, sem til var ætlað í upphafi. Með því verðgildi, sem peningar hafa nú, er skiljanlega heldur fátítt, að menn leiti réttar síns með málsókn út af kröfum fyrir neðan 50 kr. Í þessu frv. er stungið upp á að hækka þá upphæð, sem sáttanefndir mega úrskurða um, upp í 500 kr., eða m. ö. o. tífalda hana frá því, sem verið hefir. Þetta ætti að verða til þess, að allmörg mál, sem nú fara til sáttanefndar og þaðan til dómstólanna, verði nú útkljáð fyrir sáttanefnd. Ég hefi aflað mér upplýsinga um mál, sem komið hafa fyrir sáttanefnd Rvíkur á árunum 1926—1930, að báðum árum meðtöldum, og fer hér á eftir útdráttur úr sáttabók Rvíkur, gerður af öðrum sáttanefndarmanninum:

| | 1926 | 1927 | 1928 | 1929 | 1930 |
|---|------|------|------|------|------|
| Mál til meðferðar í sáttanefnd alls | 332 | 448 | 377 | 434 | 477 |
| þar af skuldamál að 500 kr. incl. | 193 | 274 | 274 | 289 | 264 |
| þar af kveðnir upp úrskurðir. | 13 | 33 | 51 | 39 | 41 |

Samtals verða þannig skuldamál að 500 kr. inclusive, sem sáttanefnd Rvíkur hefir haft til meðferðar um þetta árabíl, 1294 að tölu, en þar af aðeins kveðnir upp 177 úrskurðir. Það liggur nú í augum uppi, að ef hámarkið er fært upp í 500 kr., svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá vex mjög fjöldi þeirra mála, sem sáttanefnd getur kveðið upp úrskurð í.

Það verður ekki séð, að nein hætta geti einasta sáttanefndarúrskurði hefir verið áfrýjað til dómstóla, svo ég viti til, en til þess er þó heimild í lögnum frá 1911. Þetta sýnir, að sáttanefndir hafa stafað af þessari breytingu. Ekki einum

ekki misbeitt valdi sínu, og jafnvel þótt misbeiting kynni að eiga sér stað, þá er þó ekki hættan önnur eða meiri en sú, að úrskurðir sáttanefndar fara áfram til dómstólanna, m. ö. o. málin fara áfram sömu leið og þau gera nú. Til frekari varúðar hefi ég bætt við ákvæði um það, að úrskurð skuli því aðeins kveða upp, að þess sé krafizt í sáttakærinni.

Ég get sem sagt ekki séð neitt, er mæli móti þessari breytingu, nema ef einhver vildi telja það, að ríkissjóður tapaði dálitlu í réttargjöldum. En það vinnst aftur upp við það, að skrifstofukostnaður dómara ætti að minnka að sama skapi.

Ég skal játa, að enda þótt ég teldi efallaust, að þessi umrædda breyting væri til bóta, þá var ég samt dálítið hikandi við að flytja þetta frv. Bar það til, að mér virtist sem þessi réttarbót næði svo skammt, þegar þess er gætt, hversu margt það er í réttarfarslöggjöf vorri, sem er úrelt og öldungis óviðunandi á alla lund. Er þess að vænta, að ekki verði látið líða á löngu áður en hafizt er handa um nauðsynlegan undirbúning gagnræðra umbóta í réttarfarsmálum vorum, og ættu hv. þm. að gera sér það vel ljóst, að við svo búið má vart lengur standa.

Að öðru leyti vil ég vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frv., og vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. allshn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 163).

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég þarf ekki að bæta neinu við þær skýringar, er ég lét fylgja þessu frv. við 1. umr. Aðalefni þess er, eins og hv. þd. er kunnugt, að auka rétt sáttanefnda til þess að kveða upp úrskurði í minni háttar skuldamálum.

Frv. hefir nú verið fyrir allshn., og hefir hún orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Þó komst n. að þeirri niðurstöðu við nánari athugun, að vegna þeirrar fjölgunar á úrskurðum, sem af frv. hlýtur að leiða, og aukinnar vinnu sáttanefnda, yrði eigi komizt hjá að auka lítið eitt þóknun til sáttanefndarmanna.

Eftir gildandi lögum fá sáttanefndarmenn aðeins 25 aura þóknun hvor fyrir allan þorra þeirra mála, er þeir fjalla um. Fyrir sátt skal þó greiða 83 aura og fyrir úrskurð 1 kr. til hvers sáttanefndarmanns, er um hann fjallar. Ef nú úrskurðum sáttanefnda fjölgaði að mun við samþykkt þessa frv., þótti n. tæplega verjandi að leggja aukakvöð á sáttanefndir án þess að auka þóknun þeirra. Hefir n. orðið ásátt um að leggja til, að þóknun til sáttanefndarmanna fyrir úr-

skurð hækki úr 1 kr. í 2 kr. til hvors nefndarmanns fyrir þau mál, þar sem kröfuupphæð fer fram úr 50 kr.

Ég held, að allir hljóti að verða sam-mála um það, að þessari hækkun sé mjög í hóf stillt. Sýnist, að úrskurðir sáttanefnda geti ekki talizt tilfinnanlega kostnaðarsamir, þó þóknunin sé hækkuð þetta, og a. m. k. verður miklu ódýrara að fá aðfararheimildina en nú er.

Að svo mæltu vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á frv. eins og það liggur fyrir ásamt brtt.

ATKVGR.

Frvgr. (verður 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 163 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 206).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 206).

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 206, n. 291).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég þarf ekki að tala nema örfá orð um þetta frv., sem gengur út á það að létta undir með mönnum, sem eiga skuldir að heimta hjá öðrum, og létta kostnaði af þeim, sem greiða eiga, með því að heimila sáttanefndum að úrskurða um skuld-arupphæð, sem nemur allt að 500 kr. Áður höfðu sáttanefndir aðeins úrskurð-

arvald yfir skuldum, sem ekki voru hærrí en 50 kr. Þetta vald er þó ýmsum skilyrðum bundið, eins og tekið er fram í frv. Allshn. var sammála um, að þetta væri til bóta og leggur til, að frv. verði samþ., en með svo litlum orðabreytingum, að ég sé ekki ástæðu til að skýra þær. Efnisbreytingar eru þar engar, heldur aðeins breytingar um fyrirkomulagsatriði.

ATKVGR.

Brtt. 291,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 291,2 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 306).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, GunnS, HStef, HV, IngB, JAJ, JÓI, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, JörB.

Tíu þm. (EJ, HJ, HG, HK, JJós, LH, MT, TrÞ, ÁÁ, BSv) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 306).

Á 41. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Pétur Magnússon): Hv. Nd. hefir gert litilsháttar orðabreytingar á frv. þessu, og getur allshn. fullkomlega sætt sig við þær. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 345).

12. Kirkjuráð.

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt: Frv. til l. um kirkjuráð (þmfrv., A. 65).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi ekki annan formála fyrir þessu frv. en að visa til Alþt. 1930 A., þskj. 279. Þá var frv. borið fram af menntmn. í sömu mynd með grg. mþn. í kirkjumálum. Frv. fer í þá átt, að koma meira lýðræðisniði á kirkjumálin, á þann hátt, að stofnað verði ráð við hlið biskups, og hafi það ráðgefandi vald. Óska ég, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og menntmn.

Pétur Ottesen: Biskup landsins hefir látið svo um mælt, að hann teldi ekki þörf á þessu ráði, en þrátt fyrir það hefir frv. um það verið flutt hér aftur. En hvað sem því liður, finnst mér undarleg sú meðferð menntmn. á frv. kirkjumálanefndar, að hér skuli vera kipt burtu ákvæðinu um ihlutunarrétt leikmanna um val manna í kirkjuráð. Ef stofna á þetta kirkjuráð, sem ég álit nú ekki að beri nauðsyn til, þá er auðvitað sjálf-sagt, að það ákvæði mþn. í kirkjumálum haldist, að safnaðastjórnir ráði vali tveggja manna af fimm. Ef vel á að fara um kirkjumálin, er nauðsynlegt, að sem flestir standi að þeim, en prestarnir séu ekki látnir einir um þau. Með því verður bezt náð þeim tilgangi, sem felst í því, að halda uppi prestastétt og kirkju í landinu. Því finnst mér hlálegt að kippa þessu ákvæði burt, og vil ég skora á nefndina, sem fær málið til athugunar, að ráða bót á þessu. Að öðrum kosti mun ég flytja brtt. um þetta atriði.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla, að nefndin muni ekki ganga í sig um þetta atriði, og þurfi því að koma brtt. frá einstökum þm., ef því á að fást breytt. Ástæðan til afstöðu n. í þessu máli er sú,

Kirkjuráð.

að oss fannst, að íhlutunarréttur leikmanna ætti að geta komið fram á synodus, sem tillögur ráðsins eiga að leggja fyrir, þar sem gera má ráð fyrir, að sú endurbót verði gerð á synodus, að fulltrúar leikmanna fái þar sæti, en annars taldi n. ekki rétt, að leikmenn hefðu íhlutunarrétt um kirkjuráðið, sem er sérstaks eðlis. Hinsvegar vil ég benda á, að við höfum gert þá endurbót á frv., sem varðar leikmenn, að við höfum ekki tiltekið, eins og gert var, að svo og svo margir guðfræðingar skuli eiga sæti í ráðinu, heldur er það látið opið.

Pétur Ottesen: Ég vil benda á það út af ummælum hv. frsm., að á synodus eiga guðfræðingar einir sæti, svo að leikmenn eiga ekki kost á að láta vilja sinn koma fram þar. En ég held, að prestarnir hafi fulla þörf á að njóta stuðnings leikmanna til að bera uppi trúmálin. Prestarnir hafa sýnt, að þeir eru ekki einfærir um það. Ég get heldur ekki séð neina sérstaka réttarbót í því, að ein-skorða, að guðfræðingar einir fari í kirkjuráðið, þar sem ákveðið er, að þeir, sem eiga sæti þar, skuli vera valdir af tónum guðfræðingum. Ef það verður of-an á, er ekki vandséð, hverjir valdir verða í ráðið.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 65, 142).

Pétur Ottesen: Ég ætla aðeins að skirskota til þess, er ég sagði við 1. umr. í sambandi við brtt., er ég flutti við 4. gr. frv. og var á þá leið, að héraðsfundum sé heimilt að kjósa 2 af 5 mönnum í kirkjuráðið. Ég gerði grein fyrir þessari brtt. þá og sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér, nema tilefni gefist.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 142 (ný 4. gr.) samþ. með 14:3 atkv.

5.—8 gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 186).

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Ég skal ekki vera margorður um þetta frv., en vil þó ekki láta það fara svo út úr hv. deild, að ég láti ekki í ljós skoðun mína á því.

Ég álit, að þetta mál sé eitt af þeim málum, sem a. m. k. eru alveg óþörf, ef þau þá eru ekki til illis. En það er erfitt að spyrna móti stefnum hins nýja tíma, því nú er það orðin tízka að mynda ráðstjórnir yfir öllum málum, og mun Rússland vera tekið til fyrirmyndar.

Og það má geta þess í sambandi við þetta mál, að það hefir enginn treyst sér hér í hv. deild til að sanna það, að nauðsyn væri á þessu frv. Og hv. þm. hafa heldur ekki treyst sér til þess að sanna, að núverandi fyrirkomulag sé óhæft. Nei, þetta er aðeins brölt, til þess að fylgjast með tímanum og til þess að vissir menn geti fengið þóknun úr ríkissjóði fyrir misjafnlega þarflegt starf.

Samkv. 8. gr. frv. eiga kirkjuráðsmenn að fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar. Verksvið ráðsins er ákveðið eftir 2. gr. frv., og stendur þar m. a., að kirkjuráðið skuli „ihuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar“. Má af þessu sjá, að starfsviðið er svo lauslega ákveðið og svo viðtækt, að alls ekki er hægt að finna að því með rökum, þótt kostnaðurinn yrði nokkrum þús. kr. hærrí en menn gerðu ráð fyrir. Og ef hin svokallaða gengisnefnd á að reikna út kostnaðinn, þá er alls ekki ólíklegt, að hann muni nema allsæmilegri upphæð. Og ég ætla, að dómsmálaráðuneytið myndi ekki hafa á móti slíkum reikningum, þar sem öðrum nefndum er borgað á sama hátt.

Ég minnst þess ekki, að hæstv. dómsmrh. hafi nokkuð talað um nauðsyn þessa máls, og heimilar það mér að líta svo á, að hann telji ekki vert að ljá þessu máli liðsyrði. (Dómsmrh.: Ég hefi ekki getað það vegna annríkis). Já, eins dug-

Kirkjuráð.

legur maður og hæstv. dómsmrh. hefir alltaf tíma til þess að koma þeim málum fram, sem hann hefir áhuga á.

Hið vægasta, sem hægt væri að segja um þetta frv., er, að það sé meinlaust, en sú hlið, sem að rikissjóði snýr, er alls ekki meinlaus að mínu áliti. Ég hefi enga trú á því, að þetta kirkjuráð verði nokkurt leiðarljós landi eða þjóð í trúarefnunum. Einn maður, sem fyrst um sinn er ákveðið, að sitja skuli í þessu ráði, er biskup. Um hann er það að segja, að hann hefir lengi haft í hendi sinni öll ráð til þess að glæða trúaráhuga hér á landi í ríku mæli. Ég skal ekki dæma um það, hversu vel þetta hefir tekizt honum. En mér þykir næsta ósennilegt, að um frekari árangur væri von af starfi hans, þótt hann ætti sæti í einhverju ráði.

Ég vil taka undir með mannum, sem lofaði guð fyrir, að til var efri deild. Vona ég, að hún hagi úrslitum málsins eins og bezt gegnir fyrir rikissjóðinn og felli þetta frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mér þykir það mjög leiðinlegt, að minn kæri vinur, hv. þm. Barð., skuli ekki taka mildara á þessu máli en raun bar vitni. En ég vona samt, að hans góða hjarta muni snúast síðar á sveif með okkur, sem er um þessu máli fylgjandi.

Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði ekki lagt mig mikið fram eða fylgzt með störfum hv. deildar í vetur. Þetta er rétt að nokkru leyti, enda hefi ég verið mjög bundinn við þá hv. deild, sem ég á atkvæðisrétt í.

Viðvíkjandi gagnrýni hv. þm. Barð., þá er það rétt, að þessi nýbreytni myndi kosta ofurlítið. En ég geri ráð fyrir því, að það myndu aðallega vera menn búsettir í Reykjavík eða nágrenni, sem yrðu kosnir í ráðið. Um einn þeirra, biskup, er það vitanlegt, að hann er búsettur í Reykjavík. Og þótt þetta sé ekki tekið fram í frv., þá er ég viss um það, að prestar, sem eru venjulega mjög sparsamir, færu ekki að kjósa prest, sem ætti heima t. d. á Norð-austurlandi, í ráðið.

En aðaltilgangurinn með frv. er sá, að gefa prestum þjóðkirkjunnar verksvið til þess að taka skipulagsbundið á málum sínum. Hefir frv. og náð hylli presta, og

hafa um 75 prestar skrifað mér og óskað eftir því, að frv. næði fram að ganga.

Það er rétt, að ekki er hægt að segja svo glögglega um það fyrirfram, að hve miklu liði frv. þetta muni verða. En þeir, sem sömdu frv., hafa haft mikla trú á því, að það myndi styrkja þjóðkirkjuna á ýmsan hátt, ef prestar hennar hefðu tækifæri til að taka á málefnum sínum á skipulagsbundinn hátt.

Það hlýtur þó hv. þm. Barð. að vita og viðurkenna, að prestar hafa lægri laun og öðruvisi lífskjör að ýmsu leyti en aðrar stéttir, sem orðið hafa að leggja á sig jafnlanga skólagöngu. Og það er eftirtektarvert, að prestarnir eru eina launastéttin, sem ekki hefir reynt að fá bætt kjör sín með stéttarsamtökum.

Stéttarsamtök geta auðvitað verið nauðsynleg, þótt þau séu oft erfið þjóðfélaginu. Og ef þingið óskar ekki að fá hnifinn á hálsinn, eða ef það vill gjarnan, að stéttirnar knýi ekki fram laun sín með harðræði, þá er ekki viðeigandi að taka illa kröfum prestanna, enda eru þeir orðnir langþeyttir á því að búa við ill kjör. Ég álit, að það kirkjulega sjálfstæði, sem farið er fram á með frv., sé hóflega stigið spor af prestanna hálfu og líklegt til þess að styrkja þá í starfi sínu.

Auðvitað er það sjálfsagt, að ríkið hafi hið æðsta úrskurðarvald í málefnum kirkjunnar, meðan hún er þjóðkirkja. En þó að kirkjunni sé gefið nokkurt aukið sjálfstæði með þessu frv., þá þarf samt enginn að hafa á móti því vegna þess, að það gefi henni of mikið frjálsræði.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Svo að ég svari nú í sama tón og til mín var talið, þá kvaðst minn kæri vinur, hæstv. dómsmrh., vona það, að ég snerist svo við ræðu hans, að ég myndi fylgja þessu máli út úr hv. d. En ég verð að biðja hæstv. dómsmrh. afsökunar á því, að hann getur ekki snúið mér til fylgis við hégómamál sem þetta.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að í ráð þetta myndu oftast verða valdir menn búsettir í Reykjavík. En hvað þýðir það? Ekkert annað en að það á að fara að hlaða undir sérstaka menn, sem eru búsettir hér í bænum, en eru alls ekki betra maklegir en þeir, sem búa úti á landi. Það hefir

Kirkjuráð.

verið svo undanfarið, að búnað hafa verið til ýmsar stöður handa mönnum, búsettum hér í bænum.

En þó að hæstv. dómssmrh. haldi því fram, að menn úr Reykjavík myndu veljast í ráðið, þá sannar það ekkert, enda er ekki hægt að miða lagasetningu við skoðun eins einstaks mann. Og við hæstv. ráðh. hljótum að vera sammála um það, að til séu menn úti á landi, sem séu a. m. k. eins sjálfsagðir í þetta ráð og hinir, sem búa hér í bænum. (Dómssmrh.: Nálægt bænum). Já, höfum við nokkra menn hér „nálægt“, sem færir væru um þetta starf?

Þá sagði hæstv. dómssmrh., að þarna væri frumkvæði til þess að gefa prestum tækifæri til að fá nýtt verkvið. Ég segi nú eins og karlinn: „Engan veginn rengi ég séra Jens, en ótrúlegar þóttu mér sögur hans“. En ég sé ekki annað en þetta sé óþarft, ef góður hugur presta er fyrir hendi. Ég trúi því ekki, að þetta frv., þótt að lögum yrði, yrði nokkur máttarstoð fyrir hina íslensku þjóðkirkju, sem ég ann alls góðs; ég trúi ekki á það, en það mundi gleðja mig, ef svo væri. En þegar til nefndar kæmi, yrði till. kannske ekki betur séð en t. d. till. kirkjumálanefndar og annara nefnda, svo árangurinn yrði ekki mikill. Ég er alveg viss um það, að þrátt fyrir hinn góða vilja hæstv. dómssmrh. að sýna prestum alla þá velvild, sem skylt er, þá nær sú velvild í þeirra garð ekki lengra en mín velvild. (Dómssmrh.: Þá erum við sammála). Gleður mig, að við skulum vera sammála. Ég hefi enga heimild til að rengja hæstv. dómssmrh. um það. En ég álit, að hér sé verið að byrja á skökkum enda, því þetta er einskis virði fyrir prestana, aðeins fyrir 4—5 menn. Það er rétt, sem hæstv. dómssmrh. segir, að kjör presta séu ósæmleg; svo framarlega sem þjóðin vill halda við kirkjum, á hún að launa prestana svo sæmilega, að þeir þurfi ekki að héra áhyggjur fyrir afkomu sinni. Þess vegna vil ég segja, að enginn skyldi vera fúsari en ég til að taka í hendur hæstv. dómssmrh. til að fara þá leið, en krókaleiðir vil ég ekki fara. Þó samþykkt verði á þessu þingi áætlun fyrir skrifstofukostnað handa prestum, þá er þetta ekki rétta leiðin. Þetta er krókaleið utan um raun-

veruleikann, sem er að hækka laun presta. Ef þjóðfélagið hefir ekki ráð á að launa prestana sæmilega, á það ekki að vera að burðast með þjóðkirkju. Því ef mönnum er launað svo illa, að þeir þurfi að hafa aukastörf fyrir utan sitt embætti, þá verða þeir annaðhvort að vanrækja.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, sem hæstv. dómssmrh. vildi láta bæði mig og aðra halda, að sér væri svo annnt um. Þarf engar getur að því að leiða, hvernig málið fer, að það verður samþ. út úr deildinni. En ég vildi krossa mig, því laus vildi ég vera við að hafa átt þátt í framgangi slíks máls, sem, eins og ég hefi tekið fram, er einskisvert fyrir prestastéttina og þjóðina í heild sinni.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi taka undir það, sem hv. þm. Barð. hefir haldið fram um þetta mál, sem hér liggur nú fyrir. Ég held, að skoðun hans sé réttmæt á þessu máli, að ekki sé sýnilegt, að af þessu leiði annað en aukinn kostnað. Því þetta ráð, eins og önnur ráð, sem verið er að stofna til hér í ýmsum greinum, kostar mikið fé fyrir ríkissjóð. Undir umr. hefi ég litið á þskj., sem lögð voru fram í fyrra sem fylviskjöl með þessu máli. Er auðsætt, að þó að biskup taki þannig vinsamlega í þessi mál, þá er hann ekki sannfærður um, að þetta komi að tilætludum notum. Biskup tekur fram, að það, sem segir í frv., að sé verkefni kirkjuráðsins, að vinna að eflingu kristinnar, viti hann ekki betur en sé verkefni, sem prestastéttin hafi ávallt talið sér skylt að beita sér fyrir. Á öðrum stað segir biskup — með leyfi hæstv. forseta — þar sem hann talar um sama frv.: „Mér þykir leitt að efast um það, að bætt verði úr þessu með kirkjuráði, sem kæmi saman einu sinni á ári“. Það, sem hann taldi efasamt, að bætt yrði úr, er undirbúningur löggjafar, sem lögð yrði fyrir þingið. Í framhaldsáliti kirkjumálanefndar kemur ljóslega fram, að hún finnur til þess, að biskup telur vafa á gagni kirkjumálaráðs. Mér er næst að halda, að hv. þm. Barð. muni verða sannspár um það, að hér sé á ferðinni mál, sem ekki lítur út fyrir að hafa mikla þýðingu, a. m. k. er ekki hægt að sjá, að það hafi það. En það

Kirkjuráð.

er svo eins og allir vita, að sú tilhneiging þingsins hefir gert vart við sig hin síðari ár, að stofna þessi ráð og nefndir í ýmsum greinum, sem eru fyrst og fremst alltaf visust til að leiða af sér aukinn kostnað, hvað sem öðru liður. Hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta frv., ef það yrði að lögum, gæfi prestum tækifæri til á „skipulagsbundinn hátt“ að segja álit sitt um kirkjumál. Þetta er ekkert annað en slagorð. Þessi „skipulagsbundni háttur“, — ég veit ekki almennilega, hvað hæstv. dómsmrh. á við. Mér virðist prestar alltaf hafa tækifæri til þess að segja álit sitt um kirkjur og trúmál. Það er þeirra daglega starfsemi, ef svo mætti að orði kveða. Og svo er hin árlega prestastefna, sem verið hefir hinn beztu vettvangur fyrir presta að segja álit sitt um trúmál og kirkjumál. Ég get ekki séð, að þeir hafi nokkuð betri aðstöðu til þess yfirleitt, þó að sett verði upp þetta ráð, sem á að starfa hér í höfuðstaðnum við hlið biskups. Það kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að hann ætlast ekki til, að hér komi margvísleg reynsla í kirkjulegum eignum til sögunnar af hálfu fulltrúa þessa ráðs, því svo er á honum að heyra, að þeir verði ekki sóttir út í sveitir eða út á landshorn, heldur verði þeir valdir hér í höfuðstaðnum. Þegar þessa er gætt, verður ekki ástæða til að ætla, að neið nýtt viðhorf sé um að ræða, þó að þessir höfuðstaðarbúar komi saman með biskupi til þess að ræða kirkjuleg málefni. Prestum utan af landi er ekki frekar með þessu en nú er gefinn kostur á að koma fram með sínar skoðanir. Ég held varla, að skoðanir þessa ráðs, svo skipulagsbundnar sem ráðh. ætlast til, yrðu skoðaðar svo merkilegar, að prestar utan af landi græddu neið á þeim. Hinsvegar nytu þeir sin engan veginn gagnvart „ráðinu“, sem mundi bera þá skipulagsbundnu ofurlíði. Þeir geta nú komið fram með sínar skoðanir á prestastefnunni. Þar er þeirra réttur og þar njóta þeir sín bezt. Ég er ekki kirkjumaður í þeim skilningi, að ég sé guðfræðingur eða á nokkurn hátt riðinn við safnaðarstarfsemi, en ég er principielt á móti þessari stefnu, að stuðla að ýmislegum aukalegum kostnaði með þessum nefndum og hinu nýja heiti — „ráði“ —, sem verið er að tildra upp

í þetta skipti undir yfirskini kirkjulegs áhuga, en ég er í efa um, að hafi nokkra þýðingu. En þessar nefndir og ráð eiga það sameiginlegt, að þau leiða af sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Því mun ég greiða atkv. móti þessu frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það var út af lítilsháttar misskilningi hjá hv. þm. Vestm., að ég vildi segja nokkur orð. Ég hélt því fram, að ósennilegt væri, að hér aðsundur eða prestar vildu kjósa menn í kirkjuráðið, sem væru búsettir langt frá Reykjavík. En náttúrulega geta þeir gert það, eins og frv. ber með sér. En það, sem helzt skiptir máli, er, að þessi nefnd kæmi oft saman en einu sinni á ári. Þá er það sennilegt, að þeir vildu heldur, að menn gætu náð saman öðruvísi en með langri og erfiðri ferð. Meira en helmingur allra landsbúa eru á suðvesturluta landsins, svo fyrir þá er hægt um vik. Ég hefði helzt kosið, að kirkjuráðsmenn þyrftu ekki að sækja langt að. Það er betra fyrir málefnið, að þeir geti náð vel saman. Fyrir því þurfa þeir ekki að vera í Reykjavík; 10 þús. íbúar eru á Suðurlandsundirlendi, svo ég taki það næsta; þaðan er ekki erfitt að komast til Reykjavíkur með stuttum fyrirvara og á ódýran hátt. Annars vildi ég segja út af ræðu sama hv. þm., að ég get ekki séð, að biskup hafi ástæðu til að vera á móti þessari ósk prestanna. Hann á að verða formaður þessarar nefndar, sem eðlilegt er. Svo það er síður en svo, að prestar ætli að ganga fram hjá honum. Ég vil aðeins telja rök fyrir því, að um 75 prestar hafa skrifað mér nýlega og beðið þess, að ég gerði það, sem ég gæti, til þess að styðja þetta mál. Annars býst ég ekki við að sannfæra hv. þm. Barð. eða hv. þm. Vestm., fyrst þeir líta öðruvísi á málið. En ég held, að ég hafi fyrir mitt leyti komið með rök á móti þeirra rökum.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og kunnugt er, hefir menntmn. Nd. flutt frv. fyrir dómsmrh. og kirkjumálanefnd. — Okkur er ekki sama, hvernig verður farið með þetta mál. Þess vegna er mér skylt að segja nokkur orð, þar sem tveir hv. þm. hafa ráðið á frv. og mælt til, að það verði fellt. Að vísu er það rétt hjá hv.

Kirkjuráð.

þm. Vestm., að biskup landsins hefir verið daufur í fylgi sínu við þetta frv. og jafnvel talið það óþarft. Hann segir í álitsskjali sínu, að verkefni kirkjuráðsins séu ekki önnur en verkefni synodusar hafi verið. Um þetta eru prestar landsins ekki sammála biskupi, því skipun synodusar er mjög óákveðin. Er ástæða til, að þingið setji lög um skipun synodusar og það vald, sem sú samkoma hefir í kirkjumálum. Prestar landsins telja yfirleitt þörf á, að þeir fái ihlutun um, hvernig synodus er undirbúin og hvernig ályktunum hennar er komið í framkvæmd. Samkv. þessu frv. á kirkjuráðið að vera nokkurskonar stjórn, á líkan hátt og Þjóðfélagið hefir sína stjórn. Það er þetta demokratiska fyrirkomulag, sem prestastéttin fer fram á, að upp verði tekið. Prestastefnan er ekki eini síálfsagði vettvangur kirkjumálanna. Ég hygg einmitt, að það sé ekki sít í sambandi við synodus, sem prestastéttin leggur áherzlu á að fá það ráðgjafarvald, sem í þessu frv. er áskilið. Hv. þm. Vestm. sagði, að þetta ráð mundi sennilega ekki undirbúa lög um kirkjumál betur en verið hefði. En það er þó svo um kirkjuna, að það er engin löggjöf eins úrelt og kirkjurétturinn. Hver, sem nokkurntíma hefir litið í kirkjurétt, veit, að þar er fullt af gömlum og úreltum ákvæðum frá fyrri öldum. Það er mikil þörf á að koma kirkjuréttinum í nútímahorf og fella niður ýms vafaákvæði. Ég hygg, að engin stofnun í landinu hafi eins mikla þörf á endurskoðun löggjafar og þjóðkirkjan. Auðvitað yrðu kirkjuráðsmenn valdir meðal þeirra, sem prestar hefðu bezta trú á. — Náttúrlega myndi það ekki ráða úrslitum, hvort menn byggju í Reykjavík eða nálægt borginni. Prestar munu velja beztu menn og þá, sem þeir treysta bezt, til að fylgja málum kirkjunnar. Ég tel, að biskup megi vera þakklátur fyrir að fá kirkjuráðið við sína hlið. Kostnaður af kirkjuráði er litill. Tekur varla að telja það atriði til mótbáru, eins og kom þó fram í ræðu hv. þm. Vestm. Hann er andstæður frv. vegna þess, að hér um að ræða nefnd eða „ráð“, og á slíku hefir hann megnustu ótrú. Mér skildist hann vera á móti frv. einungis vegna þess, að hann hefði ótrú á öllum „ráðum“. En að-

alkrafa prestanna í þessu efni er, að fyrirkomulag kirkjunnar verði „demokratískt“, eins og allra stofnana ríkisins.

Ég sagði áðan um kirkjuréttinn, að hann mundi vera einna úreltastur allrar islenskrar löggjafar. Kemur það fram í ýmsu, t. d. hefir vantað fulltrúa fyrir prestastéttina, annan en biskup, sem er embættismaður um allt, sem yfirstjórn kirkjunnar varðar. Það hefir oft verið óánægja meðal presta yfir því að hafa engan ihlutunarrétt um ýmislegt, sem kirkjunni við kemur. (SE: En þeir fá engu ráðið eftir frv.). Jú, þeir fá mörgu ráðið eftir frv. Þessu frv. fylgir sem sé tvennt, að koma kirkjunni í demokratiskara horf en verið hefir og um leið að koma kirkjunni í meira samræmi við það, sem áður var, og það, sem upphaflega var í kristinni, áður en hún komst í járnfjötra embættismenskunnar. Ég veit ekki, hvaða stofnun það er, sem á að vera demokratísk, ef það er ekki kristin kirkja. Þetta er aðalatriði frv. og aðalkrafa prestanna, sem þeir standa svo að segja einhuga um. Ég sé ekki, hvaða ástæðu þingið hefir til að neita prestunum um þessa ósk sína, ósk, sem er eindregin, þar sem kostnaður mundi verða alveg hverfandi.

Magnús Jónsson: Ég kvaddi mér hljóðs fyrir nokkru síðan. Mér virtist, sem hv. þm. Barð. ætlaði að vera sá eini, sem tæki til máls um þetta frv. við þessa umr. og hv. frsm. menntmn. var ekki viðstaddir. En forseta hafði skotizt yfir, að ég hafði kvatt mér hljóðs, og þegar röðin kemur að mér, get ég vel fallið frá orðinu, því umr. hafa síðar leitt í ljós það, sem ég vildi sagt hafa. Ég tek undir með þeim, sem ekki hafa mikið álit á þessari stofnun, sem nú er verið að setja upp. Mér finnst mikið af orðatiltækjum og orðagjálfri í þessu, sem ég kann ekki að meta.

Ég verð að segja hið sama og hv. þm. Barð., að það, sem bagar presta nú, er ekki skortur á kirkjuráði, heldur á lífsviðurværi. Launamál presta verður að leysa, og meðan það er ekki gert, er frv. sem þetta hálf gert ömmufrv. eða hégómafrv. En samt get ég ekki tekið undir það með hv. þm. Barð., að sjálfsagt sé að fella frv. þetta. Gagnsemi þess fer eftir því, hverjir sæti kunna að eiga í

Kirkjuráð.

kirkjuráðinu. Það er ómögulegt að neita því, að ráð, sem skipað er að áhugasómum og ágætum prestum og safnaðarmönnum, geti komið fram ýmsum þörfum og góðum umbótum á sviði kirkjumálanna. Og ekki virðist nein hættu vera á ferðum, þó að þetta ráð kynni að brjóta upp á ýmsum nýmælum. Það myndu jafnan vera nægilega margir þröskuldar á leið slíkra nýmæla.

Eins mætti vænta þess, að ef biskup landsins væri á einhvern hátt atkvæðalitill, sökum áhugaleysis, elli eða sjúkleika, gæti kirkjuráðið orðið til úrbóta. Og duglegur og áhugasamur biskup myndi geta haft margvislegan styrk og „moralískan“ stuðning af kirkjuráðinu, er hann vildi hrinda áfram umbótum, sem mótspyrnu kynnu að mæta annarsstaðar.

Eitt er enn, sem mælir með stofnun slíks ráðs, og í mínum augum hið mikilsverðasta, og það er, að líklegt má teljast, að gegnum það kæmu fram ýmsar kvartanir og vandræðamál, sem menn búa yfir og myndu ella þegja yfir. Kirkjuráðið gæti þannig orðið einskonar málþipa fyrir fólkið, og á þennan hátt mætti lækna ýmsar meinsemdir, áður en þær græfu svo um sig, að það yrði um seinan. Einmitt þetta, að fólkið eigi auðvelt með að láta óánægjuraddir sínar koma opinberlega fram, er í mínum augum aðalkostur hins „demokratiska“ fyrirkomulags, sem annars er fremur losaralegt og formlaust.

Það hefir verið vitnað í synodus undir þessum umræðum. Ég er hræddur um, að fæstir hv. þdm. geri sér grein fyrir, hvað synodus er í raun og veru. Menn halda, að það sé einskonar kirkjuþing, en svo er ekki. Synodus er í rauninni ekki annað en skyldusamkoma presta og prófesta hér í grenndinni til að afgreiða viss mál, og til þess þarf ekki nema nokkrar klukkustundir. En síðustu biskupar og þó einkum sá biskup, sem nú er, hefir blásið lífi í samkomuna og gert hana að einskonar kirkjuþingi, sem staðið hefir í nokkra daga. Synodus er því orðið svipað fundarfélagi, sem að vísu getur rætt málin, en hefir ekki löghelgað vald. Úr þessu mætti e. t. v. bæta með löggjöf, en þó má vel vera, að fullt eins heppilægt sé að fylgja hér hinum enska sið og láta

Alþt. 1931. B. (43. löggjafarþing).

venjuna helga, að ærðir synodusar séu teknar til greina.

Ég tel engan vafa á, að synodus fengi aukin áhrif gegnum kirkjuráð, enda er beinlinis ráð fyrir því gert í frv., að ákvarðanir kirkjuráðs þurfi samþykki synodusar við í vissum tilfellum. Líklegt er, að synodus gæti fengið kirkjuráðið til að bera fram ýmsar tillögur sínar, og væri þeim þá vegur greiðari eftir en áður.

Ég get satt að segja ekki séð annað á móti þessu frv. en kostnað þann, sem af því leiðir og hv. þm. Barð. gerði einkum að umtalsefni. Þó dettur mér ekki í hug að halda, að hér sé um stórfelldan kostnað að ræða.

Hv. þm. Barð. fór ekki rétt með, er hann sagði, að kirkjuráðsmenn ættu að fá kostnað sinn greiddan eftir reikningi. Í frv. stendur, að þeir skuli fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð. Ráðið verður ekki launað. Þótt nokkrir menn komi saman í nokkra daga, ætti ekki að þurfa að leiða af því annan verulegan kostnað en ferðakostnað eins eða tveggja manna, því að mér dettur ekki í hug að ætla eða ætlast til, að kirkjuráðsmenn verði ekki valdir hvar sem er af landinu.

Ég get því ekki séð ástæðu til að neita þessu frv. um samþykki, þar sem það er komið fram samkv. óskum prestastéttarinnar, og margt virðist benda til, að það geti orðið kirkju- og kristnilífi í landinu til þrífnaðar.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ef vel hæfur og duglegur biskup sæti við völd, gæti honum orðið stuðningur í kirkjuráðinu til að hrinda endurbótum í framkvæmd. Þetta er nú alveg undir því komið, hvornig kirkjuráðið er skipað í það og það skiptið. Biskupi gæti eins orðið trafali eins og stoð í slíku ráði. Slíkt fer eftir því, hvort skoðanir biskups og kirkjuráðs falla saman eða ekki.

Hv. frsm. talaði um, að hér þyrfti að koma á „demokratisku“ fyrirkomulagi sem annarsstaðar, þetta væri í samræmi við tíðarandann o. s. frv. Því er ekki að neita, að töluvert ber á þessari stefnu í orði kveðnu hér á landi. En ýmsir, sem líta hlutlaust á gang opinberra mála hér á landi nú á tímum, munu þó álíta, að freklegar sé brotið í bág við „demokrat-

Kirkjuráð.

iskt“ fyrirkomulag en áður hefir tíðkapt, sérstaklega af núverandi stjórn. Ég verð því ekki mjög uppnæmur, þótt talað sé um demokratiskan tíðaranda í sambandi við þetta mál, meðan ég sé sívaxandi einræði í öllum stjórnarathöfnum, sem ekki þekktist einu sinni áður en hinn demokratiski hugsunarháttur greip þjóðina.

Hæstv. dómsmrh. telur frv. vera til stórkostlegra bóta, en kveðst þó ekki vilja leggja nema örlítið í kostnað vegna þess, og í sparnaðarskyni vill hann helst ekki sækja kirkjuráðsmenn út fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. (Dómsmrh.: Ég ræð engu um val mannanna í ráðið.). Mér finnst undarlegt, ef hæstv. ráðh. hefir í raun og veru trú á því, að hér sé um réttarbót að ræða fyrir presta og uppbyggingaratriði fyrir trúarlífið, að hann skuli vera að horfa í, hvort ferðakostnaður verður nokkrum hundruðum kr. meiri eða minni. Ef ég teldi, að hér væri um gagnlegt og þarflegt mál að ræða, myndi ég ekki vilja skera fjárframlög til þess við neglur mér.

Það er líka dálítið kynlegt, að hæstv. dómsmrh., sem hefir sýnt kirkjumálunum þá sérstöku alúð(!) að láta laus prestaköll vera óveitt lengur en nokkur annar ráðherra hefir gert, meðan hann var af tómum kirkjulegum áhuga að velta því fyrir sér, hvernig hag prestakallanna væri bezt borgið(!), skuli nú telja eftir ferðakostnað eins eða tveggja manna frá Norðurlandi eða Austurlandi til Reykjavíkur í kirkjunnar þarfir. Þetta er allt of mikil sparsemi. Afstaða okkar, sem erum á móti frv., byggist á því, að við viljum ekki stofna til kostnaðar við það, sem við teljum hreinan og beinan óþarfa.

Ég vil taka undir það, sem kemur fram í bréfi biskups, að það er ekki löggjöfin eða löggjafarnir, sem hafa úrslitaáhrifin á það, hvernig kristni haldi landsins vegnar. Það strið er að mestu háð á öðrum vettvangi.

Það dylst engum, sem kynnir sér skjöl þau, er lögð voru fram með frv. á síðasta þingi, að biskup og kirkjumálanefnd eru ekki á eitt sátt um þetta mál, þótt öllu sé stillt í hóf. Það kemur fram, að nefndin álitur, að biskup sé á þeirri skoðun, að ráðið sé óþarft, enda dregur hann gagn

af því í vafa. Mér virðist því afstaða okkar hv. þm. Barð. ekki aðeins leyfileg, heldur fyllilega réttmæt.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Ég hefi ekki neitt sérstakt að athuga við ræður þeirra hv. þm. V.-Ísf. og hv. 1. þm. Reykv. Þær voru byggðar á skoðun þeirra á þessu máli, og við því er ekkert að segja. En ég vil sérstaklega beina því til hv. 1. þm. Reykv., að ég álit, að hér sé um einskisvert smáatriði að ræða fyrir prestastéttina, til þess að draga athyglina frá aðalatriðinu, sem er: hækkuð laun. Ég held, að andlegu og líkamlegu lífi þeirra væri betur borgið á þann hátt en með stofnun kirkjuráðs.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Vestm., að kirkjumálaáhugi hæstv. dómsmrh. virðist hafa vaxið mjög upp á síðkastið, þ. e. a. s. ef hugur fylgir máli. (Dómsmrh.: Ef tilgáta hv. þm. Vestm. er rétt, eru það frv., sem eiga að tala fyrir kosningarnar).

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að kirkjuráðið gæti orðið til þess, að fram kæmu kvartanir og vandræðamál, sem ekki kæmu fram ella. Ég er hissa á, að slíkur gáfumaður sem þessi hv. þm. er skuli láta aðra eins endemisvitleysu út úr sér. Heldur hann, að prestar landsins séu þeir heiglar, að þeir liggi á vandræðamálum í söfnuðum sínum og láti þau ekki koma fram í dagsins ljós?

Hv. þm. sagði ennfremur, að núv. biskup hefði blásið nýju lífi í synodus. Má þá ekki búast við, að þetta líf haldist og áhrif synodusar fari vaxandi? Ég er alveg ósamþykkur hv. 1. þm. Reykv. í því, að ráð eins og kirkjuráðið verði hagstæðara fyrir prestastéttina en þeirra eigin þing. En það, sem máli skiptir hér, er það, að þingið má ekki láta villa sér sýn með smáatriðum, heldur stefna beint að því marki að hækka laun presta og bæta kjör þeirra.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta mál kemur launahækkun presta ekki hið minnsta við, og því ætti skoðun hv. þm. Barð. á launamálum ekki að vera því til fyrirstöðu, að hann gæti fylgt þessu frv., nema hann hafi tekið þá afstöðu að greiða ekki öðrum frv. atkvæði sitt á

Kirkjuráð.

þingi en stórum lagabálkum. En fylgi hans við þetta frv. ætti ekki að þurfa að draga úr fylgi hans eða annara við bætt launakjör presta.

Að visu er það rétt, sem hv. þm. Vestm. hafði eftir biskupi, að kristilegt líf í landinu sé ekki komið undir löggjafarvaldinu. Löggjafarvaldið getur sjaldnast breytt innræti manna. En meðan þjóðkirkja er, hlýtur löggjafar- og framkvæmdarvaldið að hlutast til um öll ytri málefni kirkjunnar, guðsþjónustur, kirkjulegar athafnir, helgisíði o. s. frv. Kirkjuráðinu er m. a. ætlað að hafa slík mál með höndum.

Það er satt, að í frv. eru ákvæði, sem ekki hafa annað gildi en það, sem þeir, er sitja í kirkjuráði, gefa þeim. En ég býst við, að hv. 1. þm. Reykv. sé mér sammála um, að valið í ráðið muni vel takast. Flest löggjöf er sett með það fyrir augum, að framkvæmd hennar verði góð og heppileg.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að góður biskup gæti haft mikinn stuðning af kirkjuráðinu. En hv. þm. Vestm. taldi hinsvegar, að það gæti orðið biskupi til trafala. Það, sem hér ber á milli, er hvorki meira né minna en það, hvort einn maður á öllu að ráða eða prestastéttin eigi að fá ihlutunarrétt. Á flestum öðrum sviðum hefir almenningur fengið ihlutunar- og atkvæðisrétt. Ég skal ekki neita því, sem hv. þm. Vestm. sagði, að ágætum og áhugasömum biskupi gæti orðið trafali að kirkjuráðinu, en honum gæti líka orðið trafali að Alþingi og kirkjumálaráðherra. Fyrir þau sker verður ekki synt, en það sannar ekki, að einn útvalinn eigi öllu að ráða.

Hver sá, sem vill, að hinar sömu „demokratisku“ reglur gildi á þessu sviði sem annarsstaðar, greiðir frv. atkv. sitt. Einveldismenn verða því auðvitað andvígir.

Ég vil geta þess, að mér féll ekki að heyra hv. 1. þm. Reykv. kalla frv. þetta ömmufrv., því að kirkjan hefir til þessa verið kölluð móðir okkar, en ekki amma.

ATKVGR.

Fr. samþ. með 15 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 186).

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. visað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 186, n. 296).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er upphaflega samið af mþn. í kirkjumálum, en er flutt af menntmn. hv. Nd. og nokkuð breytt.

Það, sem mun aðallega hafa vakað fyrir mþn., mun hafa verið það, að ráða bót á þeirri deyfð, sem ríkir yfir kirkjulífi hér á landi. Það hefir vist flestum fundi þessi deyfð vera mikil, og hafa menn kennt ýmsu um.

Ýmsir áhugasamir menn innan kirkjunnar hafa fundið til þess, að þörf væri á þingi eða nefnd, sem hefði það verkefni, að ihuga kirkjulega mál og fylgjast með um kirkjulega löggjöf og sameina starfsáhugann innan kirkjunnar. Mþn., sem starfaði skömmu eftir aldamót, lagði til, að stofnað yrði kirkjuþing, sem skipað væri 24 mönnum, en það frv. náði ekki fram að ganga. Síðan hafa komið fram óskir á prestastefnum við og við um að eitthvað yrði gert í þessa átt, og niðurstaðan hefir orðið sú, að kirkjumálan. hefir flutt þetta frv.

Nefndin var á einu máli um, að slíkt kirkjuráð gæti orðið til verulega mikils gagns fyrir kirkjulífið, og leggur því eindregið til, að frv. verði samþ. En jafnframt leyfir hún sér að flytja örlitla brtt. við 4. gr. og væntir þess, að sú till. verði samþ.

Ég hygg, að menn finni ekkert athugavert við það, þótt þinginu sé ætlað að hafa ráðgjafaratkvæði um löggjafarmál kirkjunnar, og stj. verði því að senda því frv. um þessi mál.

Vænti ég þess svo, að hv. d. sjái sér fært að samþ. frv. þetta ásamt brtt. við 4. gr.

Kirkjuráð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 296 samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 316).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 316).

Á 42. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, JÓI, LH, MG, MJ, MT,

SvÓ, ÞorIJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS,

HStef, HJ, JörB.

nei: PO, EJ, HK.

ÓTh, HG, HV greiddu ekki atkv.

Sex þm. (JJós, JS, SE, SÁÓ, TrÞ, BSv) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 352).

Önnur mál.

I. Afgreiðsla þingmála.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, utan dagskrár, mælti

Magnús Torfason: Áður en lengra er komið dagskránni, vil ég leyfa mér að geta þess, að ég á ferð fyrir höndum og mun því ekki eiga sæti hér á þingi næstu viku.

Nú vill svo til, að hér eru nokkur hafnarmál á ferðinni, sem ég býst við, að fari fyrir þingið meðan ég er í burtu. En þar sem ég hinsvegar býst ekki við, að 11. mál (lendingarbætur á Eyrarbakka) verði tekið fyrir án þess að ég sem flm. sé viðstaddur, en þar sem ég enn fremur geri ráð fyrir, að hin málin fari til 3. umr. á meðan ég er í burtu, vil ég leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta og hv. form. n. og frsm. í málinu, að 11. mál á dagskrá fari til 3. umr. í þetta sinn umræðulaust og sé geymt þar til er ég kem aftur að austan. Ástæða mín fyrir þessu er m. a. sú, að ég býst við, að sumir úr hv. n. fari austur í páskafríinu til þess að skoða aðstæður á Eyrarbakka.

Samkv. þessu leyfi ég mér allra þegn-samlegast að fara fram á þetta, sem ég áður gat um.

Forseti (JörB): Ég hefði gjarnan viljað heyra álit form. n. og frsm., áður en ég tek nokkra ákvörðun í þessu efni. Ég óska að heyra frá hv. frsm. (BSv), hvort umr. eigi að hefjast.

Benedikt Sveinsson: Ég hefi nú aldrei heyrt það fyrr, að spurt sé, hvort umr. ættu að hefjast án þess að málið sé tekið fyrir.

Forseti (JörB): Þetta er aðeins þingskapaatriði.

Sveinn Ólafsson: Hv. 2. þm. Árn. vék að því, hvort þetta myndi leyft, sem hann fór fram á, sem sé, að málið gengi umræðulaust til 3. umr. Hann gat þess, að leita þyrfti til n. um samþykki. Það er rétt. En hér eru 3 aðilar, sem málið heyrir undir, frsm. tveggja nefndarhl. og svo form.

Lit ég svo á, að þetta heyri að minnstu leyti undir mitt verksvið sem form., en að meiru leyti undir frsm. nefndarhl. Og vil ég að lokum geta þess, út af ræðu hv. 2. þm. Árn., að ég álit bezt að taka málið út af dagskrá og geyma það, þangað til hann kemur aftur úr austurör.

Benedikt Sveinsson: Ég skil vel afstöðu hv. flm. Hann kvaðst vera að fara úr bæn-um, og óskaði því eftir, að málið yrði afg. til 3. umr. umræðulaust. En sýnt þykir mér, að það muni varla koma fyrir í dag. Og finnst mér því form. n. hafa tekið vel í málið, er hann lagði til, að það yrði tekið af dagskrá og frestað, og ekki tekið á dagskrá fyrr en hv. flm. óskaði eftir því. Og vil ég annars vona, að hv. 2. þm. Árn. hafi næga tryggingu í hæstv. forseta.

Magnús Torfason: Ég skil nú fyrr en skellur í tönnum. Ég þyrfti ekki að fara að biðja flokksmenn mína að taka málið út af dagskrá. En úr því nú að þeir tóku svona dæmalaust vel í mál mitt, þá fell ég frá tilmælum mínum.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, utan dagskrár, mælti

Afgreiðsla þingmála.

Ólafur Thors: Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég tel hann leika mig og mitt frv. (um síldarbræðsluverksmiðju) allhart, með því að setja það svo neðarlega á dagskrá, að það er sýnt, að það kemur ekki til umr. á þessum fundi, ef málin verða tekin fyrir eftir þeirri röð, sem þau eru í á dagskránni. Ég sætti mig ekki við það, að það verði ekki tekið fyrir fyrr en á eftir 5. máli (frv. um búfjárrækt), sem að sjálfsögðu verða miklar umr. um.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhalls-son): Það er orðið samkomulag milli mín og hv. n. um brtt. n. við frv. um búfjárrækt, svo að ég býst ekki við löngum umr. um málið.

Ólafur Thors: Þá er mér sama, ef svo er, þó mitt mál komi á eftir.

Forseti (JörB): Í tilefni af ummælum hv. 2. þm. G.-K. skal ég taka það fram, að ég hefi ætlað að hafa kvöldfund í kvöld, til þess að hægt verði að ljúka dagskrá.

Síðar á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Haraldur Guðmundsson: Þar sem hæstv. forseti hefir lýst yfir því, að fundinum verði frestað til kl. 8½ í kvöld, vil ég leyfa mér að benda hæstv. forseta á það, að þetta er í annað sinn, sem hann frestar fundi til 8½ á mánudagskvöldi, en þar sem það er fastur flokksfundartími hjá Alþýðuflokknum, vænti ég þess, að hæstv. forseti geri breyting á þessari skipan og slíti fundinum. (Margar raddir: Sjálfstæðisflokkurinn hefir einnig flokksfund á þessum tíma).

Forseti (JörB): Þar sem svo virðist, sem þm. sé allnaðugt að sækja fund í kvöld, mun ég láta að ósk hv. þm. Ísaf. og hafa ekki fund í kvöld.

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, að lokinni atkvgr. um frv. um ræktunarsamþykktir, utan dagskrár, mælti

Bernharð Stefánsson: Ég álit atkvgr. þá, sem hér hefir farið fram, hreinasta skripaleik, sem alls ekki ætti að liðast innan vébanda þingsins. Ég veit ekki betur en að til sé í þingsköpum ákvæði, sem forseta er heimilt að beita, þegar tómlæti og kæruleysi hv. þdm. gengur svo úr hófi sem í þessu máli. Ég vil skora á hæstv. forseta að láta slíkt ekki viðgangast lengur. Ég sé enga ástæðu til þess að halda slíku áfram, og mun ekki taka þátt í atkvgr. frammar á þessum fundi, nema öðruvísi skipist um þátttöku hv. þdm. í atkvgr. í þeim málum, sem eftir eru á dagskránni.

Forseti (JörB): Út af orðum hv. 2. bm. Eyf. skal ég taka það fram, að enda þótt beri að taka hart á óþörfum fjarvistum hv. þm., þá hefir þó hingað til ekki verið venja að beita ákvæðum þingskapanna þar að lútandi. Annað mál er það, hvað verða kann, ef hv. þdm. gera sig framvegis seka í alvöruleysi og tómlæti um þingstörf almennt. En hv. 2. þm. Eyf. vil ég segja það, að sízt hæfir honum að ganga af fundi fyrir þessar sakir, þar sem hann hefir nú orðið til þess fyrstur að átelja þetta hátterni þm. og með fullum rétti. Þessi hv. þm. hefir ekki til þessa gengið á undan öðrum hv. þdm. um það að vikja af þingfundum, og er þess að vænta, að hann verði ekki til þess að gefa slíkt fordæmi.

Sigurður Eggerz: Ég vil algerlega mót-mæla því, að ég hafi sýnt alvöruleysi eða tómlæti um þetta mál, hvorki við atkvgr. né aðra meðferð málsins hér í d. Sama hygg ég, að megi segja um marga aðra hv. þdm. Ég tek því alls ekki á móti neinum þvilikum ásökunum, hvorki frá forseta né öðrum; ég þykist ekki hafa til slíks unnið, og vísa umsvifalaust frá mér þesskonar ákúrum.

Jón Auðunn Jónsson: Ég tek eindregið í streng með hv. þm. Dal. hvað mig snertir. Ég hefi tekið þátt í atkvgr. og get því ekki tekið til mín þær ásanir, sem fram hafa komið hér í d. Ég get með góðri samvizku vísað þvilíku frá mér.

Forseti (JörB): Það er einsætt, og ætti ekki að þurfa að taka fram, að þeir hv.

þdm., sem viðstaddir hafa verið atkvgr. og sinnt henni, þurfa ekki að taka til sín þær ávitur, sem fram hafa komið að gefnu tilefni. Vitaskuld er átt við þá hv. þm., sem ekki eru á fundinum og hafa ekki lögleg forföll.

Einar Jónsson: Ég minnst þess nú, að fyrir nokkrum dögum var gert mikið veður út af því, að mig hafði vantað í atkvgr. í einu máli, skattamálinu, og hlaut ég fyrir það mikið ámæli, bæði hjá einstökum hv. þdm., og jafnvel í blöðum, og var það m. a. fundið til, að atkvgr. hefði orðið óljós fyrir þá sök. Mér finnst nú, að menn ættu að geta látið mig í friði framvegis, úr því að svo er nú komið vinnubrögðum deildarinnar, að ekki færri en tíu þm. vantar til atkvgr. Þó að atkvgr. sé óljós að þessu sinni, þá er þar öðrum um að kenna en mér, og ég mun því vísa á þug öllum ásökunum þar að lútandi, sem til mín er beint; ég mun ekki vika af fundi, en vil einungis, að gefnu tilefni, skjóta því til hv. þdm., að þeim hæfir síst að bregða mér um þær ávirðingar, sem þeir sjálfir eru svo þunglega haldnir af sem raun ber nú vitni um.

Jón Sigurðsson: Því hefir verið beint til hv. þdm., að þeir hafi sýnt alvöruleysi í þessu máli. Ég vil ekki við það kannast hvað mig snertir. Ég hefi greitt atkv. í þessu máli, að frátöldu einu einasta tilfelli, þar sem ég gerði fulla grein fyrir, hvers vegna ég greiddi ekki atkv. Ég tel það ósæmilegt að beina slíkum ásökunum til okkar, sem setið höfum fundinn, en ef ekki er átt við okkur, þá á það að koma skýrt fram í upphafi, til þess að fyrirbyggja misskilning.

Magnús Jónsson: Ég stend aðeins upp til þess að spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi átt við þá hv. þdm., sem fjarverandi voru, eða hvort hann hafi meðfram átt við það, hve atkvgr. gekk treglega. Orð hæstv. forseta mátti ef til vill skilja á þann veg. Annars tók ég ekki til mín þær ávitur, sem fram hafa komið í dag, því að ég gerði fulla grein fyrir afstöðu minni og því, hvers vegna ég greiddi ekki atkv. Hinsvegar er það mjög vanalegt, að það standi á þm. við atkvgr., og hefir ekki til þessa verið gert veður

út af slíku. Ef hæstv. forseti hefir átt við þetta, væri æskilegt, að það kæmi skýrt fram.

Forseti (JörB): Ég þóttist ekki hafa talað svo loðið, að ástæða væri fyrir hv. 1. þm. Reykv. að misskilja orð mín. Ég átaldi það fyrst og fremst, hversu margir hv. þdm. voru fjarstaddir við atkvgr. Hitt er vitaskuld satt, að það er mjög æskilegt, að hv. þm. láti ekki standa á sér að segja já eða nei við atkvgr. í deildinni. Og þó að atkvgr. áðan hafi gengið fremur treglega að þessu leyti, þá var ekki átöllum mínum beint að því, heldur hinum óhæfilegu fjarvistum hv. þdm.

Hákon Kristófersson: Það má vel vera, að þessi siðameistari, sem hér er upprisin í deildinni, hv. 2. þm. Eyf., hafi átt við mig, er hann hellti úr skálum vandlættingarinnar yfir þessa hv. d. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hann, hvort hann hafi viljað beina ávítum sínum til mín, af því ég greiddi ekki atkv. í tveim tilfellum áðan. Ég veit ekki til þess, að slíkt hafi nokkru sinni verið vilt áður, þá er menn gera fulla grein fyrir því, hvers vegna þeir greiði ekki atkv. Slíkt hefir viðgengizt í mörg ár og ekki verið að fundið. Ég hefi jafnvel ekki heyrt hv. 2. þm. Eyf. vanda um við hv. þdm. út af þessu áður. Ef hv. þm. hefir hinsvegar átt við þá hv. þdm., sem fjarverandi eru, þá er það vitaskuld öldungis óviðeigandi og óhæfilegt að hafa í frami stóryrði og hótanir og þungar ásakanir í garð þeirra hv. þdm., sem gegnt hafa skyldu sinni og setið þennan fund. Annars þætti mér eftir atvikum sennilegt, að hv. 2. þm. Eyf. gengi annað til en vandlættingarsemin ein. Það væri ef til vill ekki ómögulegt, að það hefði komið við tilfinningar hv. þm., að honum hafi ekki þótt hv. d. taka nógu vel við þessu og öðrum fúlegðum, sem hann, ásamt nokkrum öðrum, er sifellt að klekja út hér í hv. d. Mér er nær að halda, að gremja út af þessu hafi meiru um valdið, að hv. þm. rauk upp áðan með offorsi og stóryrðum.

Bernharð Stefánsson: Ég held, að hv. þm. Barð. hafi sýnt mér helzt til mikla

Afgreiðsla þingmála.

virðing, er hann kallaði mig siðameistara þessarar hv. d. Ég hefi ekki lagt það í vana minn að vanda um við hv. þdm., né vera með aðfinnslur og ásakanir í garð þeirra. Ég þykist geta sagt þetta með góðri samvizku. En hvað þau orð snertir, sem ég lét falla áðan. Þá var það alveg óþarfi af hv. þdm. að taka þau til sín, því að vitaskuld beindi ég ásökunum mínum til þeirra, sem ekki voru viðstaddir atkvgr. En úr því að ég hefi orðið upphafsmaður að þessum umr., og úr því að þær hafa beint í þennan farveg, þá get ég gjarnan gefið nánari skýring á því, hvað fyrir mér vakti. Ég taldi það skripaleik að vera að baxa við atkvgr., þegar d. er svo fáskipuð, að hún getur varla talizt ályktunarfær. (PO: Nú, það er þá hæstv. forseti, sem á þetta allt). Ég áleit, að hæstv. forseti ætti að beita þeim ráðum, sem eru í hans valdi, til þess að fá þm. til þess að sinna þingstörfum, svo sem þeir eru skyldir til. (MG: Hvar er landsstjórnin?). Hv. þm. þarf ekki að spyrja mig um það, því ég veit ekki um það fremur en hann, enda hefi ég ekki það hlutverk að vakta stj., en vel má vera, að hæstv. stj. hafi öðrum störfum að gegna og sé því löglega forfölluð. Hinsvegar skal ég taka það skýrt fram, að ég átti ekki við þá, sem greiddu ekki atkv. af lögmatum ástæðum, því að ég tel það að vissu leyti þátttöku í atkvgr. að gera grein fyrir hlutleysi í atkvgr.

Magnús Jónsson: Það eru aðeins örfá orð út af því, að hæstv. forseti vildi ekki að öllu leyti frikenna okkur, sem ekki greiddum atkv. og gerðum grein fyrir hlutleysi okkar, og gaf í skyn, að það væri óviðfelldið að þurfa að toga atkv. út úr þdm. Það er algengt, að það standi nokkuð á þm. við atkvgr., og þótt nokkrir skorist undan að greiða atkv., þá kemur það ekki að sök, ef d. er fullskipuð. Það, að atkvgr. gekk svo treglega áðan, var því um að kenna, að d. var svo fámenn, að ekkert atkv. mátti missast til þess að d. væri ályktunarfær. Þeir, sem ekki greiddu atkv. og höfðu lögmatar ástæður, gátu ekki látið það koma fram nema við nafnakall. Þess vegna var það eðlilegt, að hæstv. forseti yrði oft að grípa til nafnakalls, til þess að fá löglega

atkvgr. Annars verð ég að telja það alveg óforsvaranlegt alvöruleysi og kæruleysi af hæstv. stj., að enginn ráðherra skuli vera viðstaddur, og auk þess sé ég ekki betur en annan flm. vantí. Því verður þó ekki neitað, að þetta mál er ærið mikilvægt, a. m. k. ef það á að komast í framkvæmd.

Forseti (JörB): Það hefði verið æskilegra að hv. 2. þm. Eyf. hefði þegar í upphafi beint ásökunum sínum til mín, skýrt og skorinort, til þess að spara hv. þdm. að komast á loft út úr þessu máli. En ég vil eindregið mótmæla því, að ég hafi vanrækt fundarstj., né látið undir höfuð leggjast að halda uppi lögskipuðum vinnubrögðum í deildinni. Ég hefi ekki vald til að draga þm. hingað nauðuga, heldur er það undir þm. sjálfum komið, hversu vel þeir sækja þingfundi. Þeim ber að lögum skylda til þess, ef forföll ekki hamla. Ég mótmæli einnig því, að vinnutími sé svo langur í deildinni, að mönnum sé fyrir þá sök vítalaust að vera fjarverandi. Ég tel þm. vorkunnarlaust að sækja þingfundi enn sem komið er, og ég skal hér með lýsa yfir því, að ég mun ekki skirrast við því að halda áfram þingfundum, þótt fámennir séu, þar sem það er öllum vitanlegt, að fjöldi mála er enn skammt á veg kominn, þrátt fyrir það, að mjög er orðið áliðið þings, svo að til fullrar tvisýnu horfir um afdrif ýmsra hinna merkustu mála, sem fyrir þessu þingi liggja, ef ekki verður betur á haldið framvegis en hingað til. Ég vildi svo mega vænta þess, að hv. þdm. láti nú þær væringar niður falla, sem hér hafa risið, sérstaklega þar sem það er nú upplýst, að ásökunum hv. 2. þm. Eyf. var beint að forseta, en ekki að einstökum hv. þdm., og allra sízt þeim, sem þennan fund hafa setið.

Bernharð Stefánsson: Það er mesti misskilningur, að ég hafi viljað deila á hæstv. forseta fyrir fundarstj. hans, heldur átaldi ég hann fyrir það að beita ekki þeim meðulum, sem þingskopia heimila til þess að fá þm. til að sækja þingfundi.

Starfsmenn þingsins. — Símanot þingmanna. — Þingrof.

II. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Svanhildur Ólafsdóttir, Theodóra Thoroddsen, Svanhildur Þorsteinsdóttir.

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæzla:

Ólafía Einarsdóttir, Pétрина Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingssskrifrarar:

Teknir strax: Andrés Eyjólfsson, Lárus H. Blöndal, Gunnar Thoroddsen, Einar E. Sæmundsen, Magnús Ásgeirsson, Sigurður Ólason.

Teknir síðar, jafnóðum og þörf verður á: Björn Sigfússon, Kristinn Sigmundsson, Haraldur Matthíasson, Ásgeir Hjartarson, Guðmundur A. Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Þorvaldur Þórarinsson, Björn Haraldsson, Bjarni Pálsson, Katrín Smári.

Símavarzla:

Ingibjörg Jónsdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Dyra- og pallaverðir:

Arni S. Bjarnason, Ásgeir Eyþórsson, Halldór Þórðarson, Páll Ó. Lárusson, Þorgrímur Jónsson.

Þingsveinar:

Jón Hjálmarsson, Jón Bjarnason, Karl Magnús Ármann, Friðþjófur Óskarsson, Agnar Einarsson.

Ritari fjárveitinganefnda:

Jónas Bjarnason.

III. Símanot þingmanna.

Á deildarfundum 19. febr. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna um Alþt. 1931. B. (43. löggjafarþing).

Þingtímann á kostnað Alþingis skyldu vera sömu takmörkunum bundin sem á undanförunum þingum, þannig að hámarkseyðsla hvers þingmanns fari ekki fram úr 150 kr. alls.

IV. Þingrof.

Á 5. fundi í Sp., 14. apríl, áður en tekið væri til dagskrár, mælti

fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhalls-son): Þar eð borin hefir verið fram í sameinuðu Alþingi vantraustsyfirlýsing til núv. stj., flutt af hálfu Sjálfstæðisflokksins og vafalaust við fylgi alls þess flokks, og hinsvegar er fullvíst og yfirlýst, að Jafnaðarmannaflokkurinn á Alþingi, sem veitt hefir ríkisstj. hlutleysi til þessa þings, hefir nú tekið ákvörðun um að greiða vantraustsyfirlýsingu atkv., þá er það fyrirfram vitað, að vantraustsyfirlýsingin nær samþykki meiri hluta sameinaðs Alþingis —

Þar eð samvinna á viðtækara sviði milli Jafnaðarmannaflokksins og Sjálfstæðisflokksins verður að teljast í fullu ósamræmi við alþingiskosningarnar, er fram fóru 9. júlí 1927 og ákváðu í aðalatriðum skipun núverandi þings —

Þar eð það er þó fram komið, að slík samvinna milli Jafnaðarmannaflokksins og Sjálfstæðisflokksins er þegar hafin, m. a. um það að leiða í lög viðtækar breytingar á kjördæmaskipun landsins —

Þar eð því annarsvegar er yfir lýst í aðalmálgagni Jafnaðarmannaflokksins, að sá flokkur muni hvorki styðja Sjálfstæðisflokkinn til stjórnarmyndunar né veita honum hlutleysi til þess, og af því er ljóst, að þessir tveir flokkar geta nú ekki myndað pólitíska stjórn, og hinsvegar er því yfir lýst af þingmanni úr miðstjórn Sjálfstæðisflokksins á fundi í Nd. Alþingis í gær, að það væri með öllu óráðið, hvað við tæki eftir samþykkt vantraustsyfirlýsingarinnar —

Þar eð telja má fullvíst, að mesta truflun yrði á störfum þingsins vegna samþykktrar vantraustsyfirlýsingar, þannig að málum þingsins yrði aðeins

Þingrof.

fáum lokið, en þingtiminn eigi að síður mundi dragast mjög úr hófi fram, en hinsvegar mætti hafa full not af störfum þessa þings á mörgum sviðum á nýju þingi síðar á árinu —

Þar eð kjörtímabil er nálega liðið og senn liðin fjögur ár, síðan þjóðin hefir haft tækifæri til að láta vilja sinn koma fram við almennar kosningar —

— Þá þykir, að öllu þessu athuguðu, stjórnskipulega rétt og í fyllstu samræmi við reglur í öðrum þingræðislöndum að leita dómsúrskurðar þjóðarinnar með því að áfrýja nú þegar þeim málum, sem milli bera hinna pólitísku flokka, til dómstóls kjósendanna í landinu og efna til nýrra kosninga.

Skal það tekið fram, að frá þessum degi og til kosninganna lítur stjórnin á aðstöðu sína sem stjórnar, er starfar til bráðabirgða. Og undir eins og kunnugt er orðið um úrslit hinna nýju kosninga, mun Alþingi stefnt til nýs fundar í samráði við formenn andstöðuflokkanna.

Í samræmi við allt það, sem nú hefir verið tekið fram, hefi ég af ráðuneytisins hálfu borið fram tillögu um þetta efni við h. h. konunginn.

Í gærkvöldi veitti ég viðtöku símkeyti frá konungsrítara um að konungur samdægurs hefði undirritað bréf, er svo hljóða:

„Vér Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Með því að forsætisráðherra af hálfu ráðuneytis vors þegnlega hefir borið upp fyrir oss tillögu um að rjúfa Alþingi það, sem nú er, og þar sem vér höfum í dag allramildilegast fallt á tillögu þessa, þá bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi það, sem nú er, er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gert á Christiansborg 13. apríl 1931.

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

Tryggvi Þórhallsson.

Opið bréf

um að Alþingi, sem nú er, sé rofið“.

„Vér Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Með því að vér höfum með opnu bréfi, dagsettu í dag, rofið Alþingi, sem nú er, þá er það allramildilegastur vilji vor, að nýjar almennar óhlutbundnar kosningar skuli fara fram 12. júní næstkomandi.

Fyrir því bjóðum vér og skipum svo fyrir, að almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gert á Christiansborg 13. apríl 1931.

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

Tryggvi Þórhallsson.

Opið bréf

um nýjar óhlutbundnar kosningar til Alþingis“.

Samkvæmt þessu lýsi ég því yfir, að þetta Alþingi Íslendinga, sem háð er eitt þúsund og einu ári eftir að hið fyrsta Alþingi var háð að Þingvöllum, er rofið.